allt



BRAGI BALDURSSON

*Föndrar í skúrnum með konunni*

jól • bílar • tíska

Í MIÐJU BLAÐSINS



JÓN SÆMUNDUR AUÐARSON

*Hræðist ekki stuld úti í hinum stóra heimi*

Málar portrett af Tarantino og býður upp á kaffi

FÓLK 74



JAMES BOND KOMINN TIL ÍSLANDS

*Sir Roger Moore í viðtali*

VIÐTAL 62


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. desember 2005 — 327. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Allt um jólahlaðborð



Desember er tími ofgnóttar í mat, drykk, samveru og kærleika. Í blaðinu gefur að líta sýnishorn af aðeins fáeinum valkostum þegar kemur að jólahlaðborðum þetta árið.

MATUR 32

## Meistarinn



Hárgreiðslumeistarann Gulla á Nikk kannast flestir við í sjón. Hér talar hann um óvænt föðurhlutverk, gleðitækna og brostna balletdrauma.

VIÐTAL 26

## Hannesi svarað

Einari Kárasyni þykir umvandanir Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um vönduð vinnubrögð koma úr hörðustu átt.

UMRÆÐAN 12

## Kominn í aðallið Viking



Hinn stórefnilegi leikmaður Birkir Bjarnason er kominn í aðallið norska félagsins Viking aðeins 17 ára gamall. Hann á ekki langt að sækja hæfileikana enda karl faðir hans gamall markaskorari.

ÍÞRÓTTIR 68

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULÍTIÐ Í BORGINNI** Slyddu- eða snjóél á Vestfjörðum og norðvestan til, rigning eða slydda allra austast, annars yfirleitt úrkomulítið. Hiti 2-5 stig sunnan og austan til, annars 0-3 stig en víða frost inn til landsins.








**ÞESSI VAR HEPPINN** Þessi litli hundur var heppinn að Jóna Magnúsdóttir skyldi skjóta yfir hann skjólshúsi eftir að hafa fundið hann á vergangi. Frostið á þeim slóðum fór niður í allt að tíu stig í fyrrinótt og þarf ekki að spyrja að örlögum hans hefði hann hírst við vegkröið þar sem hann fannst.

# Hvolpar bornir út við Hvaleyrarvatn

**Lítill hvolpur fannst glorhungraður skammt frá Hvaleyrarvatni í Hafnarfirði síðdegis í fyrradag. Hundaeftirlitsmaður segist hafa fundið nokkra unga hvolpa á liðnum vikum og mánuðum.**

**DÝRAHALD** Hvolpar hafa bornir út og fundist á vergangi við Hvaleyrarvatn undanfarnar vikur og mánuði að sögn Jóns Sigurðssonar, hundaeftirlitsmanni í Hafnarfirði.

Ung hestakona, Jóna Magnúsdóttir, fann lítinn bjargarlausan hvolp við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði í fyrradag. Jóna kveðst hafa verið á ferð með hóp útlendinga á þessum slóðum þegar hún tók eftir því að dýr skaust upp úr holu við veginn. Þegar nánar var að gáð reyndist vera um lítinn hvolp að ræða, sem haldið hafði til við enda svers rörs sem liggur undir veginn.

„Ég tók hvolpinn í fangið og reið með hann heim,“ segir Jóna. „hann var glorsoltinn, svo ég fór með hann á dýraspítalann í Garðabæ. Það er talið að hann sé átta vikna gamall.“

Jóna hafði samband við lögreglu, hundaeftirlitsmann og gerði sins á dýraspítalanum. Hvergi jafnframt grein fyrir fundi hvolphafði verið grennslast fyrir um hann. Hún tók hann því heim til sín í fyrrakvöld þar sem hann var í góðu yfirlæti yfir nóttina og í gær. Hún segir eins gott að hún hafi fundið hann því í nótt sem leið hafi frostið á þeim slóðum sem hún fann hann farið niður í um 10 stig.

Jón kveðst ekki hafa tölu yfir hversu margir hvolpar hafi verið skyldir eftir. Síðast hafi hann fundið um tveggja mánaða hvolp fyrir um það þremur vikum, sem að vísu hafi verið í byggð en þvælst þar um vegalaus. Enginn hafi spurt eftir honum, svo honum hafi verið ráðstafað á gott heimili.

„Við geymum hvolpa sem svona er ástatt fyrir í sjö daga,“ segir Jón. „Eftir það reynum við að koma þeim á góð heimili.“

Spurður hvort hafi þurft að aflífa hvolpa sem hafi fundist með þessum hætti segir hann það hafa komið fyrir, hafi þeir ekki gengið heimili. Hann segir hvolpana hafa verið svanga, en engan þó svo illa farinn að þurft hafi að aflífa hann af þeim sökum.

„Hundum hefur fjölgað mjög á því svæði, sem ég hef eftirlit með,“ segir Jón. „Ég vil nota tækifærið og höfða til fólks um að það axli þá ábyrgð sem fylgir því að eiga gæludýr. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að nokkur láti sér detta í hug að bera út nokkurra vikna hvolp, né losa sig við hund með þeim hætti að skilja hann einhvers staðar eftir. Slíkt athæfi er aldrei réttlætanlegt.“ jss@frettabladid.is

Mistök á Landspítalanum við meðgöngu og fæðingu barns árið 1993:

# Ríkið borgi yfir 24 milljónir

**DÓMSMÁL** Hjónum og tólf ára gömlum fjölfötluðum syni þeirra hafa verið dæmdar rúmlega 24,2 milljónir króna í bætur, auk vaxta, vegna mistaka starfsfólks Landspítalans á meðgöngu og við fæðingu drengsins. Málið var höfðað árið 2002 á hendur ríkinu, en því var einnig gert að greiða þrjár milljónir í málskostnað.

Heildarkrafa fólksins hljóðaði hins vegar upp á rúmar 70 milljónir króna.

Drengurinn varð fyrir alvarlegum súrefnisskorti á meðgöngunni og er varanlega þroskaheftur og alvarlega heyrnarskertur. Mat dómsins er að fötlun piltsins megi rekja til ófullnægjandi meðhöndlunar, eftirlits og viðbragða starfsfólks spítalans við meðgöngu og fæðingu hans.




**FÆÐINGARDEILD LHS** Í dómi Héraðsdóms frá því í gær er bent á fjögur atriði sem fóru aflaga á meðgöngu pilts sem dæmdar voru bætur vegna skaða sem hann hlaut.

Ríkinu var gert að greiða piltinum rúmlega 18,2 milljónir króna í bætur, en þá hefur verið tekið tillit til rúmlega 7,1 milljónar krónu greiðslu Tryggingastofnunar sem kom til frádráttar heildarbótunum.

Móður piltsins voru dæmdar 5 milljónir króna vegna tekjutaps sem hún hefur orðið fyrir vegna umönnunar drengsins og svo var foreldrum hans dæmd ein milljón króna vegna útlagðs kostnaðar, þar með talið vegna talkennslu og talmáls- og iðjuþjálfunar. - óká

Ungir Íslendingar:

# Fjárnám án árangurs eykst

**FJÁRNÁM** Árangurslaust fjárnám í eignum fólks undir þrítugu, er þrjátíu prósentum algengara nú en það var árið 2001. Þetta kom fram í svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Flestar árangurslausar tilraunir til fjárnáms eru gerðar hjá þrítugum einstaklingum, en þær voru 635 á umræddum fimm árum. Það sem af er þessu ári hafa verið gerðar 1.106 árangurslausar tilraunir til fjárnáms hjá aldurshópnum fimmtán til þrjátíu ára. - saj

Dagblaðið Le Figaro:

# Fangaflugvél kom frá Íslandi

**FANGAFLUG** Í það minnsta tvær flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA eru taldar hafa komið við í Frakklandi, önnur eftir millilendingu á Íslandi, eftir því sem franska dagblaðið Le Figaro hermir.

Að sögn blaðsins millilenti vélin í Keflavík áður en hún flaug áleiðis til Frakklands með fanga frá Mið-Austurlöndum innanborðs í mars 2002, en þaðan hélt hún svo til Tyrklands.

Hin vélin lenti á flugvellinum í Brest í júlí á þessu ári, eftir að hafa haft viðkomu í Ósló. ■



**TVÍHÖFÐI** Marghöfða skjaldbökur eru sjaldséð sjón og eru þær að mati náttúruverndarsinna til marks um mengun og óáran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvenjulegur fundur:

# Sæskjaldbaka með tvö höfuð

**KOSTA-RÍKA, AP** Tvíhöfða skjaldbaka kom úr eggi á Kyrrahafsströnd Kosta-Ríku í síðasta mánuði.

Systkinin Melvin og Olger Chavarria komu auga á skepnuna á dögunum þar sem hún stakk báðum hausunum upp úr sjónum til að anda. Þau segjast aldrei hafa séð annað eins á þeim fimmtíu árum sem þau hafa fylgst með sæskjaldbökum á svæðinu.

Talsmaður umhverfisverndar-samtakanna World Wildlife Fund á svæðinu segir mengun sjávar eða breytingar á loftslagi hugsanlegar skýringar á vansköpuninni. ■



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur Ómar, hafa þeir fengið greitt með gúmmítékkum?*

„Já, maður gæti haldið það. Að minnsta kosti að hluta virðast þeir hafa fengið greitt með gúmmítékkum.“

Guðmundur Ómar Guðmundsson, formaður Félags byggingarmanna í Eyjafirði, segir að tvö fyrirtæki á Akureyri greiði tékkneskum starfsmönnum lægri laun en lögbundnir lágmarkstaxtar kveði á um.

Hæstirettur sker ekki úr um það hver sé réttur saksóknari í Baugsmáli:

# Ógildir úrskurð engu að síður

**BAUGSMÁL** Hæstiréttur felldi í gær úr gildi þann úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur að Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, væri ekki bær til þess að fara með ákæruvald í þeim hluta málsins sem enn er rekinn fyrir dómstólum.

Verjendur í Baugsmálinu settu ekki fram neinar kröfur en Sigurður Tómas, settur saksóknari, vildi úrskurð réttarins um það hvort hann væri bær og hæfur til að saksækja í málinu.

Hæstiréttur telur sig ekki geta dæmt um kröfur Sigurðar og bendir á að hafi hann skort vald til þess að fara með málið þegar það var tekið fyrir í héraðsdómi 16. nóvember verði að líta svo á að enginn hafi mætt þann daginn í dómþingið fyrir hönd ákæruvaldsins. Því sé sjálfgert að fella úrskurðinn úr gild.



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON

Bogi Nilsson ríkissaksóknari staðfesti í bréfi til dómsmálaráðherra 24. nóvember að hann hefði sagt sig frá öllu málinu. Í kjölfar þess ítrekaði dómsmálaráðherra að Sigurður væri settur yfir ákæruliðina alla.

Fari svo að Sigurður teljist réttur sækjandi í Baugsmálinu munu verjendur sakborninga krefjast úrskurðar dómstóla um hæfi Björns Bjarnasonar til þess að setja Sigurð. **- jh**

Lögreglan á Suðurnesjum:

## Fann bæði hass og vopn

**LÖGREGLA** Tvö fíkniefnamál komu upp í umdæmi Keflavíkurlögreglunnar aðfaranótt föstudags. Skömmu fyrir klukkan tvö vaknaði um það grunur hjá lögreglumönnum við eftirlit á skemmtistað í Keflavík að einn gesta staðarins hefði á sér fíkniefni. Við leit á honum fannst hassbútur sem lögregla lagði hald á.

Á fjórða tímanum gerðu lögreglumenn svo leit að fíkniefnum í heimahúsi í Njarðvík. Þar fundust 48 grömm af hassi og einnig rafstuðsbyssa. Þá voru um nóttina höfð afskipti af ökumanni bifreiðar í Keflavík sem grunaður var um að aka undir áhrifum áfengis. **- óká**

Umferðareftirlit í desember:

## Meiri áhersla á ölvunarakstur

**LÖGREGLA** Líkt og undanfarin ár leggur lögregla í Reykjavík aukna áherslu á eftirlit með ölvunarakstri í desember.

Lögreglan segir reynslu undanfarinna ára vera þá að í desember freistist fleiri ökumenn til að aka undir áhrifum áfengis.

„Ökumenn mega búast við að verða stöðvaðir á öllum tímum sólarhringsins,“ segir á lögregluvefnum og bent á að fyrsta sólarhring mánaðarins hafi sjötíu ökumenn verið stöðvaðir, látnir blása og ástand þeirra kannað. Einn reyndist ölvaður og einhverjir með útrunnin ökuréttindi.

Lögreglan segist senda skýr skilaboð um að neysla áfengis og akstur fari aldrei saman. „Ökumenn eru beðnir að hafa þetta í huga og þeim óskað góðs gengis í umferðinni,“ segir Reykjavíkurlögreglan. **- óká**

# Síðasta vaxtahækkun skilaði sér að fullu

**Verðbólguhorfur eru ekki nógu góðar og tilkynnti Seðlabankinn hækkun stýrivaxta í gær. Varð það minni hækkun en greiningaraðilar gerðu ráð fyrir.**

**EFNAHAGSMÁL** „Enn eru verðbólguhorfur ekki nógu góðar. Bankastjórnin hefur því ákveðið að hækka stýrivexti bankans um 0,25 prósentur,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í gær, þegar hann kynnti forsendur vaxtaákvörðunar bankans í fyrsta skipti eftir að hann tók við stöðu seðlabankastjóra. Þetta þýðir að stýrivextir Seðlabankans verða 10,5 prósent. Mun það væntanlega leiða til þess að vextir af skammtímaskuldum landsmanna sem og langtímaskuldum með breytilegum vöxtum hækki fljótlega sem þessu nemur.

Þetta er ekki eins mikil hækkun vaxta eins og greiningadeildir bankanna höfðu spáð. Í september hækkaði Seðlabankinn vexti um 0,75 prósent og sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson, þáverandi Seðlabankastjóri, að skilaboðin væru skýr. Ætlunin væri að standa við verðbólgumarkið um 2,5 prósent verðbólgu.



**DAVÍÐ ODDSSON TILKYNNIR HÆKKUN STÝRIVAXTA** Davíð sagði að horfur væru á að það dragi úr verðbólgu á næstu mánuðum. Húsnæðisverð þyrfti að lækka og gengi krónunnar að haldast tiltölulega hátt og stöðugt.

Aðspurður hvort þetta væri nógu mikil vaxtahækkun og hvort trúverðugleika Seðlabankans væri stefnt í voða sagði Davíð svo ekki vera. Síðasta hækkun hefði skilað tilætluðum árangri í fyrsta skipti frá því að Seðlabankinn hóf að hækka vexti í maí 2004. Í kjölfarið hækkuðu útlánavextir banka, sparisjóða og Íbúðalánasjóðs, en hækkun fasteignaverðs hefði verið mikill drifkraftur verðbólgu undanfarið.

Þá sagði Davíð að ákveðið hefði verið að fjölga formlegum vaxtaákvörðunardögum úr fjórum í sex. Seðlabankinn myndi endurskoða stöðuna 26. janúar næstkomandi og taka nýja ákvörðun um hvort hækka ætti vexti. Bankinn gæti þó breytt vöxtum hvenær sem er en þyrfti að rökstyðja ákvörðun sína sex sínum á ári.

Meginmarkmið Seðlabankans er að halda aftur af verðbólgu. Skal hún vera sem næst 2,5 prósentum á ársgrundvelli. Miðað við óbreytta vexti og gengi krónunnar eru horfur á að verðbólgan verði 3,1 prósent eftir eitt ár samkvæmt spá Seðlabankans. Greiningardeildir bankanna gera þó ráð fyrir meiri verðbólgu og að gengi krónunnar falli á næsta ári. Þá geta innfluttar vörur hækkað og aukið þrýsting á verðbólguna. Þetta er óvissuþáttur sem getur haft mikil áhrif á þróun mála næstu mánuðina. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er því líklegt að vextir fari enn hærra á næsta ári.

bjorgvin@frettabladid.is

**HVERNIG VIRKA STÝRIVEXTIR?**

Seðlabankinn framkvæmir peningastefnuna einkum með því að stýra vöxtum á peningamarkaði, fyrst og fremst í gegnum ávöxtun í viðskiptum sínum við lánastofnanir. Hækkun stýrivaxta Seðlabankans veldur undir eðlilegum kringumstæðum hækkun vaxta á sparnaði, skammtímaskuldum sem og langtímaskuldum með breytilegum vöxtum. Í mjög einföldu máli má segja að þegar vextir hækka er orðið hagstæðara fyrir fólkið í landinu að spara og dýrara að eyða. Þetta á að slá á eftirspurn í hagkerfinu og draga úr verðbólgu.



**LJÓSBERI ÁRSINS 2005** Thelma Ásdísardóttir valin Ljósberi ársins í gær.

Ljósberi ársins valinn:

## Thelma valin Ljósberi ársins

**LJÓSBERINN** Thelma Ásdísardóttir var í gær útnefnd Ljósberi ársins 2005 af Stígamótum. Dómnefndin segir að Thelma sé útnefnd vegna þess að hún hafi með ógleymanlegum hætti snert streng í þjóðarsálinni þegar hún kynnti átakanleg uppvaxtarár sín. Með þessu gefi hún öðrum styrk til þess að takast á við óhugnað og eyðingu við sjúkar uppeldisaðstæður.

Þetta er í fjórða sinn sem Ljósberi ársins er valinn en viðurkenningunni er ætlað að koma af stað umræðu sem styrkir dómgreind og siðvit þjóðarinnar. **- saj**

Sprengjuárás í Falluja:

## Bandarískir hermenn dóu

**WASHINGTON, AP** Tíu hermenn í landgönguliði bandaríska flotans biðu bana í sprengjuárás nærri írösku borginni Falluja í fyrradag. Ellefu félagar þeirra særðust. Þetta er mannskæðasta árás sem Bandaríkjamenn hafa orðið fyrir í landinu um alllangt skeið.

Í tilkynningu frá Bandaríkjaher í gær kom fram að landgönguliðarnir hefðu verið fótgangandi á vegi skammt fyrir utan borgina þegar heimatilbúin sprengja, búin til úr fallbyssuskotum, sprakk í vegkanti. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**


ORÐABÓK FRAMTÍÐARINNAR
SVO MIKLU MEIRA EN HEFÐBUNDIN ORÐABÓK

1 SÆTI
METSÖLULISTI EYMUNDSSON aðallisti 30. nóv.

Yfirgripsmesta verk sem út hefur komið um íslenska málnotkun.




Rafræn útgáfa á geisladiski fylgir bókinni
Bókin er yfir 1600 bls. í stóru broti.


Frágangur við nýju Hringbrautina í Reykjavík á lokasprettinum:

# Gróðursett á aðventunni

**FRAMKVÆMDIR** Kapp er lagt á að ljúka frágangi við nýju Hringbrautina og hluta Miklubrautar og er stefnt að því að allt verði fínt og flott fyrir jól.

Meðal annars hefur verið tyrft og gróðursett og kann einhverjum að þykja undarlegt að slík verk séu unnin á þessum árstíma. Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkur, segir haustið ágætan tíma til gróðursetningar en vissulega ráði tíðin þar nokkru um. „Bæði þarf að vera hægt að ná plöntunum upp í gróðrarstöðinni og setja þær niður og tíðin að undanförnu hefur nú verið alveg á mörkunum. Menn hafa þó rótað vel í öllu og því hefur ekki náð að frjósa almennilega í þessu,“ segir Þórólfur og telur líklegt að trén laufgi í vor.

„Við gerum talsvert af því að gróðursetja á haustin því þá er tíminn rýmri en á vorin,“ segir Þórólfur.

Hann veit ekki hversu mörgum plöntum verður plantað við nýju Hringbrautina en telur þær hlaupa á þúsundum. **- bþs**



**PLANTAÐ Á JÓLAAÐVENTUNNI** Nokkur þúsund plöntur fara niður meðfram Hringbrautinni og hluta gömlu Miklubrautar þar sem myndin var tekin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vodafone live!

Hringitónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun

# GÓÐA SKEMMTUN

*Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga*



**26.900 kr.**
NOKIA 6230i
*Vodafone live! SÍMI*

*Vodafone live! SÍMI*
**14.900 kr.**
NOKIA 6020

*Vodafone live! SÍMI*
**19.900 kr.**
NOKIA 6101

*Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.*

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30004 12/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 2.12.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,51 | 63,81 |
| Sterlingspund | GBP | 109,76 | 110,3 |
| Evra | EUR | 74,33 | 74,75 |
| Dönsk króna | DKK | 9,973 | 10,031 |
| Norsk króna | NOK | 9,38 | 9,436 |
| Sænsk króna | SEK | 7,883 | 7,929 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5258 | 0,5288 |
| SDR | XDR | 90,12 | 90,66 |

*Gengisvísitala krónunnar*

105,105

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Uppboði Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Ísland:

# Yfir 90 milljónir söfnuðust

**UPPBOÐ** Yfir níutíu milljónir króna söfnuðust á uppboði sem styrktaraðilar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, UNICEF, stóðu fyrir í fyrrakvöld. Ágóðinn rennur til verkefna UNICEF í Gíneu-Bissá, sem lúta að uppbyggingu 50 skóla í landinu.

Á uppboðinu bauðst gestum meðal annars að kaupa sér einkatónleika með Cortes-feðgunum, Garðari og Garðari Thor. Einnig var hægt að borga fyrir að fá að vera veðurfréttamaður á fréttastofu NFS í einn dag.

„Það var alveg ótrúlegt hvað safnaðist af peningum þarna og magnað hve fólk var rausnarlegt,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, fulltrúi UNICEF á Íslandi. „Þetta verkefni mun stuðla að því að veita 24 þúsund börnum aðgang að menntun,“ segir Stefán.

Sir Roger Moore flutti hátíðarræðu við þetta tilefni og vakti hún talsverða athygli og hreyfði mikið við mannskapnum að sögn Stefáns. Moore talaði meðal annars um hvernig Audrey Hepburn hefði fyrst komið honum í kynni við UNICEF og að ekki hefði verið aftur snúið eftir það. Einnig sagði hann frá atvikum úr ferðum sínum sem velgjörðarsendiherra UNICEF og hvernig reynsla hans í því hlutverki hefði breytt lífi hans. **- saj**



**STEFÁN INGI STEFÁNSSON HJÁ UNICEF** Stefán segir það ótrúlegt hve rausnarlegt fólk hafi verið en yfir níutíu milljónir söfnuðust á uppboði til styrktar UNICEF í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefán Hjaltested Ófeigsson:

## Hreinsaður af vísindavefnum

**VÍSINDAVEFUR** Svör Stefáns H. Ófeigssonar geimverkfræðings hafa verið fjarlægð af Vísindavef Háskóla Íslands.

Virðist þetta hafa verið gert í kjölfar þess að Stefán var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir hrottalega nauðgun þar sem hann er talinn hafa beitt svefnlyfi á fórnarlamb sitt. Fyrir þessar sakir hefur Stefán verið nefndur svefnnauðgarinn.

Þetta kemur fram á Wikipedia-vefnum. Ekki náðist í Þorstein Vilhjálmsson, vefstjóra Vísindavefsins, en hann er erlendis. **- saj**



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Landbúnaðarráðherra þambar mjólk frá Mjólku.

Mjólka hefur starfsemi:

## Tímamót í mjólkuriðnaði

**MJÓLKURIÐNAÐUR** Fyrirtækið Mjólka tók formlega í notkun nýja mjólkurstöð í gær.

Það var Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sem tók við fyrstu framleiðslu stöðvarinnar, fetaosti, sem ber heitið Léttfeti. Tilkoma Mjólku inn á mjólkurmarkaðinn markar nokkur tímamót því í fyrsta sinn, síðan Thor Jensen hætti mjólkurframleiðslu á Korpúlfsstöðum á fyrri hluta síðustu aldar, er hægt að kaupa mjólkurafurðir sem eru framleiddar án ríkisstyrkja. **- sk**

Harmleikur á heræfingu:

## Finnskur hermaður deyr

**FINNLAND, AP** Tvítugur hermaður dó og sex félagar hans særðust á heræfingu í norðanverðu Finnlandi í gær. Slysið átti sér stað er verið var að æfa notkun á handheldum sprengjuvörpum.

„Ein sprengjuvarpan sprakk og varð einum manni að bana og særði hina,“ sagði Aki Sihvonen liðþjálfi. Hann sagðist ekki vilja geta sér til um hvað valdið hefði sprengingunni en sagði ítarlega rannsókn í gangi.

Þetta var síðasti dagur heræfingarinnar og til stóð að mennirnir sjö lykju herþjónustu um áramótin. **- aa**

# Ríkisstjórnin áttaði sig ekki á alvörunni

**Sænsk stjórnvöld eru gagnrýnd harkalega vegna seinagangs í hjálparstarfi vegna flóðbylgjunnar í Indlandshafi síðustu jól. Afsagnar nokkurra ráðherra er krafist. Forsætisráðherrann hefur beðist afsökunar en hyggst ekki segja af sér.**

**SVÍÞJÓÐ** Skorað er á Göran Persson forsætisráðherra, Lailu Freivalds utanríkisráðherra, Ylvu Johansson öldrunarráðherra auk fimm háttsettra embættismanna í utanríkisráðuneytinu að segja af sér þegar í stað fyrir stórfelld afglöp í starfi en viðbrögð þeirra við flóðbylgjunni í Indlandshafi um síðustu jól þóttu svifasein og ófullnægjandi. Yfir 500 Svíar fórust í hamförunum.

Háværar gagnrýnisraddir fóru af stað eftir að eftir að kynntar voru harðorðar niðurstöður skýrslu um viðbrögð sænska stjórnkerfisins við hamförunum. Ráðherrar og embættismenn voru í jólafríi eins og stór hluti heimsbyggðarinnar þegar flóðið átt sér stað. Þeir fylgdust lítið með fréttum, gerðu sér enga grein fyrir alvarleika málsins og aðhöfðust lítið sem ekkert fyrr en mörgum dögum eftir harmleikinn í stað þess að mæta strax til vinnu og skipuleggja viðbrögð og hjálparstarf.

Fjölmargir sænskir fjölmiðlar birtu leiðara um málið í gær og þar kom fram gríðarleg reiði vegna lélegrar framgöngu stjórnvalda. Gagnrýnin er talin ein sú allra harkalegasta sem heyrst hefur, nánast ruddaleg, og að ráðamönnum svíði verulega undan henni. Forsætisráðherrann hefur beðist afsökunar en hann hyggst ekki segja af sér og ætlar heldur ekki að krefjast afsagnar annarra. „Ef einhver ætti að taka pokann sinn þá er það ég,“ sagði hann við Aftonbladet. Þrír embættismenn hafa verið fluttir í önnur og, að því er talið er, betri störf.



**GÖRAN PERSSON** Sofandaháttur sænskra stjórnvalda eftir flóðbylgjuna í Indlandshafi í fyrra er harðlega gagnrýndur þessa dagana. Krafist er afsagnar þriggja ráðherra, þar á meðal forsætisráðherrans Göran Persson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

Vantraustsyfirlýsing er í undirbúningi og verður borin fram ef enginn segir af sér eða verður rekinn.

Ferns konar gagnrýni kemur fram í skýrslunni: Í sænska stjórnarráðið vantaði sérstaka deild sem sæi um viðbrögð við slíkum náttúruhamförum, vöktun utanríkisráðuneytisins á ferðum Svía erlendis var í lamasessi, heilsugæslan var ekki viðbúin því að sinna verkefnum erlendis og ræðisskrifstofur höfðu ekki tök á að takast á við svona hamfarir.

Ekki brugðust þó allir í sænska stjórnkerfinu. Í skýrslunni er þremur embættismönnum hrósað sérstaklega fyrir að átta sig strax á alvöru málsins. Þeir mættu þegar í stað til vinnu á jólunum um leið og þeir höfðu heyrt fréttirnar og kölluðu svo aðra starfsmenn til vinnu til að koma hjálparstarfinu í gang. **ghs@frettabladid.is**



**Á BÆN** Þessir kjósendur í bænum Al Mansoura báðust fyrir áður en þeir greiddu atkvæði á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Egypsku þingkosningarnar:

## Bræðralaginu vegnaði illa

**KAÍRÓ, AP** Bráðabirgðaniðurstöður úr lokaumferð egypsku þingkosninganna sem fram fóru í fyrradag benda til þess að frambjóðendum Bræðralagsins múslima hafi gengið illa.

Kosið var um síðustu 136 þingsætin af 454 og fékk enginn frambjóðandi bræðralagsins hreinan meirihluta atkvæða í kjördæmum sínum. Þrjátíu og fimm þeirra komust hins vegar í aðra umferð kosninganna sem fram fara á miðvikudag.

Úrslitin þýða engu að síður að stjórnarflokkur Mubaraks forseta hefur fengið þá tvo þriðju hluta atkvæða sem duga til að gera breytingar á stjórnarskrá Egyptalands. ■

### SVISS

**Hundar drepa dreng** Sex ára gamall drengur beið bana í bænum Oberglatt í fyrradag þegar þrír varðhundar réðust á hann. Drengurinn var á leið á dagheimili þegar hundarnir komu skyndilega hlaupandi og réðust á hann á meðan sjónarvottar stóðu hjálparvana hjá. Hundarnir voru af tegundinni pittbull-terrier og hefur þeim verið lógað.

### VESTMANNAEYJAR

**Íbúum fækkar í Eyjum** Íbúum í Vestmannaeyjum heldur áfram að fækka. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar hefur íbúum fækkað um tólf á síðastliðnu ári. Fréttavefurinn sunnlenska.is greinir frá þessu.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HANN ER AÐ HLÝNA**

Reyndar fyrst og fremst um austan og suðaustanvert landið en það dregur úr mesta kuldanum víðast annars staðar. Þetta er hægfara þróun og heldur áfram eitthvað fram í næstu viku ef fer sem horfir. Rétt að vekja athygli á hvössum vindstreng undan Vestfjörðum sem gæti teygt sig á ystu annes.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Fremur stíf norðanátt. Lægir í kvöld. Skýjað. Hiti nálægt frostmarki.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 11°C alskýjað | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Osló | 1°C alskýjað | Berlín | 2°C hálfskýjað | Mílano | 9°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C léttskýjað | Frankfurt | 7°C alskýjað | New York | 5°C léttskýjað |
| Helsinki | 2°C léttskýjað | Madríd | 12°C léttskýjað | San Francisco | 13°C léttskýjað |
| London | 11°C léttskýjað | Barcelona | 15°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 23°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Jólagjafahandbók Kringlunnar er komin út!

# Jólastemning um helgina

*Nýtt kortatímabil!*

SKEMMTUN Á JÓLASVIÐI COCA COLA




**Jólaleikur Kringlunnar**

**Þú getur unnið ársafnot af Mitsubishi Colt!**

Auk þess fríar tryggingar og bensín.
Festu kassakvittun úr Kringlunni við þátttökuseðil,
skrifaðu nafn og símanúmer og settu í lukkupottinn á 1. hæð.

HEKLA ÓB ódýrt bensín SJÓVÁ

*Lifandi jazz í göngugötu og jólasveinarnir verða á ferðinni alla helgina!*

*Laugardagur*

| | |
|---|---|
| 12:00 & 14:00 | Strákahljómsveitin SPARK tekur nokkur lög |
| 15:00 | Nylon og Heiða syngja jólalög |
| 17:00 | Hljómsveitin Kung Fu spilar |

*Sunnudagur*

| | |
|---|---|
| 14:00 | Strákahljómsveitin SPARK tekur lagið |
| 15:00 | Nylon og Heiða syngja jólalög |

Kringlan ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir og Kringlubíó** hafa opið lengur á kvöldin

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Fíton/SÍA F1015386



## KJÖRKASSINN

*Sendirðu SMS-skilaboð daglega?*

| | |
|---|---|
| Já | 32% |
| Nei | 68% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er nauðsynlegt að bæta kjör öryrkja?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Skiptar skoðanir um dauðarefsingar í kjölfar tveggja sögulegra aftaka í gær:

# Sá þúsundasti tekinn af lífi í gær

**SINGAPÚR, AP** Aftökur á áströlskum heróínsmyglara í Singapúr og bandarískum morðingja í gær hafa vakið upp viðbrögð, bæði jákvæð og neikvæð.

Rétt fyrir dögun í gær, að singapúrskum tíma, var Nguyen Tuong Van, 25 ára Ástrali af víetnömsku bergi brotnu, hengdur í fangelsi í borgríkinu en hann var gripinn þar með 396 grömm af heróíni árið 2002.

Nokkrum klukkutímum síðar var Kenneth Lee Boyd gefin eitursprauta í fangelsi í Raleigh í Norður-Karólínu. Boyd myrti eiginkonu sína og tengdaföður árið 2002. Hann varð þar með þúsundasti fanginn sem tekinn er af lífi í Bandaríkjunum eftir að dauðarefsing var tekin þar upp á ný árið 1976.

Fyrrgreinda málið hefur valdið mikilli spennu á milli Ástrala og Singapúra og í vikunni sagði John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, að málið gæti skaðað samskipti þeirra. Syed Hamid Albar, utanríkisráðherra Malasíu, kom hins vegar nágrönnum sínum til varnar í gær og sagði að lögum hefði einungis verið framfylgt.

Bandarískir embættismenn sögðu að réttlætinu hefði verið fullnægt með aftöku Boyds en baráttumenn fyrir afnámi dauðarefsinga kváðust vonast til að dauði hans yrði til að slíkar refsingar yrðu aflagðar. **- shg**



**AFTÖKUNNI MÓTMÆLT** Baráttumenn fyrir afnámi dauðarefsinga mótmæltu aftöku Kenneths Lee Boyd fyrir utan fangelsið í Raleigh í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


# GÆFUNA Í JÓLAPAKKANN!




Bók sem líkt hefur verið við Alkemistann og Litla prinsinn.

## Njóttu velgengni í einkalífi og starfi!

Hrífandi ævintýri um það að tilviljanakennd heppni varir stutt en gæfuna getur maður skapað sjálfur og hún er eilíf.

Ógleymanleg bók sem kemur nú út í yfir 70 löndum.

★★★★★ – amazon.co.uk

Veröld BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - VER 30483 12/2005




**FRAMKVÆMDIR VIÐ ÁLVER ALCOA Á REYÐARFIRÐI** Álverið mun skapa allt að því 900 ný störf á Austurlandi samkvæmt nýrri skýrslu. Eru það átján prósentum fleiri störf en ráð var fyrir gert.

# Fleiri kvennastörf skapast fyrir austan

**Samkvæmt nýrri skýrslu mun álver Alcoa í Reyðarfirði skapa fleiri afleidd störf en áður var talið. Stór hluti þeirra starfa mun falla konum í skaut. Fram til ársins 2008 er þörf á 600 nýjum íbúðum á Mið-Austurlandi.**

**ÁLVERSFRAMKVÆMDIR** Ný skýrsla um íbúafjölda og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi fram til ársins 2008 gefur tilefni til að ætla að störf sem til verða á Austurlandi í tengslum við álver Alcoa í Reyðarfirði verði fleiri en áður var áætlað. Samkvæmt skýrslunni mun álverið skapa allt að 882 ný störf, beint og óbeint, en í fyrri skýrslum hefur verið gengið út frá að álverið skapi í heildina um 750 ný störf. Munurinn er tæplega 18 prósent og felst í því að skýrsluhöfundar gera ráð fyrir að afleidd störf vegna álversins verði fleiri en áður var gert ráð fyrir.

Skýrslan var kynnt á blaðamannafundi á Akureyri í gær en hún er fyrsta skýrslan af mörgum sem væntanlegar eru á næstu árum í tengslum við ítarlega rannsókn á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi.

Rannsóknin hófst í fyrra og lýkur síðla árs 2009 en að henni standa Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Byggðastofnun, Byggðarannsóknarstofnun Íslands og Þróunarfélag Austurlands. Kostnaður við rannsóknina í heild verður 64 milljónir króna og mun Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið greiða ríflega helminginn af kostnaðinum.



**JÓN ÞORVALDUR HEIÐARSSON** Í skýrslu um íbúafjölda og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi kemur fram að vegna álversins í Reyðarfirði mun Austfirðingum fjölga um allt að 2.330 en ella hefði þeim fækkað um 530 á árabilinu 2002 til 2008.

Jón Þorvaldur Heiðarsson, hagfræðingur hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, er aðalhöfundur að skýrslunni sem kynnt var í gær og segir hann að sér hafi komið á óvart hversu mörg af nýju störfunum muni falla konum í skaut. „Því hefur oft verið haldið fram að álverið muni aðallega skapa karlastörf en samkvæmt okkar útreikningum er það ekki rétt. Það er yfirlýst stefna Alcoa að allt að helmingur starfsmanna álversins verði konur og gangi það eftir munu konur sinna um 70 prósent af þeim nýju störfum sem til verða á Austurlandi í tengslum við álverið,“ segir Jón Þorvaldur.

Árið 2003 voru byggðar 30 nýjar íbúðir á Austurlandi, 150 í fyrra og í ár verða byggðar 350 íbúðir. Skýrsluhöfundar telja að þessi mikla aukning nái þó engan vegin að svara eftirspurn eftir íbúðahúsnæði og þeir telja að fram til ársins 2008 þurfi að byggja að minnsta kosti 600 nýjar íbúðir til viðbótar ¿ flestar á Egilsstöðum og Reyðarfirði. **kk@frettabladid.is**

Starfshópur skilar úttekt vegna kennaraverkfallsins:

# Forystan brást kennurum

**KJARAMÁL** Í niðurstöðum starfshóps, sem Fræðsluráð Reykjavíkur skipaði vegna kennaraverkfallsins 2004, kemur fram að „forysta kennara hafi brugðist skyldum sínum við mótun kröfugerðar og stillt fram kröfugerð sem var til þess fallin að draga viðræður á langinn og skaða samningaferlið.“ Ólafur Loftsson, formaður félags grunnskólakennara, er ekki sammála því að kennaraforystan hafi brugðist sínu fólki. „Það er engin ástæða til að elta ólar við sumt af því sem þarna kemur fram“ segir Ólafur.

Í niðurstöðum starfshópsins kemur fram að sú ákvörðun Kennarssambands Íslands að bíðja um frest á kjaraviðræðum vegna sumarfría starfsmanna samninganefndar kennarasambandsins lýsi forystuleysi og skorti á samningsumboði. Ólafur gefur ekki mikið fyrir þessa fullyrðingu. „Þessi fullyrðing er röng, menn voru sammála um að gera þetta á þessum tíma,“ segir hann.

Í skýrslunni kemur líka fram að starfshópurinn telur sig ekki hafa forsendur til að gagnrýna undirbúning Launanefndar sveitarfélaganna eða starf hennar á meðan á viðræðuferlinu stóð. **- sk**



**GRUNNSKÓLANEMAR AÐ LEIK** Forysta Kennarasambands Íslands er gagnrýnd í úttekt starfshóps Fræðsluráðs Reykjavíkur.

Tilvalin jólagjöf



**Morgunverðarsett**
**Russel Hobbs**, gjafasett
1820003
**6.990**

# Er allt klárt fyrir jólin?

## Baðinnréttingar



**18.900**

**45 sm, glansandi**
innrétting með speglaskáp
1001510

**85 sm, hvít**
innrétting m/spegli og ljósi
1001500

Blöndunartæki fylgja ekki
**29.900**



Jólaljós
í úrvali
ótrúleg
verð



**Blandari**
**Bomann Estate**, m/glerkönnu
1840829
**3.490**



**Verkfærasett**
100 stk., tilvalið fyrir öll heimili
5052766
**1.395**




**Nýtt**
**Húsasmiðjublað er komið út**
Stútfullt af ótrúlegum tilboðum

## Ótrúlegt úrval útisería



**2.495**
verð frá

# Harðir pakkar um jólin!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvers vegna var Ástralinn Nguyen Truon Van tekinn af lífi í Singapúr?

2 Hvað heitir eiginkona Rogers Moore?

3 Hvaða liði mætir KA í dag í Evrópukeppninni í handbolta?

SVÖRIN ERU Á BLS. 74

Frakkar græða nýtt andlit á manneskju í fyrsta sinn:

# Fyrsta orð sjúklingsins var „takk“

**FRAKKLAND, AP** Fyrstu orðin sem konan sem gekkst undir fyrstu andlitsflutningsaðgerðina sem reynd hefur verið sagði voru „takk fyrir“. Frá þessu greindu franskir skurðlæknar á blaðamannafundi í Lyon í gær. Aðgerðina framkvæmdu þeir á sjúkrahúsi í Amiens í Norður-Frakklandi síðastliðinn sunnudag.

Dr. Bernard Devauchelle sagði að sjúklingurinn hefði komist til meðvitundar sólarhring eftir aðgerðina, en í henni var nef, munnur og haka grætt í einu lagi á konuna, sem hundur hafði limlest í framan. Andlitshlutinn var skorinn af heiladauðri konu, en aðstandendur hennar höfðu fallist á það.

„Sjúklingurinn var vaknaður eftir réttan sólarhring og, bendandi á barkaslönguna, sagði fyrsta orðið: merci,“ sagði Devauchelle. Á bak við hann var varpað upp á skjá mynd af þeim andlitshluta sem græddur var á. Konan sem gekkst undir aðgerðina vill ekki að nafn hennar komi fram. Hún er 38 ára fráskilin móðir tveggja dætra á unglingsaldri.

Frá því aðgerðin var gerð hefur hún getað borðað jarðarber og súkkulaði og drukkið kaffi og safa, að sögn læknanna. - aa



**AÐGERÐIN SKÝRÐ** Frá blaðamannafundinum í Lyon í gær. MYND/AP

Mengun í Reykjavík:

## Svifryk yfir mörkum

**MENGUN** Svifryk mældist í gær yfir umhverfismörkum í Reykjavík, að því er fram kemur hjá Mengunarvörnum Umhverfissviðs.

Búist er við áframhaldandi stilltu veðri og því er útlit fyrir að magn svifryks í andrúmslofti verði áfram yfir umhverfismörkum.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar vekur athygli á að hyggilegt er, fyrir þá sem eru með viðkvæm öndunarfæri, að halda sig fjarri fjölförnum umferðargötum. Svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin. - jss

Samfylkingin í Hafnarfirði:

## Lúðvík leiðir

**STJÓRNMÁL** Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, mun leiða lista Samfylkingarinnar í bæjarstjórnarkosningum í vor.

Þetta var samþykkt á félagsfundi Samfylkingarinnar. Í öðru sæti verður Ellý Erlingsdóttir bæjarfulltrúi og í því þriðja Guðmundur Rúnar Árnason bæjarfulltrúi. - aöe

Verðkönnun ASÍ á bökunarvörum:

## Allt að 50% munur

**VERÐKÖNNUN** Bónus var oftast með lægsta verðið í verðkönnun Alþýðusambands Íslands á bökunarvörum og jólakökum í ellefu verslunum sem gerð var í gær.

Reyndist mest vera 62 prósenta verðmunur á hæsta og lægsta verði vörukörfu með tíu algengum vörum til baksturs og í yfir helmingi tilfella reyndist vera yfir 50 prósenta verðmunur á jólakökum. Var verslun 10/11 oftast með hæsta verð í báðum flokkum. ■



**LEIÐAKERFI KYNNIR NÝJA KERFIÐ** Björk Vilhelmsdóttir, formaður stjórnar Strætó bs., þegar nýja leiðakerfið var kynnt á Hlemmi á dögunum. Nú ræðir stjórn fyrirtækisins umtalsverðar breytingar á því.

# Strætó bætir við leiðum

**Stjórn Strætó bs. ræðir nú róttækar breytingar á nýja leiðakerfinu. Þær felast meðal annars í því að bæta við þremur nýjum leiðum.**

**SAMGÖNGUR** Stjórn Strætó bs. ræðir nú leiðir til úrbóta á leiðakerfinu, að sögn Bjarkar Vilhelmsdóttur formanns stjórnar Strætó. Breytingarnar munu taka gildi í febrúar ef um semst, en þær fela meðal annars í sér að bætt verður við þremur nýjum leiðum, tveimur í Reykjavík og einni í Kópavogi og öðrum leiðum verður breytt.

„Þetta er unnið með tilliti til fjárhagsáætlunar og kostnaðarskiptingar milli sveitarfélaganna,“ segir Björk. „Reykjavík er að fara fram á töluvert meiri þjónustu og er tilbúin til að greiða fyrir það. Við teljum, að með þeim hugmyndum sem stjórnin fjallar nú um sé verið að koma til móts við stóran hluta þeirra ábendinga sem við höfum fengið vegna nýja leiðakerfisins.“

Björk segir að leiðirnar sem unnið verði með tengist Efra-Breiðholti, Mjódd og Suðurlandsbraut. Einnig Norð- Austurhverfunum við Bústaðaveg og Hlemm, Nýbýlavegi og Hamraborg í Kópavogi, Hamrahverfi í Reykjavík, svo og Hamrahlíð. Í athugun sé að tengja Grafarholtið við Hlemm.

„Við teljum að orðið geti mjög góð sátt um þetta,“ segir Björk og bætir við að nú sé unnið að því að fjármagna breytingarnar. Ekki sé ljóst hversu mikill kostnaðurinn verði, en ljóst sé að viðkomandi sveitarfélög þurfi að bæta inn í rekstur Strætó bs.

Að sögn Harðar Gíslasonar, aðstoðarframkvæmdastjóra Strætó bs., hefur farþegum Strætó fækkað um 6-8 prósent milli ára miðað við fyrstu tíu mánuðina 2004 og 2005.

„Í sjálfu sér kemur þessi fækkun okkur ekkert á óvart allra fyrsta kastið,“ segir Hörður. „Þetta var gífurleg aðgerð, að leggja gamla leiðakerfinu og taka upp nýtt. Menn hafa rætt hvort þetta samanburðartímabil væri ekki of stutt, hvort það þyrfti ekki að vera 18 eða jafnvel 24 mánuðir. Það liggur hins vegar á borðinu að samdrátturinn í farþegafjölda hefur aukist núna. Einkabílasalan hefur þar vafalaust áhrif, því hún hefur aldrei verið meiri en nú. Þegar hefur dregið úr henni hefur orðið aukning hjá Strætó. Það er greinilega langtímaferli í gangi og við tengjum það við einkabílinn.“

jss@frettabladid.is

### FJÖLDI FARÞEGA STRÆTÓ Á ÁRI




PORSCHE
Notaður lúxusbíll
PORSCHE
Cayenne S
Vel með farin
Ameríku týpa
- Nýskráður 9.2003
- Ekinn 39 þús.
- Titanium metalic litur
- Tiptronic 6 þrepa sjálfskipting
- Bose hljómkerfi
- Cruise Control
- Sóllúga
- Dráttarbeisli
Verð kr. 5.490.000,-



Bílabúð Benna
Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590-2000 - www.benni.is

„Eini rithöfundurinn sem þorir“
SIRKUS
„Þrælspennandi og vel fléttuð glæpasaga.“
Jón Yngvi / KASTLJÓS
„... æsispennandi og leiftrandi fyndin.“
Edda Jóhannsdóttir / DV
„Bráðskemmtilegur samtímakrimmi.“
Páll Baldvin Baldvinsson / DV
„Mögnuð bók! Hélt mér límdum við síðurnar.“
Sigurður G. Tómasson / NFS
„Sjóðheitur krimmi.“
Jakob Bjarnar Grétarsson / DV
JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is




ÖNNUR PRENTUN ER KOMIN
„Þrælfín spennusaga sem heldur athyglinni óskertri allan tímann.“
Guðríður Haraldsdóttir / VIKAN




NÝTT KORTATÍMABIL

## Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Herrann: Blaserjakki 13.500 kr., skyrta 2.590 kr., bindi 3.590 kr., Esprit buxur 8.990 kr. Daman: Slá 5.990 kr., hattur 2.490 kr. hanskar 1.690 kr., Esprit stígvél 2.990 kr. Aðrir munir: Jólasokkur 1.590 kr., jólakúlur stórar 599 kr., jólakúlur í boxi 1.690 kr., knöll 1.590 kr., jólasveinn 899 kr., gólfskál úr gleri 4.990 kr., bangsar 1.690 kr., Hamleys flugvélar – 2 saman 990 kr., strætó 699 kr., 5 bílar í kassa 3.490 kr., trommubjörn 2.990 kr., Jelly bean sælgæti 1.990 kr., enskar jólasmákökur 2.690 kr., rauðir pottar frá 3.290 kr., pókerspilaborð 4.990 kr., pókerspilapeningar 1590 kr., rauð kerti 799 kr., súkkulaðiplötur í bleikum kassa 1.790 kr., tekanna 1.990 kr., hvítar krúsir 390 kr., bakkaborð 2.990 kr., Esprit barnastígvél 2.490 kr.

DEBENHAMS
SMÁRALIND



**AFMÆLI Í UNDIRBÚNINGI** Lífvörður Taílandskonungs bjó sig í gær undir tvöfalt afmæli sem haldið verður hátíðlegt á mánudaginn. Þá verður Bhumibol Adulyadej konungur 78 ára en jafnframt eru 59 ár liðin frá krýningu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun Skotveiðifélags Íslands á rjúpnaveiði:

# Veiðimenn gættu hófs

**RJÚPNAVEIÐI** „Það er alveg ljóst að siðbótin hefur borið árangur,“ segir Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands. Í gær voru kynntar niðurstöður úr könnun á rjúpnaveiði í haust.

„Í ljós kom að menn hafa veitt um 15 til 16 rjúpur að meðaltali og það er mjög í takt við það sem við lögðum upp með. Þetta þýðir það að veiddar hafa verið um 75 til 76 þúsund rjúpur og það er mjög gott,“ segir Sigmar.

Reyndar má enn finna öfgar í þessum efnum því sá sem veiddi mest á einum degi skaut 52 rjúpur þann daginn og sá sem veiddi mest yfir veiðitímann skaut alls 68 fugla. „Þetta eru algjör einsdæmi, flestir eru með sex til tólf rjúpur,“ segir formaðurinn.

Einnig kom fram í könnuninni að hver rjúpnaveiðimaður fór þrjá og hálfan dag að meðaltali til veiða en sá sem fór oftast fór ellefu daga. Einnig kom fram að einungis 3 prósent veiðimanna keyptu veiðileyfi á friðlöndum og metur Sigmar það því sem svo að þéttbýlisfólk hafi gott aðgengi að veiðilöndum. Hann áætlar að stofninn sé um 700 til 900 þúsund rjúpur sem þýði það að hann sé í lægð en í uppsveiflu.

- jse



**SIGMAR B. HAUKSSON OG SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐADÓTTIR** Umhverfisráðherra opnar hér nýjan vef Skotveiðifélags Íslands og formaðurinn fylgist með. Hann kynnti svo niðurstöður könnunar sem félagið gerði.

Furðuástand í gólfefnabúð:

# Jólasveinn í þjófnaðarhug

**NOREGUR** Jólasveinn í ránshugleiðingum kom óvænt í heimsókn í gólfefnabúð í Þrándheimi í Noregi nýlega. Eigandi verslunarinnar hafði lagt sig í bakherbergi verslunarinnar en var vaknaður og sat á nærbuxunum við tölvuna þegar sveinki birtist allt í einu.

Báðir urðu hræddir, verslunarmaðurinn og jólasveinninn, en sveinki þó sýnu meira því hann sneri sér við og hljóp út. Eigandinn velti fyrir sér að elta þennan óboðna gest en að sögn Dagbladet hætti hann við þar sem hann taldi eftirför karlmanns á nærbuxunum á eftir jólasveini myndi vekja óþarflega mikla athygli. ■








**HÁSKÓLATORGIÐ** Svona mun Háskólatorg líta út eftir tvö ár nema tillögur hugvísindamanna verði til þess að hönnun verði breytt.

Samningar um Háskólatorg undirritaðir:

# Nýtt torg verður tilbúið eftir ár

**SKIPULAGSMÁL** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Gunnar Sverrisson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka, undirrituðu í fyrradag samning um hönnun og byggingu Háskólatorgs.

Við það tækifæri afhenti Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, rúmar þrettán milljónir króna sem er fyrsta greiðsla samningsins. Starfsemi Félagsstofnunar er ein af þeim sem flytja munu í Háskólatorgið.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu eru hugvísindamenn afar ósáttir við hönnun torgsins. Starfsemi hugvísindadeildar fer að mestu fram í Árnagarði og Nýja garði en torgið mun ekki tengjast þeim byggingum heldur koma sem múr á milli þeirra. Að sögn Óskars Einarssonar, skrifstofustjóra deildarinnar, hefur háskólaráð samþykkt að láta arkitekta endurskoða hönnunina með gagnrýni hugvísindamanna í huga.

Framkvæmdir við torgið eiga svo að hefjast í apríl á næsta ári og að það verði svo tilbúið fyrir 1. desember 2007.

- jse






Forsætisráðherra Dana vill fleiri störf fyrir útlendinga:

# Fleiri innflytjendur í opinber störf

**DANMÖRK** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, vill að fjögur prósent ríkisstarfsmanna í landinu verði af erlendu bergi brotin. Þetta er tillaga ríkisstjórnarinnar um breytingar á þriggja ára gamalli áætlun um aukna atvinnuþátttöku innflytjenda. Allir stærstu stjórnmálaflokkar landsins stóðu að átakinu sem nú er í endurskoðun.

Á landsþingi Venstre, flokks Rasmussen, um síðustu helgi áminnti hann fyrirtæki í landinu fyrir að ráða ekki nógu marga innflytjendur. En á fundi með blaðamönnum í fyrradag viðurkenndi hann að ríkið væri eftirbátur einkageirans í þessum málum. Nú eru þrjú prósent starfsmanna í einkageiranum af erlendu bergi brotin, sem er helmingi hærra hlutfall en hjá ríkinu.

Í Politiken í gær er haft eftir ráðherranum að hann vilji að innflytjendum bjóðist fleiri tækifæri í atvinnulífinu, enda segir hann að þær sögur gerist sífellt háværari að útlendingar njóti ekki sannmælis þegar þeir sæki um störf í Danmörku.

- ks




**ANDERS FOGH RASMUSSEN** Telur að útlendingar njóti ekki sannmælis þegar þeir sækja um störf.




# Helgarsprengja!





SPARIÐ 3.000

SPARIÐ 20.000

ÁÐUR ALLT SETTIÐ 99.900,-

**79.900,-**

**WILMA SÓFASETT**
Fallegt, súkkulaðibrúnt sófasett með grófum saumum. Núna á frábæru helgartilboði. Einnig fæst stóll í sömu línu, áður **29.900,-** nú aðeins **19.900,-**

STÆRÐ 90 X 200 SM ÁÐUR 19.900,-

**16.900,-**

| | |
|---|---|
| 120x200 sm | **24.900,-** |
| 140x200 sm | **29.900,-** |

Bonell · Miðlungs · Dönsk gæðaframleiðsla

**PLUS B10 BOXDÝNA**
Góð miðlungsstíf dýna með tvöföldu gormalagi og fallega vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Innifalið í verði er 5 sm þykk yfirdýna.



SPARIÐ 1.990

SÆNG + KODDI ÁÐUR 6.980.-

**4.990,-**

**THERMO SÆNG OG KODDI**
Frábært jólatilboð! Keyptu sæng og fáðu kodda með í kaupbæti að verðmæti **1.990,-**
Stærð 140x200 sm. Koddi 50x70 sm.



ÁÐUR 1.990.-

**1.490,-**

**MATARSTELL GULL/SILFUR**
Mjög fallegt, hvítt 20 hluta matarsett. Fæst með silfurrönd eða gylltri rönd.



ALLT SETTIÐ:

**990,-**

**JÓLALEGT GLASASETT - snjókarlalína**
Fallegt og jólalegt glasasett sem inniheldur eina stóra og góða könnu ásamt 6 snjókarlaglösum.



**1.990,-**

**STEIKARPOTTUR**
Stór og góður steikarpottur með grind og loki. Nauðsynlegur undir hátíðarsteikina!



**990,-**

**DÝR SEM SYNGJA OG DANSA**
Margar gerðir af flottum dýrum sem syngja gamla slagara og dansa með. Frábær jólagjöf!



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 2.490.-

**1.290,-**

**„SILVEX" LÚXUS HEILSUKODDI**
Góður koddi sem tryggir að höfuðið liggi rétt. Fullkominn stuðningur við hnakkann. Frábær jólagjöf á fínu verði!




VERÐ FRÁ:

**129,-**

**INNI- OG ÚTISERÍUR**
Mikið úrval af jólaseríum til að nota inni og úti. Komdu og gerðu góð kaup!



**GRENILENGJA**
Lengd 2,7 metrar. Gott verð.



2,7 MTR.

**399,-**



**690,-**

**JÓLAPAPPÍRSASKJA**
Allt til að skreyta pakkann. 4 rúllur með 2,5 mtr pappír, 2 hnyklar af 10 mtr. krull-uböndum og 7 pakkaskrautsdúllur.



VERÐ PR. MTR.

**139,-**

**LJÓSASLÖNGUR**
Gullfallegar slöngur til að skreyta húsið með bæði að innan sem utan. Nokkrir litir.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Ríki og sveitarfélög verða að standa sig gagnvart erlendum starfsmönnum.

## Þrælahald hér á landi

Varla hefur liðið sú vika undanfarna mánuði að ekki birtist fréttir um slæm kjör og aðbúnað erlendra starfsmanna hér á landi. Þetta var aðallega bundið við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun fyrir nokkrum mánuðum og þá voru það einkum portúgalskir verkamenn og iðnaðarmenn sem umræðan snérist um. Nú berast þessar fréttir víða að af landinu og eru ekki endilega bundnar við stórframkvæmdir, heldur ekki síður við alls konar húsbyggingar í því mikla þensluástandi sem hér ríkir. Í sumum tilfellum virðist sem hér sé um hálfgert þrælahald að ræða.

*Það er lágmarkskrafa að þeir sem flytja þetta fólk hingað til lands standi við gerða samninga, ekki síst vegna þess að í flestum tilfellum virðist ekki vera um há laun að ræða sem þetta fólk fær.*

Það stangast að vísu nokkuð á hverju vinnuveitendur þessara manna halda fram og hinir erlendu starfsmenn, en alltént virðist ljóst að það er maðkur í mysunni, sem við Íslendingar getum ekki verið þekktir fyrir. Á sama tíma og okkar er getið á alþjóðavettvangi hvað eftir annað í hópi tekjuhæstu og efnuðustu þjóða heims virðist sem við séum að nýta okkur fátækt og örbirgð verkafólks í fjarlægum löndum sem býr í mörgum tilfellum við ömurleg kjör og leitar hingað til að sjá sér og sínum farborða. Hingað er þetta fólk fengið með gylliboðum á mælikvarða heimalandanna, en svo reynast þessi gylliboð meira og minna vera svik við þetta fátæka fólk. Lágmarkslaun hér geta í mörgum tilfellum verið há miðað við það sem gengur og gerist í þeim löndum þar sem þetta fólk býr, en það er engin afsökun. Það er lágmarkskrafa að þeir sem flytja þetta fólk hingað til lands standi við gerða samninga, ekki síst vegna þess að í flestum tilfellum virðist ekki vera um há laun að ræða sem þetta fólk fær. Vinna þess er svo kannski seld út á mun hærri upphæð og mismunurinn rennur þá í vasa þeirra sem flytja fólkið hingað eða þeirra sem hafa það í vinnu.

Í okkar litla þjóðfélagi ætti að vera hægur vandi að fylgjast með þessum málum, þar sem allir vita allt um alla eins og sagt er. Verkalýðshreyfingin hefur tekið góðar rispur í þessum málum og meira að segja sett á laggirnar sérstakar eftirlitssveitir til að hafa uppi á erlendum starfsmönnum sem eru hér annað hvort án tilskilinna leyfa eða búa við kjör og aðstæður sem ekki eru boðleg í okkar þjóðfélagi. Það ætti reyndar ekki að vera verkefni verkalýðshreyfingarinnar að sjá um að þetta sé í lagi, heldur einhverra opinberra stofnana sem til þess eru bærar. Hvað með Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun eða þá sveitarfélögin og stofnanir og nefndir á vegum þeirra um land allt og lögregluna? Eru það ekki frekar þessir opinberu aðilar sem eiga að sjá til þess hver í sínu umdæmi að þar sé allt með sóma og sann eins og segir einhvers staðar? Verkalýðsfélögin gætu svo komið athugasemdum sínum á framfæri við þessar stofnanir eftir því sem tilefni gæfist á hverjum stað. Bæði stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga þurfa þá líka að vera í stakk búnar til að taka að sér þessi verkefni, en á það virðist hafa skort í ýmsum tilvikum. Miklum umsvifum fylgja gjarnan breytingar á ýmsum sviðum og þeim verða stjórnvöld að mæta.

Komum í veg fyrir að við fáum á okkur þrælahaldsstimpil!

Jól í betri stofunni




EJS
Það er til lausn á öllu
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000
HANTAREX
fyrir betri stofuna

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fimm í eina**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir því að fimm stofnanir á sviði íslenskra fræða verði sameinaðar í eina sem heita skal Stofnun íslenskra fræða - Árnastofnun. Þetta eru núverandi Árnastofnun, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordal, Íslensk málstöð og Örnefnastofnun. Hugmyndin með þessu er göfug; að „efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða auk þess að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingu íslenskri menningu," eins og segir í frumvarpinu.



**Starfslokatilboð**

Hagræðing er líka á dagskrá. „Þá er gert ráð fyrir því að margvíslegt hagræði verði af því að sameina vissa þætti í starfsemi þessara stofnana, einkum á sviði stjórnunar, tækni og þjónustu." Tekið er fram að þótt starfsmenn stofnananna haldi störfum sínum eftir sameininguna verði störf forstöðumanna þeirra lögð niður. Sumir eru að vísu prófessorar við Háskólann og halda þeim embættum. „Öllum fráfarandi forstöðumönnum skulu boðin rannsóknarstörf við Stofnun íslenskra fræða - Árnastofnun og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrrra starfi," segir í frumvarpinu. Ekki amalegt starfslokatilboð fyrir það mæta fólk Véstein Ólason, Guðrúnu Kvaran, Úlfar Bragason, Ara Pál Kristinsson og Svavar Sigmundsson.

**Nýr forstöðumaður**

Óljóst er hvort fyrir ráðherranum vakir að fá utanaðkomandi aðila til að stjórna hinni nýju stofnun. Það er raunar ekki alveg á valdi ráðherrans því frumvarpið gerir ráð fyrir því að staðan verði auglýst og forstöðumaður hafi hæfi prófessors á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar. Við það er miðað að nýr forstöðumaður taki til starfa ekki síðar en haustið 2006. Á kaffistofum háskólans veðja margir á að Vésteinn Ólason hreppi hnossið og er talið að ekki spilli fyrir fjölskyldutengsl hans við ráðuneytisstjórann í menntamálaráðuneytinu, Guðmund Árnason.

gm@frettabladid.is

## Fjölskyldan og ríkið

Í DAG
FJÖLSKYLDAN



SVERRIR JAKOBSSON

*Væri kannski tilraunarinnar virði að breyta íslenskum hjúskaparlögum á þann veg að öll hjúskaparform verði leyfð?*

Enginn vafi er á því að það þykir fínt að vera frjálslyndur á Íslandi. Enda þótt aðeins einn stjórnmálaflokkur kenni sig beinlínis við frjálslyndið þá keppast hinir við að auglýsa að þeir séu líka afar frjálslyndir og keppast einnig við það að draga fram í dagsljósið vísbendingar um frjálslyndisskort keppinautanna. Það er sko aldeilis ekki í tísku á Íslandi að styðja „boð og bönn", en öðru máli gegnir auðvitað um „almennar leikreglur" (sem er rósamál yfir nokkurn veginn hið sama).

Að hluta til er þessi metingur frekar heilbrigður. Hann hefur m.a. leitt til þess að núna liggur frumvarp fyrir alþingi, sem virðist njóta almenns stuðnings, um að breyta 1. grein hjúskaparlaga þar sem kemur fram að þau gildi „um hjúskap karls og konu". Framvegis geta tveir karlar gengið í hjúskap, eða tvær konur. Þessi tiltekna gerð af mismunun fólks verður þar með afnumin. Sú breyting er að mínu mati til mikilla bóta, enda er hér einfaldlega verið að laga lögin að veruleikanum. Fjölskylduformið er fyrir löngu orðið fjölbreyttara en lög gerðu ráð fyrir.

Á hinn bóginn má velta því fyrir sér til hvers þessi lög eru yfirhöfuð. Hvers vegna þarf ríkið að setja lög um það hvað telst vera fjölskylda og hvað ekki? Af hverju þarf að lögvernda tiltekin sambúðarform en banna önnur? Fyrirhugaðar breytingar á hjúskaparlögum eru til bóta, en væri ekki enn meiri framför fólgin í því að afnema öll hjúskaparlög?

Flestir Íslendingar sem orðnir eru rosknir að árum kannast við bandarísku söngvamyndina *Paint Your Wagon*. Þetta var vestri sem skartaði harðjöxlunum Clint Eastwood og Lee Marvin í aðalhlutverkunum. Flétta hans er í stuttu máli sú að þeir félagar komast í kynni við mormóna sem reynist eiga fleiri en eina eiginkonu. Báðir keppa þeir um ástir sömu konunnar og sem sannir jafnréttissinnar komast þeir að lokum að þeirri niðurstöðu að kona hljóti að mega eiga tvo eða fleiri eiginmenn, alveg eins og karlmaður tvær eða fleiri eiginkonur. Konan sem þeir eltast við (leikin af Jean Seberg) eignast því tvo eiginmenn.

Nú er ekki víst að margar íslenskar konur langi til að eiga tvo kalla. Ansi margar kjósa beinlínis að eiga engan. En ef einhverja skyldi nú langa til þess að eiga fleiri en einn (svo maður tali ekki um ef töffarar eins og þeir Clint og Lee væru á hverju strái) þá er það bannað. Ríkið bannar konum að eiga fleiri en einn kall. Hið sama gildir auðvitað um karlmenn, en þeir eiga þó að vísu þann kost að flytja til lands þar sem slíkt er leyft (t.d. Sádí-Arabíu).

Hér er því ekki um misrétti að ræða, hvað þá jafn forneskjulegt og það að miða hjúskap bara við karl og konu. En samt getur maður ekki varist þeirri hugsun að fá knýjandi rök séu fyrir slíkum takmörkunum á hjúskap. Ekki finnst mér að það sé mikill réttur brotinn á mér þótt náunginn eigi jafn marga maka og honum sýnist. Þannig að ég á erfitt með að sjá hvaða hagsmuni er verið að verja. Getur það virkilega verið eini tilgangur laga að stuðla að íhaldssemi í fjölskyldumálum?

Á Íslandi eru hjónaskilnaðir bæði heimilaðir og tíðir. Mörg börn kynnast því að eignast fleiri en eina mömmu og/eða pabba á lífsleiðinni. Þetta höfum við leyft í okkar samfélagi og lagað okkur að nýjum veruleika. Hins vegar er börnum bannað með lögum að eiga marga pabba eða mömmur á sama heimili. Eru einhver sérstök rök fyrir því? Eða á bara allt að vera bannað sem ekki er knýjandi ástæða til að leyfa?

Væri kannski tilraunarinnar virði að breyta íslenskum hjúskaparlögum á þann veg að öll hjúskaparform verði leyfð? Að hver einasti hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili teljist vera fjölskylda, óháð því nákvæmlega hversu margir einstaklingar skipi hópinn eða hver kynjasamsetningin sé?

Grundvöllur hjúskapar ætti að fyrst og fremst að vera gagnkvæmt samþykki lögráða einstaklinga, hverjir og hversu margir sem þeir annars eru. Samþykki ríkisins ætti ekki að vera nauðsynleg forsenda.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið




Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


NÓA
Konfekt
Ljúfir jólatónar og himneskt konfekt
Hátíðarútgáfa í tilefni 85 ára afmælis Nóa Síríusar
Hátíðarkonfektkassanum fylgir nýr jólageisladiskur með Sigríði Beinteinsdóttur og fleiri frábærum listamönnum sem flytja gullfalleg jólalög. Þorvaldur Bjarni útsetur lögin.
Listamenn:
Sigríður Beinteinsdóttir, Andrea Gylfadóttir, Björgvin Halldórsson, Helgi Björnsson, Páll Rósinkrans, Matthías Matthíasson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Jónsi.
85 NS
NÓI SÍRÍUS
1920 - 2005
Fíton/SÍA F1015225

Líf og fjör

# um helgina

í Smáralind





# Velkomin í Ævintýraveröld jólanna í Vetrargarðinum

Ævintýrastemningin í Vetrargarðinum heldur áfram og er hinn landskunni **Afi á Stöð 2** þar í hlutverki gestgjafans. Hann fær til sín marga góða gesti um helgina. Þeirra á meðal eru **Sigga Beinteins**, **Grétar Örvarsson**, **jólasveinarnir**, **Heitar Lummur**, **Spark** og **Birgitta Haukdal**.




**Dagskráin hefst kl. 14.00 og stendur til 16.30, í dag og á morgun.**

**Gerðu jólainnkaupin í Smáralind og taktu þátt í jólastemningunni!**

ENNEMM / SÍA / NM18382




Verslanir opnar: Mán.-mið. 11-19, **fim. 11-21**,
fös. 11-19, lau. 11-18 og sun. 13-18 / smaralind.is / 528 8000

DV Helgarblað



KÆRULEYSI HJÁ LANDSPÍTALANUM KOSTAÐI HANN EÐLILEGAN ÞROSKA

Dæmdar 24 milljónir vegna læknamistaka




Hefur þú séð DV í dag?

# Hannes og andlega spektin

**UMRÆÐAN**
HANNESI HÓLMSTEINI GISSURARSYNI SVARAÐ



EINAR KÁRASON

Hannes Gissurarson, sem hefur mátt þola að listinn yfir villur í bók sem hann skrifaði slagaði upp í að vera álíka langur og bókin sjálf, sakar mig um ónákvæmni í grein hér í Fréttablaðinu í gær. Hann hefur nefnilega fundið staðreyndavillur í Jónsbók, og það skýrir kannski margt að það fyrsta sem hann nefnir og rekur ofan í mig er alls ekki í bókinni.

Það er raunar kærkomið að fá að koma þessu að; Jóni Ólafssyni varð það á í messunni á blaðamannafundi að láta orð falla sem menn skildu svo að hann væri að saka skattrannsóknarstjóra, stakan bindindismann til áratuga, um að hafa sagt eitthvað á fylliríi, og hafa fleiri en Hannes orðið til að segja að þetta „rýri trúverðugleika Jónsbókar“. En vel að merkja er ekkert um þetta í bókinni; þar er ekki eitt orð um áfengismál skattrannsóknarstjóra.

Hannes segir einnig hafa verið rekið ofan í mig að Davíð Oddsson hafi talað um Jón Ólafsson í afmælisveislu fyrir sex árum. Öfugt við Hannes þá var ég í veislunni og hló með öðrum gestum þegar Davíð, sem þá hafði í um það bil viku fimbulfambað í öllum fjölmiðlum um kaup Jóns Ólafssonar á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sagði eitthvað á þá leið að eiginlega hefði hann átt að lesa hér upp ljóð Þórarins Eldjárns: „Jón Ólafsson slysast“. Sem vissulega fjallar um Jón Indíafara, en Davíð er gefin sú list að kunna að tala undir rós þannig að allir skilji, nema þeir einir sem eru gersneyddir öllum húmor; í gömlum íslenskum bókum er talað um þá sem skilji allt jarðlegum skilningi og sagt að þeim hafi ekki verið gefin andlega spektin, en það hef ég hingað til ekki talið eiga við Hannes Hólmstein.

*... en Davíð er gefin sú list að kunna að tala undir rós þannig að allir skilji, nema þeir einir sem eru gersneyddir öllum húmor.*

Annað sem Hannes nefnir er svo smávægilegt að það er ekki eyðandi að því orðum; á einum stað í bókinni stendur að 5. júlí ´72 hafi Jón enn verið sextán ára, en þar átti að standa að hann hafi enn verið sautján ára; vantaði rúman mánuð í átján ára afmælið. Þessa villu var Hannes með á skilti á blaðamannafundinum sínum, eins og þeir sáu sem fylgdust með honum á NFS, og hún var líka tiltekin sem dæmi um trúverðugleikaskort Jónsbókar í klausu í „Blaðinu“ fyrir nokkrum dögum. Villur af þessu tagi þykja lúmskar, fara gjarnan framhjá nákvæmustu yfirlesurum; eru reyndar kallaðar gagnsæjar því að fæðingardagur Jóns er tiltekinn á fyrstu síðu bókarinnar; reikningssnjallir menn sjá að hann var sautján en ekki sextán.

Hannes kveinkaði sér undan því í Morgunblaðinu í liðnum mánuði að ég hefði vitnað í samræður okkar tveggja á kaffistofu Þjóðarbókhlöðunnar án hans leyfis. Vissulega er það ekki til eftirbreytni, en var hugsað af minni hálfu sem góðlátleg stríðni við Hannes, sem frægur varð fyrir að vitna á prenti í óformlegt spjall á sömu kaffistofu. Og vel að merkja var það sem ég hef eftir Hannesi ekki hugsað til að gera lítið úr honum heldur þvert á móti; tilvitnuð orð hans eru fyndin og fróðleg.

Hannes hefur sagt um Jónsbók að hana hafi ég „tekið saman á vegum Jóns Ólafssonar“. Ég veit ekki alveg hvað hann á við með því; bókina skrifaði ég einfaldlega eða samdi, rétt eins og aðrar mínar bækur, og rétt eins og Hannes skrifar sínar, meðal annars þessa nýju um „Kiljan“ – sem ég hef annars hugsað mér að lesa áður en ég úttala mig um hana frekar.

*Höfundur er rithöfundur.*

# Jógaleikskóli

**UMRÆÐAN**
LEIKSKÓLAR BORGARINNAR



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Nýjasti leikskólinn í borginni var formlega opnaður í síðustu viku, Reynisholt í Grafarholti. Börnin sungu, viðurkenningar veittar, veitingar og ræður – allt eins og venjulega? Nei, því skólastjórinn lýsti metnaðarfullri skólastefnu sem er enn ein nýjungin í Reykjavík og lýsir gróskumiklu flóru sem sjálfstæðir leik- og grunnskólar eru.

Ég er ekki viss um að margir átti sig á því hve skólarnir þróast hratt og fá að njóta sjálfstæðis. Reynisholt mun leggja áherslu á slökun, snertingu og jóga ásamt ræktun dyggða meðal barnanna. Sem jógaiðkandi varð formaður menntaráðs glaður að sjá stefnuskrána sem byggð er á meistararitgerð skólastjórans, Sigurlaugar Einarsdóttur, og áralangri reynslu hennar af því að innleiða svipaða hugmyndafræði í leikskólum, nú fær hún tækifæri til að hrinda henni í framkvæmd sjálf ásamt starfsfólki. „Lífsleikninám“ kallast það sem boðið verður uppá. Markvissar snertistundir verða á dagskrá, með áherslu á vináttu, vellíðan, nudd og slökun. Jóga kemur við sögu með hreyfingu, jafnvægisæfingum og teygjum ásamt slökun. Fjölbreyttar máltíðir með með sykurneyslu í lágmarki eru meðal fjölmargra annarra atriða.

Þessi skóli er ólíkur öðrum, en þar með er ekki sagt að aðrir leikskólar séu ekki með jafn metnaðarfullt starf. Leikskólarnir í borginni hafa byggst upp með miklum hraða á liðnum árum, en svo er líka með innra starf. Og hvað með ánægju foreldra? Hún er svo mikil samkvæmt könnunum að engin opinber þjónustustofnun eða einkafyrirtæki getur státað af öðru eins! Leikskólarnir í Reykjavík eru í fararbroddi og Reynisholt er enn ein skrautfjöðurinn.

*Höfundur er formaður menntaog fræðsluráðs Reykjavíkurborgar.*

# Hvað segir Jesús núna?

**UMRÆÐAN**
KIRKJAN OG SAMKYNHNEIGÐ



TOSHIKI TOMA

Undanfarna daga hafa birst í blöðum greinargerðir eftir nokkra kraftmikla kirkjuleiðtoga sem hafa andmælt hjónavígslu samkynhneigðra para og hafa áhyggjur af afleiðingum þeirrar gjörðar. Á meðal presta og guðfræðinga Þjóðkirkjunnar eru einnig miklar og heitar umræður um þetta málefni, miklu meiri en birtast á opinberum vettvangi.

Meginágreiningurinn, á milli þeirra sem eru annars vegar jákvæðir í garð hjónavígslu samkynhneigðra para og hinna sem eru neikvæðir, felst í því hvernig við túlkum Biblíuna sem Guðs orð. Þeir sem eru jákvæðir, og meðal þeirra er undirritaður, vilja hlusta á þau skilaboð Guðs sem eru óbreytanleg í tíma og rúmi, eru hafin yfir tíma og menningu, eru nokkurn veginn algild. Þeir sem eru neikvæðari í afstöðu sinni byggja rök sín á forsendum eins og: „...samkvæmt skýrum orðum Jesú Krists og postula hans er hjónaband á milli karls og konu en ekki tveggja einstaklinga af sama kyni“ (Friðrik Schram, Mbl. 23. nóv. 2005).

*Kjarni málsins snýst nefnilega ekki um orðalag Biblíunnar heldur er það ímynd andmælendanna um „hið góða kristilega siðgæði“, sem þeim var kennt og þeir vilja halda á lofti.*

Mér finnst að þeir sem andmæla kirkjulegri hjónavígslu samkynhneigðra þurfi að staldra við um stund og íhuga stöðu sína. Kennisetningar kirkjunnar og guðfræði byggjast nú þegar öll á túlkun Biblíunnar, a.m.k. í lúterskri kirkju. Ólíkt því sem margir trúa, þá kveður Biblían ekki skýrt á um að hjónaband verði að vera milli karls og konu. Sú hugmynd tilheyrir kennisetningu sem túlkuð er út frá Biblíunni, ekki biblíutextanum sjálfum. Ef við leitum þá finnum við orð sem Páll postuli segir: „Hinum ókvæntu og ekkjunum segi ég, að þeim er best að halda áfram að vera ein eins og ég. En hafi þau ekki taumhald á sjálfum sér, þá gangi þau í hjónaband, því betra er að ganga í hjónaband en að brenna af girnd.“ (1. Kor.6.).

Við fyrsta lestur virðist sem Páll postuli sé að segja okkur að það sé best fyrir okkur að giftast alls ekki, en þegar við lærum um og skiljum sögu og menningu þeirra tíma sem Páll var uppi á og þeirra sem Biblían er skrifuð á fá orð hans dýpri merkingu og rétta þýðingu. En að sjálfsögðu vita andmælendur af atriðum eins og þessum. Þeir eru ekki bókstaflegir trúmenn. Þeir kjósa hins vegar að túlka Biblíuna í samræmi við eigin hugmyndaheim, sem er skiljanlegt en ekki endilega réttlætanlegt.

Kjarni málsins snýst nefnilega ekki um orðalag Biblíunnar heldur er það ímynd andmælendanna um „hið góða kristilega siðgæði“, sem þeim var kennt og þeir vilja halda á lofti. Og samkynhneigð hjón virðast hjá þeim falla utan við ramma „hinna góðu kristilega gilda“. Ég veit að það er erfitt fyrir okkur öll að hreyfa við viðteknum venjum, hefðum og gildum. Það er samt hægt ef við (ég segi það um kristið fólk) trúum á Jesú og setjum æðstu gildi lífsins í hendur Jesú og íhugum hvað hann vill segja við okkur í dag.

Við megum ekki láta hefðbundna menningu eða aðrar hefðir villa okkur sýn. Kraftur Jesú og náð virkar til að frelsa okkur frá sjálfsdýrkun, sjálfsgirni, áhugaleysi gagnvart náunganum og kúgun, en veitir okkur aldrei rétt til þess að kúga eða mismuna. Íhugum því hvað frelsarinn segir við okkur í dag.

*Höfundur er prestur innflytjenda.*

# 40% afsláttur af öllu jólaskrauti

**Nýtt kortatímabil**

Jólatré til að hafa úti. Bjartar lúxus perur.

Leiðslur eru þakktar gúmmíi, þannig að tréin eru bæði örugg og endast vel.



**Útiljósatré**

| stærð 120 | stærð 150 | stærð 180 |
|---|---|---|
| TILBOÐ 5.599 kr | TILBOÐ 6.299 kr | TILBOÐ 6.999 kr |
| Verð áður 7.999,- | Verð áður 8.999,- | Verð áður 9.999,- |

## 30% afsláttur af ljósaseríum og útiljósatrjám




**Ljósaseríur**

útiljósa 40 ljósa — TILBOÐ verð frá 559 kr — Verð áður 799,-

inniljósa 20 ljósa — TILBOÐ verð frá 139 kr — Verð áður 199,-

40% afsláttur



TILBOÐ verð frá 299 kr — Verð áður 499,-

**Gjafavara** ostahnífur, spaði, kokteilpinnar, korktappar

40% afsláttur



TILBOÐ verð frá 179 kr/pk — Verð áður 299,-

**Jólakúlur**
- margar gerðir

40% afsláttur



TILBOÐ verð frá 159 kr — Verð áður 259,-

**Jólabox**
- margar stærðir

40% afsláttur



TILBOÐ verð frá 299 kr — Verð áður 499,-

**Mjúkar fígúrur**
- margar gerðir

40% afsláttur



TILBOÐ verð frá 599 kr — Verð áður 999,-

**Englastyttur**
- 2 stærðir

40% afsláttur



TILBOÐ verð frá 119 kr — Verð áður 199,-

**Jólahandklæði**
- 2 stærðir

Gildir til 4. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.125 **-0,01%** **Fjöldi viðskipta:** 369 **Velta:** 14.978 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Sláturfélagið** | +3,89% | **Jarðboranir** | -2,04% |
| **Flaga** | +2,25% | **Actavis** | -0,81% |
| **Marel** | +1,41% | **Bakkavör** | -0,79% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
Actavis 49,00 -0,80% ... Bakkavör 50,00 -0,80% ... FL Group 16,00 +1,30% ... Flaga 5,01 +2,30% ... HB Grandi 9,50 +0,00% ... Íslandsbanki 16,70 +0,60% ... Jarðboranir 24,00 -2,00% ... KB banki 655,00 -0,30% ... Kögun 59,20 +0,00% ... Landsbankinn 23,80 +0,00% ... Marel 64,80 +1,40% ... SÍF 4,15 -0,70% ... Straumur-Burðarás 15,40 +0,00% ... Össur 112,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Engu við að bæta

Davíð Oddsson seðlabankastjóri tilkynnti í gær að Seðlabankinn ætlaði að hækka stýrivexti bankans um 0,25 prósent. Var það í fyrsta skipti sem hann gerir grein fyrir vaxtaákvörðunum Seðlabankans og bar sig vel. Það er kannski ekki auðvelt fyrir lögfræðing að útskýra alla þá þætti sem snúa að stjórn peningamála í landinu þrátt fyrir að hafa stýrt efnahagsmálum ríkisstjórnarinnar frá árinu 1991. Davíð svaraði þó skýrt og örugglega þeim spurningum sem að honum var beint og virtist sannfærandi. Reyndar svaraði hann svo skýrt að þegar hann bauð Arnóri Sighvatssyni aðalhagfræðingi og samstarfsmönnunum sínum tveimur í bankastjórninni, Jóni Sigurðssyni og Eiríki Guðnasyni, að bæta einhverju við hristu þeir hausinn. Það væri engu við þetta að bæta.

### Vinnulaus laun

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður Icelandic, kynnti í gær fyrir greiningaraðilum uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung. Hann vildi ekki svara spurningum um hvað brottrekstur Þórólfs Árnasonar kostaði félagið. Sagði að ekki yrði „tekið forskot á sæluna“ og menn gætu bara lesið þetta í ársreikningi! Það er kannski ekkert skrítið að þetta sé ekki upplýst; svo margir fyrrverandi starfsmenn eru á launaskrá. Gunnar Svavarsson, fyrrverandi forstjóri frá því í vor, fær greidd laun í 24 mánuði. Þórólfur og Magnús Scheving Thorsteinsson voru látnir fara og fengu greiddar sárabætur. Þá var líka gengið frá starfslokum Magnúsar Gústafssonar, sem var yfir Icelandic í Bandaríkjunum, í mars.Skipulagsbreytingarnar kosta sitt fyrir hluthafana.



## MARKAÐSPUNKTAR

Virði evrópskra hlutabréfa náði fjögurra ára hámarki annan daginn í röð í gær. Spár um bætta afkomu fyrirtækja vegna aukins efnahagsvaxtar ýta undir hækkunina.

Guðmundur A. Birgisson bætti verulega við hlut sinn í Sláturfélagi Suðurlands í gær og á nú um þriðjung hlutafjár í félaginu.

Asísk hlutabréf náðu fimm ára hámarki í gær eftir útkomu skýrslu sem gefur til kynna að bandarískur efnahagur færi vaxandi án þess að valda þenslu.


NJÓTUM VETRAR Á UPPLÝSTUM LAUGAVEGINUM

JÓN GNARR

ÁRITAR BÓK SÍNA Í KIRKJUHÚSINU LAUGAVEGI 31 Í DAG MILLI KL. 15 OG 16




ÞANKAGANGUR JÓNS GNARR



Hversdagsleg atvik sem við öll þekkjum verða Jóni Gnarr tilefni til að skoða lífið út frá því sjónarhorni þar sem jafnvægi milli kímni og alvöru ríkir. Texti hans er snarpur og hristir duglega upp í lesendum. Hann er einlægur í trú sinni og djarfur vegna þess að trúin er lifandi í brjósti hans og heil.

SKÁLHOLTSÚTGÁFAN
Kirkjuhúsið
Laugavegi 31 – Sími 552 1090





**CITIGROUP HÆKKAR VERÐMAT** Nýtt verðmatsgengi hljóðar upp á 400 pens á hlut en markaðsvirði er í 350 pensum. Baugur og KB banki hafa bæst í hóp FL Group sem hluthafar.

# Verðmiðinn 400 pens á easyJet

**Baugur Group og KB banki meðal hluthafa í easyJet. Meðalkaupverð FL Group 192 pens á hlut.**

Citigroup hefur hækkað verðmat sitt á easyJet úr 280 pensum á hlut í 400 pens og mælir með kaupum í breska lággjaldaflugfélaginu. Gengi easyJet stóð í 350 pensum á markaði í gær sem er 12,5 prósentum undir verðmatsgenginu.

Bankinn tekur það sérstaklega fram að mikil áhætta fylgi því að eiga bréf í easyJet.

Í greiningunni kemur fram að meðal nýrra hluthafa í easyJet eru Baugur Group, sem átti um 2,2 prósent þann 1. nóvember, og KB banki sem fór með um hálft prósent. Báðir aðilar eru jafnframt meðal stærsta eiganda í FL Group. Að viðbættum hlut FL Group nálgast eignarhlutur þessara íslensku fjárfesta um nítján prósent af hlutafé easyJet.

Höfundar verðmatsins telja að með innkomu Andrews Harrison í stól forstjóra easyJet sé félagið tilbúið til að taka næstu skref. Bankinn býst við að félagið muni á næstu árum auka hagnað sinn en ekki einungis veltu sem einkennt hefur reksturinn undanfarin misseri. Kaup FL Group á bréfum í easyJet auki vitund stjórnenda félagsins um að hámarka arðsemi félagsins, enda minnki það líkur á yfirtöku af hálfu Íslendinganna ef verðmæti félagsins aukast.

Hækkun verðmatsins byggist meðal annars á því að afkoma easyJet á síðasta rekstrarári var umfram væntingar. Citigroup hækkar spár sínar um hagnað easyJet á árunum 2006-´07. Á næsta ári er búist við að hagnaður félagsins hækki um 10,7 prósent á hlut frá fyrri spá en aukist svo um 32 prósent árið 2007 og um 38,5 prósent ári síðar.

Citigroup reiknar það út að meðalkaupgengi FL Group á 16,2 prósenta hlut í flugfélaginu hafi verið um 192 pens á hlut. Hefur því virði hlutanna hækkað yfir 80 prósent ef ekki er tekið tillit til styrkingar krónunnar gagnvart pundi. Í greiningunni er gert ráð fyrir að FL Group auki hlut sinn enn frekar þar sem nýlegt hlutafjárútboð gaf félaginu um 65 milljarða til frekari verkefna. Það er þó óljóst hvert endanlegt markmið FL Group sé en Citigroup reiknar með því að FL Group fari fram á sæti í stjórn easyJet.

eggert@frettabladid.is

# Fær 59 milljónir í stað kaupréttar

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, hefur fallið frá rétti sínum til að kaupa 2,9 milljónir hluta í bankanum á genginu 3,58. Landsbankinn greiðir Halldóri laun sem nemur mismuninum á núverandi markaðsgengi, sem stendur í 24 krónum á hlut, og kaupréttargenginu. Ætla má að Halldór fái rétt um 59 milljónir króna í greiðslu.

Hann nýtir sér þó rétt sinn til að kaupa eina milljón hluta í Landsbankanum á genginu 3,58. Eftir kaupin er markaðsverðmæti hlutabréfa Halldórs í bankanum um 250 milljónir króna.

Halldór á nú kauprétt að tæpum 49 milljónum hluta á mismunandi verði, mest á genginu sjö og fjórtán.

- eþa

# Hlutlaus ákvörðun

„Ákvarðanir Seðlabankans í dag eru nokkuð hlutlausar og ættu ekki að hafa afgerandi áhrif á þróunina á gjaldeyrismarkaði. Miklu skiptir þó hvort útgáfur á skuldabréfum í íslenskum krónum taka við sér í desember. Ef svo fer ekki má gera ráð fyrir að krónan sígi áfram,“ sagði í fréttum greiningardeildar Landsbankans í gær eftir að tilkynnt var um hækkun stýrivaxta Seðlabankans.

„Þessi vaxtahækkun er í lægri kanti þess sem markaðsaðilar höfðu búist við og á mörkum þess að vera í samræmi við þær yfirlýsingar sem áttu sér stað á síðasta Peningamálafundi í september,“ sagði í hálffimm fréttum KB banka.

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ




## 75.000 króna GJAFAKORT í Smáralind og VETRARDEKK fylgja með öllum tilboðsbílum. Allt að 100% fjármögnun.

Fíton/SÍA

VERÐDÆMI

Komdu til okkar og fáðu þér notaðan bíl á frábæru verði og þú færð jólagjafirnar í kaupbæti!



| TEGUND | ÁRGERÐ | EKINN | VERÐ | TILBOÐSVERÐ |
|---|---|---|---|---|
| **Nissan Terrano II** | 1999 | 135 þús | 1.150.000 | **990.000** |
| OPEL Corsa Comfort | 2001 | 68 þús | 720.000 | **580.000** |
| **OPEL Astra Coupe** | 2002 | 56 þús | 1.890.000 | **1.390.000** |
| KIA Sportage | 2000 | 92 þús | 790.000 | **620.000** |
| **Renault Laguna** | 1997 | 154 þús | 590.000 | **390.000** |
| Alfa Romeo 156 | 1999 | 132 þús | 890.000 | **590.000** |
| **VW Passat Comfort line** | 1998 | 89 þús | 910.000 | **720.000** |
| Suzuki Grand Vitara XL-7 | 2003 | 89 þús | 2.480.000 | **2.240.000** |
| **Suzuki Baleno 4x4** | 1997 | 150 þús | 510.000 | **370.000** |
| OPEL Vectra Comfort | 2001 | 61 þús | 1.280.000 | **980.000** |

Sjá nánari upplýsingar um tilboð á www.ih.is/notadir

**Notaðir bílar** | **Ingvar Helgason**

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00    Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

# Faðirvor, móðirvor og jafnréttisbarátta karldýra

**Í Dagbók Þráins Bertelssonar er að þessu sinni meðal annars fjallað um hengirúm, hátækni- og lágtæknisjúkrahús og fæðingu hugverka með keisaraskurði. Sagt er frá jafnréttisráðstefnu karlmanna, bænastund, afmælisdegi stjórnleysingja, DV og kurteisu viðmóti við aldraðar vændiskonur á landsbyggðinni.**




**HELGIN 26. - 27. NÓV**

## Hengirúm og lágtæknisjúkrahús

Ég eyddi góðum hluta helgarinnar í hengirúmi sem sonur minn færði mér þegar hann kom heim frá Brasilíu í sumar og var að reyna að hugsa og koma skipulagi á þau verk sem ég ætla að vinna. Það er mjög gott að hugsa í hengirúmi. Eini gallinn er sá að manni hættir til að sofna. Ég geng með **tvær bækur í maganum**. Í hinni huglægu ómskoðun í hengirúminu kom í ljós að þær snúa báðar öfugt svo að þetta verður erfið fæðing. Verst að það skuli ekki vera hægt að taka bækur með keisaraskurði. Kannski það verði hægt þegar búið er að byggja hátæknisjúkrahús í húsaþvögunni innan um lágtæknisjúkrahúsin þarna á torfunni við Hringbrautina sálugu.

**MÁNUDAGUR 28. NÓV.**

## Faðirvorið og móðirvorið



Fór á **bænastund í Hallgrímskirkju**. Vinkona okkar **Sólveigar** er að gangast undir erfiða aðgerð við erfiðum sjúkdómi á sjúkrahúsi erlendis. Þarna var heilmikill mannfjöldi samankominn. Stór hópur fólks sem á sameiginlega vinkonu og vildi sameinast um að senda henni góðar hugsanir og fyrirbænir. Ég er ekki sérlega flinkur bænamaður. Hér fyrr á árum leit ég á Guð sem nokkurs konar mjög óáreiðanlegt pöntunarfélag og sendi honum stundum óskalista og fór fram á að hann gengi í ýmiss konar útréttingar fyrir mig eða útvegaði mér hitt og þetta. Mér fannst lítið koma út úr því og þótti þjónustan í Himnaríki litlu betri en hjá öðrum ópersónulegum stórfyrirtækjum.

Svo breyttist þetta og ég hætti þessari heimtufrekju. Góður maður kenndi mér prýðilega bæn sem ég hef notað síðan með mjög góðum árangri og almennum. Hún er svona:

**Verði þinn vilji – ekki minn.**

Fyrir utan þessa bæn kann ég vitanlega faðirvorið eða móðirvorið sem er mjög kraftmikil bæn. Það er **séra Auður Eir** sem leiðir bænastundina. Hún notar orðið „hún" um Guð. Það finnst mér fínt. Almættið sem er langt ofar mínum skilningi hlýtur að vera orðið hundleitt á að láta í sífellu karlkenna sig.



Ég reyni eftir megni að taka þátt í bæninni. Ég hef ekki hugmynd um hvernig bænir virka í raun og veru, en ég set það ekki fyrir mig. Ég skil ekki heldur hvernig alnetið virkar, það er rétt svo að ég skilji í megindráttum hvernig bensínmótor virkar. Ég er meira að segja ekki klár á því hvað rafmagn er þótt ég viti af reynslu að það er mjög kraftmikið og óþægilegt að fá það í sig. Mér finnst það eiginlega kraftaverk að sjá ljós kvikna innan í ljósaperu. Það er býsna margt í veröldinni sem ég skil ekki en svínvirkar engu að síður. Ég vona að bænin virki.

**ÞRIÐJUDAGUR 29. NÓV**

## Meiðyrði í DV og aldraðar vændiskonur

Ég sé að **þeir/þær á DV eru hörundsárir**. Þeir eru að **emja í dag** út af því að ég skrifaði í bakþanka í **Fréttablaðinu** í gær að fjölmiðlar væru fullir af fréttum af fólki sem kemur mér ekki nokkurn skapaðan hlut við og ég hef engan áhuga á. Þeir virðast hafa tekið þetta til sín sem var alls ekki meiningin því að ég var að tala um frægt fólk sem lifir í heimi sem er mér jafnfjarlægur og hann væri á annarri plánetu.

En þetta finnst þeim greinilega slettirekuskapur. Þeir kalla mig álitsgjafa. Það flokkast örugglega undir meiðyrði. Ég nenni samt ekki í mál við þá. Ég vissi ekki að svona viðkvæmni væri undir hörðum skrápnum á DV og mun reyna að forðast að særa þá/þær í framtíðinni því að þeir á DV vita ábyggilega jafnvel og ég að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Enda eru margar áhugaverðar fréttir í fjölmiðlum. Þessi þótti mér einna merkilegust í dag:

„Vændiskonur á landsbyggðinni eru jafnan mun eldri en starfssystur þeirra í borgum – að minnsta kosti í Ástralíu. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem ástralskur háskólaprófessor gerði. Elsta vændiskonan sem hann ræddi við var tæplega sextug en sumar þeirra sem talað var við í rannsókninni sögðust hafa unnið með **portkonum sem komnar voru á sjötugsaldur**, og ein var meira að segja enn starfandi á áttræðisaldri. En það er ekki eingöngu munur á söluaðilunum eftir því hvort um sé að ræða þéttbýli eða dreifbýli því niðurstöðurnar gefa til kynna að viðskiptavinirnir sem kaupa sér þjónustuna á landsbyggðinni eru mun kurteisari en þeir sem versla við vændiskonur í borgum."

Þetta er eflaust bæði satt og rétt.

**MIÐVIKUDAGUR 30. NÓV**

## Afmælisdagur stjórnleysingjans

Eins og venjulega þann 30. nóvember átti ég afmæli í dag. Þetta var fínn dagur. Sólveig dreif mig með sér í sund um morguninn og bauð mér svo í hádegismat á uppáhaldsveitingastaðinn minn, **Jómfrúna**. **Sérrímarengstertan** sem mamma eigandans þar bakar er lostæti sem engin orð fá lýst. Guðafæða.




Annars er ég hófsmaður á tertur, en þessi er engu lík.

Yfirhöfuð er ég hlynntur mánaðamótum. Það er tilbreyting í þeim og það væri leiðigjarnt ef allt árið væri bara einn óralangur mánuður. En **gallinn við mánaðamót** eru allir þessir reikningar sem sækja að manni úr öllum áttum. Skæðadrífan er óvenjuþykk núna. Það er ótrúlegt hversu mörg fyrirtæki hafa náð að tengja sig við mig til að tappa af mér peningum. Stundum langar mig til að rífa allar þessar leiðslur úr sambandi. Neita að borga. Byggja mér fjallakofa í óbyggðum. Lifa á fjallagrösum og silungi. Afsala mér kosningarétti og neita að borga skatta. Hætta að viðurkenna peninga sem gjaldmiðil og nota gluggapóst eingöngu í uppkveikju.



Ég er nefnilega **stjórnleysingi innst inni**. En ég læt ekki á því bera. Ég vinn og vinn og borga og borga og læt vel að stjórn svo að þjóðfélagið gruni ekki að ég sé í rauninni stjórnleysingi. Kannski ég sé ekki einn um þetta. Kannski maður ætti að skella smáauglýsingu í blöðin og auglýsa **stjórnleysingamót í Ódáðahrauni** næsta sumar og stofna stjórnleysingjafélag.



En sennilega þýðir það ekki neitt. Enginn raunverulegur stjórnleysingi mundi gefa kost á sér í stjórn í stjórnleysingjafélaginu. Við erum og verðum höfuðlaus her.

**FIMMTUDAGUR 1. DES.**

## Áfram strákar!



Fór á skemmtilega ráðstefnu í morgun. Fyrsta karlaráðstefnan um jafnréttismál, bara ein kona á svæðinu, **frú Vigdís**. Flestir voru mjög alvörugefnir, það er kannski skynsamlegt, en mér finnst samt gaman að karlmenn skuli loksins vera að ná því að jafnrétti kynjanna er báðum aðilum fyrir bestu. Með öðrum orðum að þeir græði á jafnréttinu. Allt sem karldýrin telja sig geta grætt á er mjög vinsælt um þessar mundir.

Ferð í Borgarnes með **Súsönnu Svavarsdóttur, Ragnari Arnalds og Ólafi Gunnarssyni** að lesa upp. Bók Ragnars um Jörund hundadagakonung er greinilega hörkuspennandi. Skelli henni á jólagjafalistann.



**FÖSTUDAGUR 2. DES.**

## Lifað í núinu

Okkur tókst að borga reikningana um mánaðamótin. Þá þarf maður ekki að hafa áhyggjur af þeim lengur.




Nú getur maður snúið óskiptri athyglinni að því að hafa áhyggjur af desember-reikningunum. Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni að næstu mánaðamót verði strembin. Reyni samt að lifa í núinu og láta hverjum degi nægja sína þjáning. Mikið var lífið einfalt áður en **skrattinn fann upp kreditkortin**.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
TILKYNNING
EDDA
edda.is

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

# Veiddu þessa á netinu heima

## Netverslun Tæknivals
## www.taeknival.is

### Opið allan sólarhringinn!

**NETTILBOÐ**

**Fujitsu Siemens Amilo Pro V2030 Cel 1.5**
Vörunúmer: VFY:APED2030-9B1DK
Pentium Celeron M370 1.5GHz
512MB DDR2 minni (Mest 2GB)
40GB S-ATA diskur
15.1" TFT XGA (1024 x 768)
VIA UniChrome Pro VN800 skjástýring
DVD±RW skrifari
3-in-1 minniskortalesari
10/100/1000 LAN og V.92 mótald
54Mbps þráðlaus netstýring
VGA, TV-OUT
4x USB 2.0, FireWire, hljóð inn/út
PC Card Type II rauf, 2 minnisraufar
Realtek hljóðstýring og víðóma hátalarar
332 x 273 x 37 mm, 2.8 kg
Windows XP Professional
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum



**Verð: 69.900 kr.**

**ATH!** **Einungis fáanleg í Netverslun Tæknivals**
**Takmarkað magn**

FABRIKAN

**Þegar þú kaupir Fujitsu Siemens tryggjum við:**
- **öflugan og áreiðanlegan búnað**
- **einhverja lægstu bilanatíðni sem þekkist**
- **afbragðs þjónustu Tæknivals**

Verslun Tæknivals Skeifunni 17 er opin á laugardögum frá 11-16

**Tæknival**
– sterk heild

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www taeknival is




BÓNUS
Nýsjálensk frosin ungnautalund
Tilboðin
FROSNAR NAUTALUNDIR
2299 Kg KR.
FRISE SALATBLANDA
199 KR.
200g
Svínakótelettur og svínahnakki
SVÍNAHNAKKI m/BEINI
779 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1298kr.
FERSKUR SVÍNAHNAKKI m/beini
FERSKAR SVÍNAKÓTELETTUR
839 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
FERSKAR SVÍNAKÓTELETTUR
KJÖTVÖRUR
40% afsláttur við kassann
Beikon frá SÍLD og FISK
799 Kg KR.
Framleitt af Síld og fisk
BÓNUS Bacon
KRYDDFETI
195 200g KR.
KRYDD Feti
MJÓLKA
SALAT Feti
HVEITI
39 KR.
2 kíló Hveiti
EKKERT BRUÐL
BÓNUS
Fyrir matargerðina og í baksturinn
HÁLFT KÍLÓ
199 KR.
JÓLA PIPAR KÖKUR
BÓNUS
2 lítrar
98 KR.
Appelsín Classic
EKKERT BRUÐL
MALT
MALT
HÁLFUR LÍTRI
69 KR.
ÓMISSANDI UM AÐVENTUNA...


í Bónus!
Framleitt af Síld og fisk
Uppskriftabók sem á heima
við hliðina á eldavélinni!
Bónus hamborgarhryggur
899 kg KR.
Unnin af GESTGJAFANUM
fyrir Bónusverslanirnar
998 KR.
LOSTÆTI Á LÆGRA VERÐI
Fullsteiktar kjötbollur
STEIKTAR KJÖTBOLLUR
359 390g KR.
959 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1599 kr.
Fullsteiktar fiskibollur
- aðeins 1% fita!
STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 430g KR.
Nýtt kortatímabil!
Síldarsalötin hans
Nonna litla slógu í gegn!
SÍLDARSALAT
259 225ml KR.
Hvítlaukssíldarsalat
Dillsíldarsalat
Karrýsíldarsalat
Grafinn lax og reyktur
EKKERT BRUÐL
Chips
Paprika
200g poki
98 KR.
KÍKTU Á MAGNIÐ!
BÓNUS
www.bonus.is
bonus.is

**ROBERT LOUIS STEVENSON (1850-1894) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Allir setjast fyrr eða síðar að hlaðborði afleiðinga.“*



*Robert Louis Stevenson var skoskur rithöfundur og skáld. Hann skrifaði meðal annars söguna um doktor Jekyll og herra Hyde.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 3. DESEMBER 1984

# Hörmungar í Bhopal



Á þessum degi árið 1984 varð eitt versta umhverfis- og iðnaðarslys sem sögur fara af. Á tæplega tveimur klukkustundum sluppu 27 tonn af metýl-ísósýanatgasi út í andrúmsloftið frá verksmiðju Union Carbide í Bhopal á Indlandi og lagðist gasskýið hægt yfir þéttbýl svæði í nágrenninu. Mikil skelfing greip um sig þegar tugþúsundir manna reyndu að flýja eiturskýið.

Afleiðingarnar urðu skelfilegar. Efnið fór í augu fólks og öndunarfæri en einnig er talið að það hafi leyst upp í munnvatni og farið ofan í meltingarveg.

Um 200.000 manns urðu fyrir gaseitrun og dóu að minnsta kosti 3.600 manns, en sumir telja dauðsföllin mun fleiri enda hafi þúsundir látist af afleiðingum eitrunarinnar næstu árin á eftir.

## MERKISATBURÐIR

**1967** Fyrsta vel heppnaða hjartaígræðslan er gerð í Höfðaborg í Suður-Afríku. Hjartaþeginn lést hins vegar átján dögum síðar.

**1970** Verslunarmiðstöðin Glæsibær í Reykjavík er tekin í notkun.

**1981** Menntamálaráðuneytið staðfestir ákvörðun Náttúruverndarráðs um að friðlýsa Þjórsárver við Hofsjökul.

**1989** Það hillir undir lok kalda stríðsins þegar George Bush Bandaríkjaforseti og Mikhail Gorbatsjev leiðtogi Sovétríkjanna funda á Möltu.

**1998** Kvótadómurinn. Hæstiréttur kveður upp þann dóm að fimmta grein laga um stjórn fiskveiða sé í andstöðu við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

## ANDLÁT

**Hjörtur Haraldur Gíslason** flugvirki, Brautarlandi 7, Reykjavík, lést á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 22. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Benedikt Björnsson** vélstjóri, Gnoðarvogi 72, Reykjavík, lést á Landspítala Landakoti þriðjudaginn 29. nóvember.

**Svava Sigríður Vilbergsdóttir**, Bólstaðarhlíð 68, lést á Landspítala Landakoti þriðjudaginn 29. nóvember.

**Guðrún Björg Methúsalemsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, áður til heimilis á Norðurgötu 42, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 30. nóvember.

**Guðrún Ólafsdóttir**, Dalalandi 6, Reykjavík, andaðist á heimili sínu miðvikudaginn 30. nóvember.

## AFMÆLI



**Hafsteinn Hafsteinsson**, fyrrverandi forstjóri Landhelgisgæslunnar, er 66 ára.



**Ari Trausti Guðmundsson** jarðeðlisfræðingur er 57 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1857** Joseph Conrad rithöfundur.



**1863** Thor Jensen útgerðarmaður.

## JARÐARFARIR

11.00 **Elfriede Kjartansson** verður jarðsungin frá Ríkissal Votta jehóva, Hraunbæ 113, Reykjavík. Jarðsett verður að Skarði í Landssveit sama dag klukkan 15.00.

11.00 **Sigríður Emma Guðmundsdóttir**, dvalarheimilinu Sólvöllum, Eyrargötu 26, Eyrarbakka, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

13.30 **Agnar Halldór Þórisson** sjómaður, Brekkuhúsi 2a, Hjalteyri, verður jarðsunginn frá Möðruvallaklausturskirkju.

13.30 **Sigríður Þórðardóttir**, Tryggvagötu 30, Selfossi, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

14.00 **Frímann Már Sigurðsson**, Borgarsandi 6, Hellu, verður jarðsunginn frá Oddakirkju á Rangárvöllum.

14.00 **Hilmir Hinriksson**, Bláskógum 11, Hveragerði, verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju.

14.00 **Kristinn Jón Leví Jónsson** húsasmíðameistari, til heimilis í Sundstræti 31a, Ísafirði, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Pálína Kristín Þorbjörnsdóttir Waage**, verður jarðsungin frá Seyðisfjarðarkirkju.

15.30 **Guðrún Sigurðardóttir**, Fossheiði 4, Selfossi, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




**Pálína Kristín Þorbjörnsdóttir Waage**

sem lést á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar fimmtudaginn 17. nóvember, verður jarðsungin frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 3. desember kl. 14.00

**Vinir og aðstandendur.**





*Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við fráfall frænda okkar,*

**Geir Dalmanns Jónssonar**

**Málfríður Kristjánsdóttir**
**Sesselja, Aino og Geir Matti Järvelä.**




**Á LEIÐ Í BÆJARPÓLITÍK** Rósa sóttist eftir og fékk annað sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði til sveitarstjórnarkosninga í vor og er alsæl með árangurinn. Hér er hún með elsta syni sínum, Sigurgeiri, á afhendingu barnamenningarverðlauna Velferðarsjóðs íslenskra barna sem afhent voru í vikunni, en Rósa er í fagráði velferðarsjóðsins.

### RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR: HELDUR UPP Á FERTUGSAFMÆLI SITT Í DAG

# Í háloftum á tímamótum

Rósa Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, var í háloftunum á fertugsafmæli sínu í vikunni en ætlar að halda upp á það veglega í kvöld. „Ég er nýkomin úr afmælisferð ásamt mömmu minni til Orlando,“ segir Rósa glaðlega, en hún bjó um tíma í Flórída fyrir nokkrum árum.

„Ég er rosalega mikið afmælisbarn og hef gaman af alls konar veisluhaldi. Ég held upp á öll afmæli og finnst skemmtilegt að hafa fullt af fólki í kringum mig,“ segir Rósa sem hélt til Bandaríkjanna fljótlega eftir prófkjör Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði til bæjarstjórnarkosninga í vor. Rósa sóttist eftir öðru sæti og hlaut það, sem má teljast góður árangur fyrir hana sem lítið sem ekkert hefur verið viðriðin bæjarpólitík áður.

„Ég hef hins vegar fylgst mjög vel með og hef mikinn áhuga á bæjarmálunum. Maðurinn minn ritstýrði til dæmis blaðinu Hamri, sem gefið er út af Sjálfstæðisflokknum í Hafnarfirði, í sjö ár úr kjallaranum heima,“ segir Rósa sem tók þátt í stjórnmálum á menntaskóla- og háskólaárum sínum. Hún var í stjórnum Heimdallar og Sambands ungra sjálfstæðismanna en hætti því snarlega og sagði sig úr flokknum þegar hún fór út í fréttamennsku á sínum tíma.

„Núna langaði mig að taka þátt og leggja mitt af mörkum til að gera góðan bæ betri,“ segir Rósa sem en hún hefur eignast fjögur börn og þekkir vel til leikskóla- og grunnskólamála.

Rósa mun starfa áfram sem framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna næstu mánuði. Hvað verður í vor ræðst af því hvort sjálfstæðismenn komast í meirihluta í bæjarstjórn. „Við ætlum að ná bænum aftur og ef það gengur eftir þá er ég náttúrulega komin í fullt starf í bæjarpólitíkinni,“ segir Rósa sem mun sakna síns gamla starfs ef hún hættir. „Þetta er frábærlega gefandi starf en oft á tíðum líka erfitt,“ segir Rósa sem hugar nú að því að gleðja krabbameinsveik börn og fjölskyldur þeirra á aðventunni, enda er það tími sem oft er erfiður fjölskyldum með veik börn. ■

# Félagatal kommúnista afhent Landsbókasafni

Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni var á dögunum afhent félagatal Kommúnistaflokks Íslands sem var starfræktur á árunum 1930 til 1938. Handritið þykir merkilegt fyrir þá sök að hafa að geyma nöfn allra eða nær allra félagsmanna en það mun vera einstakt í heiminum að skrá með slíkum upplýsingum kommúnistaflokks hafi varðveist.

Félagatalið er handskrifað í svarti bók með gráum kili. Nöfnin eru í belg og biðu og engin skipuleg röð á þeim. Oftast er getið um fæðingardag og ár hvers félaga og nefnt hvaða dag hver og einn gekk í flokkinn. Hafi menn gengið úr flokknum voru þeir strikaðir út. Þá er þess getið ef menn voru reknir úr flokknum.

Alls eru 722 einstaklingar nafngreindir í bókinni. Þá fylgir einnig með félagatal frá Vestmannaeyjum, Eskifirði og Húsavík en þar voru félagsmenn 146.

Með félagatalinu fylgir ítarleg greinargerð sem Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri og síðasti framkvæmdastjóri Sameiningarflokks alþýðu - Sósíalistaflokksins tók saman. ■



**KOMMÚNISTALISTI AFHENTUR** Ingibjörg Sverrisdóttir, Kjartan Ólafsson, Sigrún Klara Hannesdóttir og Örn Hrafnkelsson, forstöðumaður handritadeildar.

## Í GARÐHEIMUM UM HELGINA



# HUNDATÍSKUSÝNING

frá Comfort

laugardag og sunnudag
milli kl. 14.00 og 15.00

Gerðu hundinn þinn flottan,
haltu honum hlýjum,
verndaðu feldinn!

FULLT AF SPENNANDI TILBOÐUM!




FLAMINGÓBLÓM
395 kr.




SÝPRUS Í POTTI
495 kr.

# Jól að gömlum íslenskum sveitasið

Kvenfélagskonurnar
úr Álftaveri bjóða upp
á jólakræsingar, sýna
gömlu góðu vinnubrögðin,
spinna á rokk og prjóna.



Fáið að dýfa og útbúa
ykkar eigin kerti!
– Kertasmiðjan Skeiðum.



SKREYTTAR
LEIÐISGREINAR
frá 990 kr.

TE & KAFFI

Kaffibar frá
Te og Kaffi!

98.9 BYLGJAN

Bylgjan í beinni
laugardag
13.00 - 16.00

# ALLT JÓLASKRAUT 20% AFSLÁTTUR
## um helgina!

# TOP LINE LJÓSASERÍUR
– SÉRSTÖK KYNNING OG TILBOÐ UM HELGINA!

20 % afsláttur




Lukku stund!
-LENDIR ÞÚ Á LUKKUSTUND?

GARÐHEIMAR
*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

OPIÐ TIL
KL. 22.00
FRAM
AÐ JÓLUM!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is

# Meistarinn

Það þekkja hann flestir í sjón, en sárafáir hinn raunverulega **Guðlaug Jónsson** hárgreiðslumeistara á Nikk. Í lúnum sófa á Hótel Borg sat hann með cappuccino, sígarettuveski og jólasmákökur á undirskál þegar ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** tyllti sér með sinn kaffi hjá Gulla.

Það var um borð í bátnum Súðinni sem Gulli fæddist móður sinni á miðjum Breiðafirði. „Það gekk víst ágætlega en svo var okkur móður minni hent í land á Flatey og þaðan heim til Reykjavíkur, þar sem ég sleit barnsskónum í Bergstaðastrætinu, eða allt þar til ég fór að heiman fimmtán ára í ballettnám til Kaupmannahafnar,“ segir Gulli, sem minnist góðra og slæmra tíma á æskuárunum.

„Pabbi kallinn stakk af þegar ég var fjögurra ára og hefur ekki sést síðan. Ef ég á að vera hreinskilinn við sjálfan mig held ég að stundum hafi ég saknað þess að eiga ekki pabba. Ég eignaðist stjúpföður orðinn níu ára, sem var yndislegur maður sem dáði mig alla tíð, en við náðum aldrei tilfinningatengslum, enda ég óskaplega sjálfstætt barn og fullorðnaðist víst mjög snemma,“ segir Gulli brosmildur.

**Brostnir draumar**

„Sjáðu, hann er eins og hind!“, sagði eldri kona sem var gestkomandi hjá móður Gulla þar sem hann dansaði um lítill drengur.

„Upp úr þessu dreif mamma mig í dansskóla til Rigmor Hansen. Mamma var víðsýn manneskja, fór ung til starfa í útlöndum og kom ekki heim fyrr en þrítug þegar hún eignaðist mig,“ segir Gulli, sem eyddi drjúgum stundum bernskuáranna yfir bókum, þar sem hann skapaði sinn eigin heim.

„Ég er ekki viss um að hafa hleypt mörgum inn í þann heim. Ég þótti öðruvísi og Íslendingar voru ekki umburðarlyndir fyrir slíku þá. Eflaust hefur verið erfitt að vera öðruvísi en ég er ekki sú týpa sem læt aðra kúga mig til að þóknast fólki úti í bæ. Ég var afar sjálfsöruggur og tók það ekki nærri mér,“ segir Gulli sem hjá Rigmor fann fljótt að dansinn var það sem draumar hans snerust um.

„Ég hélt því utan til Kaupmannahafnar og hóf nám við konunglega ballettinn. Um tíma fékk ég inni hjá frænku minni ytra, en ekki leið á löngu þar til ég réði mig sem au pair hjá aðstoðarforstjóra SAS. Þar gætti ég bús og barna meðfram ballettnáminu í tvö ár,“ segir Gulli, sem á þriðja námsári sínu varð fyrir slysi sem breytti farvegi lífs hans.

„Ég var að teygja í balletttíma þegar ég missti tak á slánni, sem gat alltaf gerst. Við fallið datt ég mjög harkalega á stóran kassa sem alls ekki átti að vera þarna og enginn vissi hvernig stóð á. Við höggið losnaði nýra og ég varð að hætta að dansa í heilt ár. Fyrir mig jafngilti það dauðadómi, en vitaskuld hefði ég átt afturkvæmt síðar ef ég hefði verið nógu ákveðinn í því,“ segir Gulli og aftekur ekki að kassanum hafi verið komið fyrir í þeim ásetningi að skaða hann.

„Maður veit í raun aldrei, en listafólk er grimmur þjóðflokkur. Ég hef séð ballettdansara setja lappirnar fyrir prímadonnuballerínu neðan við sviðið, sem sýnir að þetta er óvæginn heimur óvæntra uppákoma.“

**Kaflaskil**

Nú urðu kaflaskil í lífi Gulla. Hjá frænku sinni hafði hann skemmt sér við að setja upp hár vinkvenna hennar og sýndi fádæma listfengi í höndunum. Því lá beinast við að hann færi í hárgreiðslunám, þótt ballettdraumurinn hafi seint viljað hvika.

„Ég hef alla tíð nagað mig út af því að hafa ekki snúið aftur. Rigmor sagði alltaf að ég hefði verið bölvað fífl að hafa ekki skipt yfir í nútímaballett en þá væri ég sennilega bandóður danskennari með pískinn á lofti sem berði nemendur til hlýðni, af tómri öfund,“ segir hann ófeiminn og skellir upp úr.

„Ég hef alltaf verið flinkur í höndunum. Móðir mín og stjúpfaðir fluttu til Stykkishólms þegar ég var tíu ára. Fljótlega var ég lagður inn á St. Franciskusspítalann með lungnabólgu en þá vildu nunnurnar eiga mig. Þær höfðu áður fengið tvö börn gefins sem þær ólu upp, en móðir mín hélt nú ekki. Þær systur kenndu mér svo hvers kyns saumaskap og hef ég allar götur síðan gert mörg listaverk í saumaskap og gefið í tækifærisgjafir,“ segir þúsundþjalasmiðurinn Gulli og kímir.

**Verndarhjúpur gleðitækna**

Eftir hárgreiðslunám hélt Gulli til Parísar þar sem hann fékk vinnu á hárgreiðslustofu fína og fræga fólksins.

„Þá var mér útvegað húsnæði í Pigalle-hverfinu, á þriðju hæð íbúðahótels. Ég var svo blautur bak við eyrun að ég skildi ekkert í léttklæddu konunum sem bjuggu þarna, né öllum þeim herramönnum sem strunsuðu þar út og inn. Fljótlega komst ég að raun um að þetta voru gleðitæknar, eins og ég kallaði þær,“ segir Gulli og hlær við.

„Þarna átti ég ömmu, mömmu, systur, frænkur og vinkonur, sem reyndust bestu lífverðir sem hugsast gat og höfðu mig undir sínum verndarvæng ef einhver reyndi að abbast upp á mig. Ég veit að konur af þessu tagi fá óskaplega harðan dóm, en að mörgu leyti dáist ég að þeim. Vitaskuld er þessi atvinna ekkert skemmtileg en gleðitæknar hafa margar geysilega mikinn karakter og lifa tvöföldu lífi sem viðskiptavinunum er hulið,“ segir Gulli alvarlegur í bragði.

„Þegar ég kvaddi París vildi „amma mín“ gefa mér dagbækur sem hún hafði haldið síðan hún var fimmtán ára gömul. Ég hafði ekki áhuga þá en sé eftir að hafa ekki þegið þær í dag. Í þá daga gerði ég mér grein fyrir hættunni að sitja uppi með slíkar dagbækur enda í þeim mjög þýðingarmikil nöfn sem margir vildu ekki að kæmust upp á yfirborðið.“

**Óvæntur sólargeisli**

Það var óvænt Guðs gjöf sem dró Gulla heim árið 1960.

„Þá fékk ég símtal frá ljósmóður á fæðingadeildinni í Reykjavík sem sagði mér að drengur væri fæddur og móðir hans hefði skráð mig sem föður hans, en áður höfðum við rætt þann möguleika að ég ættleiddi ófætt barnið. Ég vissi að með því væri ég að binda mig, en þarna var ég búinn að koma mér í hlutverk sem ég varð að standa mig í og held mér hafi tekist það afskaplega vel, að mér skilst af þeim sem til þekkja,“ segir Gulli, sem fór heim með fimm daga hvítvoðung af fæðingadeildinni.

„Ég veit ekki hvernig mér þótti að vera orðinn pabbi; held ég hafi aldrei sett mig í neitt sérstakt pabbahlutverk. Mín skoðun var sú, og ég hef oft sagt við fólk: „Í Guðanna bænum, hættið þessum mömmu- og pabbaleik, en gerist þess í stað vinir barnanna ykkar með leiðsögn, aga og virðingu að leiðarljósi,“ segir Gulli og augun ljóma þegar hann minnist á son sinn.

„Auðvitað er einstakt að ala upp fallegt og vel gefið barn, og Svan hefur ætíð verið afskaplega mikill gleðigjafi. Foreldrahlutverkið er það flóknasta á lífsleiðinni en einnig það mest gefandi,“ segir Gulli, sem ferðaðist um heiminn með Svan lítinn í poka á maganum og starfaði við fag sitt á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum en hitti litla drenginn brosmildan á kvöldin.

**Undir frægðarsól**

Í New York vann Gulli á Kim Madison Avenue, sem var aðalstofa stjarnanna í heimsborginni og þar sem hann kynntist mörgu frægðarmenninu.

„Þekktust er líklega vinkona mín Sophia Loren, en einnig Zsa Zsa Gabor og Elizabeth Taylor. Það sýnir vel persónuleika Sophiu þegar bæði vorum í Kaupmannahöfn og fyrir tilviljun hjá sama feldskera á Strikinu. Ég kynntist henni fyrst í París, svo aftur seinna í New York, en þarna var hún að máta pels eftir pels með allt starfsfólk búðarinnar í kringum sig. Skyndilega kemur hún auga á mig og kemur rigsandi: „Hello! Do you remember me? I'm Sophia Loren.“,“ segir Gulli og brosir að minningunni, en alls starfaði hann á sex stofum í Kaupmannahöfn, París, New York og Los Angeles.

„Í hreinskilni hefur mér þótt skemmtilegast að starfa á litlu stofunni minni hér heima. Það er vegna viðskiptavina minna, sem eru allt saman afskaplega yndislegt fólk og tryggir vinir. Ég hef fyrir reglu að halda þagnarbindindi hvað varðar viðskiptavini mína og nefni aldrei nein nöfn, en því er ekki að neita að flestir eru vel þekktir og valdamiklir einstaklingar sem eiga sameiginlegt að vera sterkir persónuleikar með virtan lífsferil.“

**Tilgangur lífsins**

Það eru tímamót í lífi Gulla. Húsið við Kirkjutorg er komið á sölu og aðeins götuhæðin óseld enn. Leigusamningurinn er laus frá og með 1. maí á næsta ári.

„Satt best að segja hugsa ég ekkert um þetta, en ég er efins um að halda áfram með stofuna,“ segir hann einlægur og sáttur við lífið.

„Lífið hefur að mörgu leyti verið skemmtilegt og gott, en á stundum mjög erfitt líka. Ég hef farið aðrar leiðir en samferðafólk mitt og geri enn. Lífið hefði getað orðið öðruvísi, en þó ekki. Ég er ekki beint forlagatrúar, en vil þó reikna með örlögunum. Ég á afskaplega yndislegan son og þrjár dásamlegar afastelpur sem allar eru miklir vinir mínir, og þótt bannsettur kassinn á ballettæfingunni hefði alveg matt missa sín hefur þetta líklega átt að fara svona. Mesta ríkidæmið er ástvinir manns; að hafa einhvern til að lifa fyrir. Það er tilgangur lífsins.“ ■




**ÖÐRUVÍSI OG EINSTAKUR** Gulli hefur alla tíð vakið óskipta athygli Íslendinga, enda engum öðrum líkur. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



# EXPERTÚRVALIÐ

elta

**3.990**



## Fótanuddtæki

Fótabað hitar og nuddar
4 stillingar
Skermur til að sjá vatnið
Litur: Hvítur og blár
Sambykkt af GS og CE
FS106

---

**5.990**




## Idol - græja

Gengur með öllum
Karaokí hljómdiskum
Tengist við PS2, Xbox, DVD
Tengist svo við sjónvarp
DVD diskur fylgir með
Karaoki fyrir alla fjölskylduna
Stilling á hljóði og
bergmáli
Kemur með AV snúru
Gæða hljóðnemi fylgir með

---

SONY

**12.900**



## Sony - stæða

Spilar MP3 fila
CD/kassettutæki
AM&FM Útvarp
2 x 5W RMS
Forstilltur tónjafnari
Tengi að framan
RDS
30 stöðva minni
Tophlaðinn CD spilari
CD-R/CD-RW
CMTEH10

---

Canon

**29.900**



## Canon tökuvél

1/6" 800k pixel CCD nemi
DIGIC DV örgjörvi
20 X optiskur aðdráttur
400 X stafrænn aðdráttur
DV út AV inn
Taska, miniDV spóla
og linsuklútur fylgir með
16:9 breiðtjaldskerfi
Hristivörn
Sjálfvirkt "Easy" kerfi
2.4" skjár
"Viewfinder" í lit
MV800 DV

---

REMINGTON

**1.990**



AVON
Hárvörn fylgir með

## Hárblásari

Kraftmikill 2000 Watta þurrkari
Ionic tækni
Keramik í haus
3 m löng snúra
2 hraðastillingar
3 hitastillingar
Kaldur blástur
Hljóðlátur
D3410

---

Nudd í bílinn eða á skrifstofuna og gleðiljós saman í pakka

**19.990**



## Heilsutvenna

Nuddar og hitar kroppinn
10 mótorar sem stjórna nuddinu
Margar stillingar, kraftur og hraði
Alveg unaðsleg slökun
Léttlyndisljós
Yfir 10.000 lux
Ljósið sem allir eru að
tala um

**Ljós og nudd saman í pakka**

---

Multimedia Player AivX

**24.790**



## Flakkari

Diskahús fyrir harðan disk
USB tengi í tölvu
Tengist beint í TV
Myndsýning
MP3 spilun
250GB harður diskur
8 MB buffer
7.200 Silent Seek
Fjarstýring

---

CREATIVE

**12.990**



## Vefmyndavél

Byltingarkennd nýjung
Fylgir hreyfingum
Breiðlinsa nær 78°
sjónarhorni sem er 50%
meira en aðrar vélar
Stendur á snúningsdiski
USB tengi
Heyrnartól fylgja með
73VF015000009

---

SAMSUNG ELECTRONICS

**199.900**



## 42" Plasmaskjár

Skjástærð: 42" Plasma
Hlutföll: 16:9
Upplausn: 852x480
Skerpa: 3000:1
79mm þykkt
Stærð: 1024x630,5
Ábyrgð: 3 ár
PPM42S3QX

---

SAMSUNG ELECTRONICS

**15.900**



## SGH-E330N

Tri Band - 900/1800/1900
Innbyggt loftnet
65.000 lita TFT skjár
Ytri skjár LCD-grátóna
WAP2.0, GPRS, MMS
VGA myndavél
Getur tekið myndir
bæði opinn og lokaður
Einangrar umhverfishljóð
er góður í hávaða

---

SAMSUNG ELECTRONICS

**34.900**



## SGH-E760

1.3 MP myndavél
Myndbandsupptaka
262.144 lita TFT skjár
OLED ytri skjár
MP3 spilari
M-takki - skynjar hreyfingu
Blátönn
USB háhraðatengi
TriBand
Handfrjáls búnaður fylgir

---



**DVD og tölvuleikir 1.998**

2 fyrir 1
expert

# expert

Skútuvogi 2 - sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 I laugardaga kl. 10.00 - 18.00 I sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Birt með fyrirvara um villur.

# VELKOMIN Í STÆRSTU HÚSGAGNAV




## Ævintýralega flott jólatilboð - KOMDU OG

## VINNUR ÞÚ
### HEILA STOFU AÐ VERÐMÆTI
# 550.000





Komdu í Húsgagnahöllina og taktu þátt í skemmtilegum leik, þú svarar laufléttri spurningu og getur unnið:

**1. VINNINGUR:** Stofa að verðmæti **550.000 kr.** Veldu á milli klassískrar eða nútíma hönnunar.

**2. VINNINGUR:** Granos kaffikanna frá BODUM að verðmæti **69.980 kr.**

**3. VINNINGUR:** Gjafapakki frá ZONE að verðmæti **40.000 kr.**

*Dregið 21. desember*

STÓRA JÓLAÆVINTÝRIÐ Á LITLA ÍSLANDI

hó hó hó



2.280 VERÐ ÁÐUR 3.490
**WOK PANNA** með loki

3.980 VERÐ ÁÐUR 5.880
**NISSEN** kryddstaukur, fæst beyki og mahogny

FRÁ: 1.190 VERÐ ÁÐUR 1.590
**CANTEEN** hitaglös 3 stærðir



2.980 VERÐ ÁÐUR 4.980
**SANTOS** kaffikanna 8 bolla




24.980 VERÐ ÁÐUR34.980
**JANE** borðstofuborð 80x120 cm, stækkanlegt.
Einnig til 80 x 80 cm, stækkanlegt kr. **19.980** áður ~~29.980.~~

## OPIÐ ALLA DAGA

Mánudaga - föstudaga 10-19 Laugardaga

# ERSLUN Á ÍSLANDI

HÚSGAGNAHÖLLIN




# GERÐU GÓÐ KAUP UM HELGINA!




**SERENA** borðstofustóll,
fæst í creme og svörtu.

7.980
VERÐ ÁÐUR **12.980**

47.980 VERÐ ÁÐUR **69.980**

**WASHINGTON** tunugsófi, fæst í khakí og Camel.

79.980 VERÐ ÁÐUR **99.980**

**LAGUNA** svefnsófi L190 xD90 x H90 cm.




LOFTMYNDIR/SAMSETT MYND: KRISTINN

# *Endur í vegi framfara*




Mynd eftir Kristján Davíðsson

LISTMUNAUPPBOÐ

sunnudag 4. desember, kl. 19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 130 verk,
þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í
Gallerii Fold, Rauðarárstíg 14 - 16,
í dag kl. 10.00 - 17.00,
á morgun kl. 12.00 - 17.00

Uppboðsskráin er einnig á netinu: www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is


**Með því að leggja Hringbraut í stokk frá Njarðargötu vestur fyrir Melatorg gæti Reykjavík eignast glæsilegan almenningsgarð og tengt háskólasvæðið við miðborgina. Bergsteinn Sigurðsson skyggndist inn í framtíðina.**

Almenningsgarðar skipa jafnan stóran sess í öllum betri borgum og nægir að nefna Central Park í New York, Hyde Park í London og Frognerpark í Osló því til stuðnings. Með talsverðri víðsýni má kannski kalla Hljómskálagarðinn og Miklatún vísi að slíkum garði en lengra nær það ekki.

Hugmyndir að almenningsgarði eru sannarlega til og meira að segja gert ráð fyrir honum sem hugsanlegum framtíðarmöguleika á aðalskipulagi borgarinnar.

Nýja Hringbrautin gæti hins vegar sett strik í reikninginn. Gatan er orðin sannkallað olnbogabarn og sá þykir varla maður með mönnum í borgarstjórn sem hefur ekki barið sér á brjóst og annað hvort beðist afsökunar eða svarið af sér ábyrgð á framkvæmdinni.

### Styttri stokkur

Meðal þeirra hugmynda sem komu fram um nýja Hringbraut var að setja hana í stokk. Höfuðborgarsamtökin lögðu til að stokkurinn næði frá Bústaðavegi vestur fyrir Njarðargötu, nokkurn veginn á sama svæði og nýja Hringbrautin liggur um núna. Sú hugmynd var afskrifuð af yfirvöldum, þótt nú virðist vera komið annað hljóð í strokkinn, hversu raunhæft sem það kann að vera að leggja hið gríðarlega umferðarmannvirki sem Hringbrautin er í stokk.

Önnur hugmynd sem kom fram á sínum tíma fólst í að leggja stuttan kafla Hringbrautarinnar, frá Njarðargötu og vestur fyrir Melatorg, í stokk með það að markmiði að létta umferð og skapa betri og öruggari tengingu milli háskólasvæðisins og miðbæjarins. Hugmyndin lýtur fyrst og fremst að því að leysa staðbundinn umferðarvanda. Að sögn Stefáns Finnsonar hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar aka um þrjátíu til fjörutíu þúsund bílar um þetta svæði daglega og gæti stokkur minnkað umferð á yfirborðinu um allt að helming og lækkað slysatíðni.

### Tjörnin yfir Hringbraut

Ekki hafa komið fram hugmyndir um að reisa hús á yfirborðinu. Svæðið að ofanverðu myndi því sóma sér vel sem stór almenningsgarður og hefur finnski arkitektinn Alvar Alto meðal annars útfært hugmyndir þar sem Tjörnin heldur áfram sunnan við Hringbrautina. Þá er hægt að koma fyrir hjóla- og göngustígum og búa til blómlegt útivistarsvæði. Að sögn Dags B. Eggertssonar, formanns skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, þykir þessi hugmynd einn af nokkrum raunhæfum framtíðarmöguleikum. Aðrar framkvæmdir eru þó taldar brýnni, þar á meðal Sundabraut, Miklabraut og Öskjuhlíðargöng.

Engin frumhönnun liggur fyrir á hugmyndinni um stokkinn á þessu svæði sem hér um ræðir svo ekki er hægt að meta kostnaðinn af framkvæmdinni.

### Steinn í götu

Það er hins vegar ljóst að aðrar stokkalausnir eru sennilega arðbærari hvað varðar landrými og lóðaverðmæti, sem gera þennan kost ólíklegri en ella. Dagur fullyrðir þó að ekkert sé útilokað og bíður meðal annars eftir afrakstri hugmyndasamkeppni um um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar.

Annar vandi sem þótti standa þessari framkvæmd fyrir þrifum var áhrifin sem hún gæti haft á vatnsbúskap tjarnarinnar sem og fuglalíf í grenndinni.

Eins og Örn Sigurðsson hjá Höfuðborgarsamtökunum bendir á hlýtur því hins vegar ávallt að fylgja rask þegar borgir eru byggðar. Það megi hins vegar takmarka með því að þétta byggð en ekki dreifa henni um holt og hæðir eins og gert hefur verið í Reykjavík með ófyrirséðum afleiðingum á fuglalíf. Þá telur Örn að auðveldlega megi leysa vatnsbúskap Tjarnarinnar með því að dæla vatni úr Vatnsmýrinni í hana en að hans sögn er það hægt með litlum tilkostnaði. ■

# Aðventugleði

## í hjarta borgarinnar

**Ljósin tendruð á Óslóartrénu á Austurvelli í dag kl. 15:30**

**Allt frá árinu 1951 hafa frændur okkar í Ósló fært Reykvíkingum jólatré sem sett hefur verið upp á Austurvelli. Á hverju ári hafa borgarbúar fagnað þessari gjöf með því að bregða undir sig betri fætinum og taka þátt í þeim hátíðarhöldum sem haldin eru í tilefni af ljósadýrð trésins góða.**

**15:30** Lúðrasveit Reykjavíkur leikur jólalög á Austurvelli.

**16:00** Dómkórinn syngur nokkur lög undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar.

Guttorm Vik, sendiherra Noregs, afhendir Reykvíkingum jólatréð fyrir hönd Óslóarbúa og ljósin kveikir hin 7 ára norsk-íslenska Kristín Magnúsdóttir.

Persónurnar Reyndar og Raunar úr aðventuævintýri Þjóðleikhússins, Leitin að jólunum eftir Þorvald Þorsteinsson, líta við á Austurvelli og syngja jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum við tónlist Árna Egilssonar.

Söng- og leikatriði úr Jólaævintýri Hugleiks byggt á jólasögu Dickens um Ebenezer Skrögg. Klassísk saga sem öll fjölskyldan getur notið saman, og er kjörin til að koma fólki í jólaskap.

Stekkjastaur, Stúfur og Þvörusleikir ætla ekki að láta sig vanta, enda hafa þeir sérstaklega gaman af jólaljósum og ekkert finnst þeim skemmtilegra en að syngja með kátum krökkum. Hver veit nema fleiri úr þeirri skemmtilegu og skrýtnu fjölskyldu séu komnir í bæinn!

*Dagskráin verður jafnframt túlkuð á táknmáli*

**Kynnir er Gerður G. Bjarklind**




Reykjavíkurborg

**P** **Ókeypis aðangur** í bílastæðahús í Ráðhúskjallaranum frá **kl. 13:00 - 19:00**

zetor

# Ilmurinn úr eldhúsinu...

Desember er tími ofgnóttar í mat, drykk, samveru og kærleika. Hvarvetna má skjóta sér inn úr kuldanum og setjast að veisluborði í veitingahúsum landsins. Hér gefur að líta sýnishorn af aðeins fáeinum valkostum þegar kemur að jólahlaðborðum þetta árið.

**PERLAN**

**Hvað er í boði:** Stærsta og mesta úrval hefðbundinna, íslenskra jólarétta; yfir áttatíu réttir á boðstólum. Sérstaða borðsins eru dádýr og hreindýr meðal aðalrétta.
**Verð:** 4.950 krónur á mánudögum og þriðjudögum, en 5.950 aðra daga. Frítt fyrir börn undir sex ára aldri, en 3.500 krónur fyrir sex til tólf ára.
**Stemning:** Líflegir starfsmannahópar um helgar. Fjölskyldur og einstaklingar að gera sér dagamun á virkum dögum. Perlan snýst einn hring á tveimur tímum.
**Í boði fyrir börnin:** Ekkert barnahorn en haft ofan af fyrir börnum með litabókum og litum. Sunnudagar eru einkar vinsælir hjá barnafjölskyldum.
**Skemmtiatriði:** Lifandi dinnertónlist á föstudags- og laugardagskvöldum.

**SKÍÐASKÁLINN Í HVERADÖLUM**

**Hvað er í boði:** Hefðbundið íslenskt jólahlaðborð frá fimmtudegi til sunnudags.
**Verð:** Fimmtudagar krónur 4.990, föstudagar og laugardagar krónur 6.400 og sunnudagar krónur 4.500. Frítt fyrir börn til tólf ára.
**Stemning:** Hátíðleg stemning sem felst ekki síst í umhverfinu og staðnum sjálfum enda jólalegur skíðaskáli í fögrum fjallasal. Starfsmannahópar og vinaklúbbar í meirihluta um helgar, fjölskyldur á sunnudögum og minni hópar og einstaklingar á fimmtudagskvöldum.
**Skemmtiatriði:** Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson syngja jólalög áfimmtudagskvöldum;hljómsveitin Sælusveitin leikur fyrir dansi föstudags- og laugardagskvöld, en áður býður Ólafur Benedikt Ólafsson gesti velkomna með harmóníkuleik og söng yfir borðum. Rútuferðir fram og til baka innifaldar í verði á föstudags- og laugardagskvöldum.

**ARGENTÍNA STEIKHÚS**

**Hvað er í boði:** Amerísk kalkúnaveisla þar sem heill kalkúnn er aðalaðdráttaraflið, auk dýrindis kalkúnarétta,lambafillets,enhvorki hangikjöt né hamborgarhryggur á borðum. Fyrir fólk sem leitar í jólaveislu með amerísku sniði, enda gömul hefð á Argentínu þótt breytilegir réttir séu frá ári til árs.
**Verð:** Krónur 4.900 sunnudaga til miðvikudags. Krónur 5.700 fimmtudaga til laugardags. Ókeypis fyrir börn upp að sex ára aldri. Krónur 1.800 fyrir börn frá sex til tólf ára.
**Stemning:** Lífleg um helgar þegar starfsmenn minni fyrirtækja gera sér glaðan dag á rótgrónu, litlu og yndislegu veitingahúsi. Fjölskyldur í meirihluta á fimmtudögum og sunnudögum.
**Í boði fyrir börnin:** Ekkert barnahorn, en börn innilega velkomin.
**Skemmtiatriði:** Engin.

**HÓTEL VALHÖLL Á ÞINGVÖLLUM**

**Hvað er í boði:** Íslenskt og þjóðlegt og vel útilátið jólahlaðborð frá fimmtudegi til sunnudags. Hádegishlaðborð á sunnudögum.
**Verð:** Krónur 4.900 í hádeginu á sunnudögum, annars 6.200 krónur. Krónur 1.850 fyrir börn frá fjögurra til tólf ára.
**Stemning:** Róleg, rómantísk og afslöppuð. Þjóðlegur hátíðleiki í bland við fagurt og nýuppgert hótel sem skín af glæsileika. Kerti og luktir lýsa upp umhverfið og áhersla á þjóðgarðinn, hátíðleik og fagra upplifun. Í boði er sérstakur gistipakki fyrir tvo, þar sem jólahlaðborð og morgunmatur er innifalinn.
**Í boði fyrir börnin:** Notalegt sjónvarpshorn með barnaefni, litabækur og fögur náttúra með snjókasti og vetrarfjöri utandyra.
**Skemmtiatriði:** Védís Hervör Árnadóttir syngur jólalög við undirleik Valdimars Kristjánssonar um helgar.

**VOX**

**Hvað er í boði:** Hægt er að mæta í hlaðborð með jólaívafi í hádeginu. Þar eru hinir hefðbundnu smáréttir í boði auk svínakjötsins vinsæla. Þar að auki gefst gestum færi á að smakka fleiri eftirrétti en gengur og gerist á venjulegum hlaðborðum. Hins vegar er hægt að fá sér af svokölluðum jólaseðli þar sem herlegheitin hefjast með úrvali smárétta, öli og snafsi. Í forrétt er boðið upp á steiktan humar í kardimommukrydduðu gulrótarkremi. Í aðalrétt er hægt að velja á milli unggríss og villiandar en í eftirrétt er rjómarönd og jólaglögg. Þá má ekki gleyma jólabrunchi í hádeginu á sunnudögum þar sem gestir geta mætt með börnin sín, gefið þeim að borða og komið þeim síðan í umsjá tveggja leiklistarnema ef þeir vilja fá ró og næði.
**Verð:** Hlaðborðið kostar 3.250 krónur en jólaseðillinn er á 6.500 krónur en hægt er að bæta 3.500 krónum við og fá sérvalin vín með.
**Stemning:** Vox býður hópa velkomna til sín og getur útbúið fasta matseðla sem bornir eru fram í fyrirfram pöntuðum sal. Veitingastaðurinn þykir nokkuð hlýlegur og hentar vel fyrir pör sem vilja gera sér dagamun.
**Í boði fyrir börnin:** Enginn sérstakur matseðill er í boði fyrir börnin en hins vegar er hægt að einfalda allt á matseðlinum þegar þau eru með í för. Leiklistarnemarnir hafa vakið mikla kátínu meðal barnanna á sunnudögum.
**Skemmtun:** Það er lifandi tónlist á barnum, fimmtudaga til sunnudaga.

**Á NÆSTU GRÖSUM**

**Hvað er í boði:** Árleg friðarmáltíð, ígildi jólahlaðborðs, helgina 9. til 11. desember. Hnetusteik er í aðalhlutverki með úrvali meðlætis. Tíu ára gömul hefð þar sem gestakokkur er Spessi ljósmyndari.
**Verð:** Krónur 2.200
**Stemning:** Gríðarleg stemning og hátíðleiki.
**Í boði fyrir** börnin: Barnapitsur.
**Skemmtun:** Blús og djass fyrir matargesti, auk ljóðaupplesturs Sigríðar Jónsdóttur á laugardagskvöldinu.

**HÓTEL LOFTLEIÐIR**

**Hvað er í boði:** Ekta danskt jólahlaðborð Idu Davidsen, sem er frægasta smurbrauðsdama Danaveldis, og Marentzu Poulsen. Árviss hefð í þrettán ár, sem byrjaði á Hótel Borg. Í boði alla daga vikunnar.
**Verð:** Í hádeginu alla daga krónur 3.000; krónur 4.500 mánudags- til


KJÖTSKURÐUR Í PERLUNNI


DANSKT SMURBRAUÐ Á HÓTEL LOFTLEIÐUM


AMERÍSKUR KALKÚNN Á ARGENTÍNU


JÓLATERTUR Í PERLUNNI


JÓLAHLAÐBORÐ Á VOX, NORDICA HÓTEL
















SKÍÐASKÁLINN Í HVERADÖLUM

fimmtudagskvölds, og krónur 4.800 föstudags- og laugardagskvöld. Frítt fyrir börn yngri en fimm ára. Hálft gjald fyrir börn sex til tólf ára.

**Stemning:** Danskur jólahátíðleiki svífur yfir vötnunum, enda Danir kunnir fyrir að dekra við sig í desember. Ida Davidsen kemur sjálf til landsins til að setja upp jólahlaðborðið, sem er ómissandi viðburður fyrir marga að verða vitni að.

Skemmtun: Helga Möller og Magnús Kjartansson sjá um fagra jólatónlist á föstudags- og laugardagskvöldum. Sunnudagana 11. og 18. desember endar hádegishlaðborðið á dansi í kringum jólatré þar sem gjöfum til barna er úthlutað. ■

# Kanntu þig á mannamótum?

*Það eru nokkrar reglur sem er nauðsynlegt að hafa í huga þegar kemur að mannamótum og þá ekki síst... jólahlaðborðum. Hér koma tíu þumalputtareglur sem geta gert jólahlaðborðið með vinnufélögunum enn skemmtilegra:*

**1** Hagaðu tíma þínum þannig að þér gefist nægur tími til að skipta um föt áður en þú mætir í jólahlaðborðið.

**2** Hvaða vínsérfræðingur sem er ráðleggur þér eindregið frá því að byrja drekka af einhverju viti áður en kemur að matnum. Áfengi og fastandi magi fara ekki sérlega vel saman. Þröng föt og of flegin er betra að skilja eftir heima.

**3** Saltið í jólamatnum getur valdið bjúgsöfnun á röngum stöðum. Til að koma í veg fyrir slíkt er gott að borða ávexti og grænmeti sem mótvægi.

**4** Þótt þú hafir lesið eina grein um rauðvín þýðir það ekki að þú sért sérfræðingur. Forðastu allan belging um léttvín en slíkt veldur aumingjahrolli hjá starfsfélögunum.

**5** Jólahlaðborð eru oftast smekkfull af mat og því nóg til handa öllum. Þar er einnig samansafn af mörgum réttum sem eiga ekki allir jafn vel saman. Forrétti og aðalrétti ætti að snæða sér, fáðu þér minna á diskinn og farðu frekar fleiri ferðir.

**6** Ekki reyna að brydda upp á nýjungum í matargerð þó að litir mismunandi rétta passi vel saman. Þetta er fullorðið fólk og það er ekki lengur gaman að leika sér með matinn.

**7** Það eru margir sem drekka ekki vín með mat og það er vel. En ekki panta stórt gosglas með miklum klaka. Fáið ykkur frekar jólaöl eða jafnvel bara vatn.

**8** Það er algengur misskilningur meðal margra að hlaðborð séu kappát. Reyndu frekar að njóta matarins því borðhaldið getur staðið yfir í tvo til þrjá tíma. Ef þú reykir sýndu þá lágmarkskurteisi að bíða eftir því að sessunautarnir ljúki við matinn sinn.

**9** Þegar makarnir fá að fljóta með er ekki ráðlagt að hefja samræður um eitthvað vinnutengt. Það þreytir þá ólýsanlega. Þó að áramótin séu framundan er heldur ekki sniðugt að fara gera upp einhverjar sakir yfir matnum. Skildu því vinnuna eftir í vinnunni.

**10** Hafðu það eitt í huga áður en þú leggur af stað að allt er gott í hófi.

allt
atvinna
Alla sunnudaga




Jólatré
Eitt verð um helgina
normanns-
þinur
100-200 sm
1999




Netseríur
-inni 1490
-úti 3390

allt að
60%
afsláttur



Skrautseríur 399

## Enn betra verð

**Inniseríur:**
10 ljósa 99 kr
20 ljósa 149 kr
35 ljósa 259 kr
50 ljósa 319 kr
100 ljósa 589 kr

**Útiseríur:**
40 ljósa 589 kr
80 ljósa 789 kr
120 ljósa 1499 kr
160 ljósa 2269 kr

Garden light, stærri, skrúfaðar perur
20 ljósa 1999 kr
40 ljósa 3999 kr
60 ljósa 6499 kr
80 ljósa 7999 kr

Starlight, vandaðri seríur, stærri, skrúfaðar perur,
40% afsl.

# Jólatré og jólaljós



Öll kerti
30%
afsláttur
laugard.-sunnud.

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

# Á BARMI HUNGURSNEYÐAR

**Útlitið er dökkt í Afríkuríkinu Malaví eftir enn einn uppskerubrestinn. Á meðan stjórnmálaforingjar landsins bítast um völdin glímir þjóðin við stöðugt vaxandi fæðuskort. Þórður Hjálmarsson, starfsnemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, þekkir ástandið í landinu eftir störf sín þar.**



**MALAVÍ** Fréttir berast af fjölskyldum sem hafa ekki efni á því að kaupa maísmjöl á opnum markaði og draga fram lífið á mangóávöxtum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn eitt árið hafa margar þjóðir í suðurhluta Afríku orðið fyrir barðinu á uppskerubresti og þurrkum. Fæðuskortur er algengt vandamál þar um slóðir, en meirihluti fólks býr við sára fátækt. Í venjulegu árferði hefur helmingur allra fjölskyldna ekki í sig og á og þarf því að selja húsdýr sín og treysta á utanaðkomandi aðstoð. Margar þessara fjölskyldna eru að ganga í gegnum fæðuskort þriðja eða fjórða árið í röð og hafa litla möguleika á að afla sér tekna til matarkaupa.

Í dag er Malaví það land sem er hvað verst á vegi statt í suðurhluta Afríku. Það er eitt af þrettán fátækustu löndum heims og um 85 prósent þjóðarinnar byggja afkomu sína á landbúnaði.

Maísmjöl er uppistaðan í fæðu flestra landsmanna, en miklir þurrkar hafa orðið til þess að uppskera í landinu er sú minnsta í rúman áratug. Lítið er um áveitukerfi í landinu, sem þó er mjög ríkt af vatni. Malavívatn er þriðja stærsta stöðuvatn Afríku. Því þurfa bændur að treysta algjörlega á regn. Fæstir hafa efni á því að kaupa áburð eða gott útsæði sem einnig hefur leitt til lélegrar uppskeru.

Önnur hlið á vandkvæðum við fæðuöflun er hversu margir eru smitaðir af alnæmisveirunni en opinberar tölur segja að nálægt tuttugu prósent Malava beri veiruna í sér. Þessar tölur eru lægri þegar litið er til barna og eldra fólks en að sama skapi mun hærri hjá þeim aldurshópi sem undir venjulegum kringumstæðum aflar mestrar fæðu og tekna fyrir heimilin.

Ástandið er nú þegar orðið mjög alvarlegt, sérstaklega í suðurhluta Malaví þar sem fátæktin er hvað mest. Birgðastöðvar landbúnaðarþróunarstofnunar ríkisins, sem selja maísmjöl á niðurgreiddu verði, eru víða tómar eða selja maísmjöl í litlum skömmtum. Fréttir berast af fjölskyldum sem hafa ekki efni á því að kaupa maísmjöl á opnum markaði og draga fram lífið á mangóávöxtum, vatnaliljum og ýmiss konar rótum. Þó svo að talsvert magn af maísmjöli sé til í landinu er það að mestu leyti í eigu einkaaðila sem selja það á opnum markaði. Vegna þess hve þörfin er mikil í landinu hefur verð hækkað mikið auk þess sem margir kaupsýslumenn sitja á birgðum sínum og bíða þess að verðið hækki enn frekar.

*Það er skammur tími til stefnu og ef fjárframlög berast ekki á allra næstu vikum mun stór hluti malavísku þjóðarinnar horfa fram á hungursneyð sem mun vara fram í mars á næsta ári.*

Fregnir hafa borist af dauðsföllum vegna hungurtengdra sjúkdóma en þær hafa þó ekki fengist staðfestar af yfirvöldum.

**Pólitísk hnútukast**

Föstudaginn 14. október lýsti forseti Malaví, dr. Bingu wa Mutarika, yfir neyðarástandi í landinu og biðlaði til hjálparstofnana og alþjóðasamfélagsins að koma þjóð sinni til bjargar. Dr. Mutarika hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir að lýsa ekki yfir neyðarástandi í landinu fyrr. Það var löngu ljóst í hvað stefndi og í júní á þessu ári hóf Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna WFP að dreifa maísmjöli í þeim sjö héruðum í Malaví sem eru hvað verst sett.

Viðbrögð stjórnvalda við því alvarlega ástandi sem nú þegar ríkir í landinu hafa ekki verið fullnægjandi. Dr. Mutharika komst til valda með liðsstyrk þáverandi stjórnarflokks, Sameinuðu lýðræðisfylkingarinnar, en sagði fljótlega skilið við hann og stofnaði sinn eigin flokk, Lýðræðislega framfaraflokkinn, sem á engan mann á þingi. Tveir þingmenn hafa kært flokksskipti dr. Mutharika og stjórnarandstaðan, með fyrrverandi forseta landsins í broddi fylkingar, hefur lagt fram tillögu þess efnis að hann verði sviptur völdum. Það ríkir því stjórnarkreppa í Malaví þar sem forsetinn nýtur ekki stuðnings meirihlutans á þingi. Á sama tíma og malavíska þjóðin horfir fram á hungursneyð eyða stjórnmálamenn mestum tíma sínum og orku í ásakanir um vanhæfni og spillingu pólitískra andstæðinga sinna. Heyrst hafa gagnrýnisraddir frá fulltrúum erlendra ríkja og alþjóðlegra þróunarsamvinnustofnana. Fyrirhuguð valdasvipting forsetans er gagnrýnd á þeim forsendum að brýni málefnum þurfi að sinna auk þess að hún getur haft neikvæð áhrif á samstarf erlendra stofnana við malavísk yfirvöld.

Friðsamlegar mótmælagöngur hafa verið farnar í stærstu borgum landsins þar sem fólk mótmælir því að forsetinn verði sviptur völdum og krefst þess að ráðamenn þjóðarinnar taki höndum saman við að leysa neyðarástandið sem þjóðin stendur frammi fyrir.

**Tíminn er naumur**

Áætlað er að hátt í helmingur þjóðarinnar, allt að fimm milljónir manna, muni þurfa á aðstoð að halda þar til að næstu uppskeru kemur, í mars á næsta ári. Nú þegar hafa ýmis hjálparsamtök, ásamt ríkisstjórn Malaví, hafið dreifingu á matvælum til þeirra svæða sem verst eru stödd. Þó svo að aukin fjárframlög hafi komið til skjalanna á undanförnum vikum frá stærstu samstarfsríkjum Malaví í gegnum WFP og fleiri hjálparsamtök er þörfin enn gríðarleg.

Ástandið er orðið mjög slæmt víða og á eftir að versna mikið ef ekki verður gripið til aðgerða nú þegar. Þó svo að hægt sé að halda ástandinu í skefjum er nauðsynlegt að taka tillit til staðhátta. Mörg þau svæði sem eru hvað verst sett og þar sem þörfin er hvað mest eru í dreifbýli.

Þegar rigningatímabilið hefst um þetta leyti árs verða sum þessara svæða nær algjörlega einangruð frá umheiminum. Vegir eru víða mjög slæmir og verða ófærir þegar rigningarnar hefjast, í það minnsta stórum flutningabílum. Því verður að koma upp birgðastöðvum í afskekktustu hlutum landsins áður en það gerist. Það er því gríðarlega mikilvægt að þeir miklu fjármunir sem upp á vantar skili sér sem allra fyrst. Maísmjöl er einkum flutt inn frá Suður-Afríku og það tekur langan tíma að flytja það til landsins og koma því til afskekktra svæða þar sem þörfin er hvað brýnust.

Það er skammur tími til stefnu og ef fjárframlög berast ekki á allra næstu vikum mun stór hluti malavísku þjóðarinnar horfa fram á hungursneyð sem mun vara fram í mars á næsta ári.

**Íslendingar leggja hönd á plóg**

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur verið í samstarfi við stjórnvöld í Malaví síðan 1989 og veitt ýmsum þróunarverkefnum stuðning. Má þar helst nefna stuðning við verkefni tengd fiskveiðum, mennta- og heilbrigðismálum.

Samstarfsverkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands eru aðallega í Mangochihéraði niðri við Malavívatn. Mangochi-hérað er eitt af þeim sextán héruðum sem talið er að verði illa úti í yfirvofandi hungursneyð. Í Monkey Bay í Mangochi búa þrír starfsmenn ÞSSÍ, tveir tæknilegir ráðgjafar við sjúkrahúsið í Monkey Bay sem ÞSSÍ byggði í samstarfi við yfirvöld í Malaví og einn er ráðgjafi við verkefni á sviði fiskveiða. Ástandið í Mangochihéraði fer óðum versnandi, auk þess að glíma við hungur og önnur landlæg vandamál geisar nú kólerufaraldur í fiskiþorpinu Malembo en einnig hafa komið upp tilfelli í fleiri þorpum. ■

*Á sama tíma og malavíska þjóðin horfir fram á hungursneyð eyða stjórnmálamenn mestum tíma sínum og orku í ásakanir um vanhæfni og spillingu pólitískra andstæðinga sinna.*



**ÁHYGGJULAUS ÆSKAN** Þessir snáðar í þorpinu Chirombo í Mangochi-héraði láta ástandið í landinu ekki hafa mikil áhrif á sig heldur una sér glaðir við leik. MYND/ÞÓRÐUR HJÁLMARSSON



**ERFITT VERK** Það er erfitt verk að flytja eldivið langar leiðir eins og þessi Zomba-búi ber með sér. MYND/ÞÓRÐUR HJÁLMARSSON

### MALAVÍ

■ *Árið 1891 stofnuðu Bretar nýlenduna Nyasaland sem árið 1964 fékk sjálfstæði og kallaðist þá Malaví. Næstu þrjá áratugina stýrði Hastings Banda landinu með harðri hendi en það var fyrst 1994 sem kosningar voru haldnar í Malaví. Í dag ríkir Bingu wa Mutharike yfir Malaví en honum hefur gengið illa að hemja vaxandi spillingu, fólksfjölgun og rányrkju og draga úr fjölgun HIV-smitaðra.*

**Stærð:** 118.840 ferkílómetrar, litlu stærra en Ísland.
**Íbúafjöldi:** Rúmar tólf milljónir.
**Höfuðborg:** Lílongve.
**Staðsetning:** Í Austur-Afríku, umkringt Sambíu, Tansaníu og Mósambík.



**Trúarbrögð:** 79 prósent kristnir, 12 prósent múslimar, 9 prósent önnur trúarbrögð.
**Lífslíkur íbúa við fæðingu:** 41 ár.
**Árleg þjóðarframleiðsla á mann:** 600 dalir.
**Atvinnuvegir og útflutningur:** Flestir landsmenn vinna við landbúnað. Helstu útflutningsafurðir eru tóbak, te og sykur.



# 25% afsláttur af jólafatnaði




**Nýtt kortatímabil**



**Kúrekastígvél** svört, brún, st. 36-41 — 5.999 kr




**Stígvél** támjó svört, st. 36-41 — 4.999 kr (Verð áður 5.999,-)




**Ballerínuskór** m/hæl brúnir, svartir, st. 36-41 — 4.999 kr



**Spariskór** m/perlum svartir, st. 36-41 — 3.999 kr

Gildir til 5. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KÆRI JÓN Jón Gnarr ræður lesendum Fréttablaðsins heilt á aðventunni >

**Hæ Jón,**
Af hverju fá sumir krakkar meira en aðrir í skóinn þótt þeir séu ekkert þægari? Finnst jólasveinunum ekki jafn vænt um alla?
Mamma hjálpaði mér og sagði mér að spyrja þig.
Kristján Pétur, 6 ára.

***Sæll, Kristján.***
*Það er ekki hægt að treysta jólasveinunum. Þeir eru svo vitlausir og svo eru þeir líka svo margir og ruglast í ríminu. Haltu samt áfram að vera þægur.*
*Kveðja, Jón*

**Sæll, Jón Gnarr**
Er ekki vön að skrifa svona bréf og hef aldrei haft neitt sérstaklega mikið álit á þér, satt best að segja (sorrý! :) en ég sá þig hjá Sirrý og þar var verið að tala um þessi samtök fyrir fólk sem skuldar. Ég er svo kvíðin fyrir jólunum. Fjármálin mín eru í klessu. Ég er ekki að fá neitt útborgað og mig langar svo að taka lán til að redda þeim. En ég skulda ógeðslega mikið og var að fara í gegnum árangurslaust fjárnám í sumar. Ég er orðin andvaka yfir þessu á nóttunni. Er hægt að gera mann gjaldþrota? Getur maður farið í skuldafangelsi? Hvernig kemst maður í þessi samtök? Getur maður bara mætt?
Fröken Kvíðahnútur

***Kæra fröken Kvíðahnútur.***
*Það er dýrt að vera fátækur. Þú ert örugglega svo spennt og stressuð að þú hugsar ekki skýrt. Þú þarft hjálp við að endurskoða fjárhaginn hjá þér. Þessi samtök heita Debtors Anonymous og eru með fundi að Seljavegi 2, á miðvikudögum kl. 20.00 - 21.00 og á sunnudögum kl. 11.00 - 12.00. Ég held að þú getir bara mætt. Þú getur tékkað á heimasíðunni þeirra: http://www.daiceland.org. En hvað sem þú gerir, ekki taka fleiri lán!*
*Kveðja, Jón*

**Kæri Jón,**
Mér hefur lengið litist rosalega vel á eina stelpuna í bókhaldinu í vinnunni. Um miðjan desember er fyrirtækið með jólahlaðborð. Er það rétti tímapunkturinn til að láta hana vita af áhuga mínum. Ég held ég þori því ekki fyrr en eftir tvo eða þrjá bjóra.
SKJ

***Kæri SKJ.***
*Jólahlaðborðið er tilvalið tækifæri til að spjalla við hana. Byrjaðu á því að brjóta ísinn með því að slá henni gullhamra og hrósaðu henni fyrir útlitið eða klæðnað. Konur eru hrifnar af slíku. Þær punta sig fyrir mannamót og gleðjast þegar einhver tekur eftir því. Það er allt í lagi að fá sér einn eða tvo bjóra en passaðu þig á því að drekka ekki of mikið.*
*Kveðja, Jón*

**Kæri Jón**
Ég er fimmtán ára gamall strákur og finn fyrir miklum kvíða af því að mér gengur ekki sem best í skóla um þessar mundir. Gekk þér alltaf vel í skóla? Ef ekki til, fannstu þú líka fyrir kvíða og spennu?
Beggi.

***Kæri Beggi.***
*Það komu tímabil hjá mér þar sem mér gekk mjög illa í skólanum. Það er gott ráð að tala við námsráðgjafa eða skólasálfræðing og fá hjálp við að komast að því hvað er að. Kannski er ekki allt í lagi heima? Það er ekki auðvelt að læra þegar maður er kvíðinn og leiður. Sumum finnst líka ágætt að tala við prest. Gangi þér vel.*
*Kveðja, Jón*

**Kæri Jón**
Ég er kona í kringum þrítugt og hef komið mér vel fyrir í lífinu, er í vel launaðri vinnu og á góða íbúð og bíl. Stundum finn ég fyrir miklum einmanaleika en er þó ekki að leita eftir maka. Hvað get ég gert?
ALJ

***Kæra ALJ.***
*Ég held að einmanaleiki stafi sjaldnast af því að mann vanti félagsskap, heldur skorti á andlegri næringu. Alltof margir halda að annað fólk geti gert það hamingjusamt. Ertu ekki bara búin að vera að vinna of mikið? Þú ættir kannski að fara að gefa sjálfri þér meiri tíma og athygli. Þú gætir byrjað á að fara á Alfa námskeið. Svo er líka gott ráð að reyna að gera eitthvað fyrir aðra. Er ekki einhver í kringum þig sem vantar hjálp? Mundu að maðurinn lifir ekki á brauði einu saman.*
*Kveðja, Jón*



Sendið Jóni spurningar.
Netfangið er:
jongnarr@frettabladid.is

## ÁHRIFAVALDURINN SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON

# Vildi að ég lærði eitthvað skemmtilegt

„Minn mesti áhrifavaldur var móðir mín, Mjöll Sigurðardóttir, sem reyndar er látin,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur á Stöð 2, betur þekktur sem Siggi Stormur. „Hún lagði alltaf gríðarlega mikla áherslu á að ég lærði eitthvað sem ég hefði gaman af á meðan pabbi gamli vildi að ég lærði eitthvað praktískt, svo sem lögfræði eða eitthvað svoleiðis. Ef hún hefði ekki veitt mér þennan mikla stuðning hefði ég líklega bara endað í einhverjum svoleiðis störfum sem ég hefði örugglega ekki kunnað við eða enst í.“



SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON

Sigurður segir einnig að Þór Vigfússon, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, sé mikill áhrifavaldur í lífi sínu. „Hann skólaði mig til kennslu í raungreinum og stærðfræði þegar ég var nýskriðinn úr háskóla, réttindalaus og allslaus. Annan eins sannfæringarkraft og dugnað í starfi hef ég aldrei á ævi minni séð. Ég datt því inn í kennslu algjörlega fyrir hans sakir og á hann heiður skilið fyrir það því af þeirri reynslu hefði ég ekki viljað missa.“

Spurður um bækur sem hafa haft áhrif á hann segir hann að þær séu ekki margar. „Varðandi bókmennir þá hefur það nú verið þannig að ég les afskaplega mikið bækur sem tengdar eru vísindum á einn eða annan hátt, og þær bækur eru ekki beinlínis miklar áhrifavaldabækur. Ef ég á að nefna bók sem fékk mig til að hugsa þá verð ég að nefna bók Garðars Sverrissonar „Býr Íslendingur hér?“ sem fjallar um endurminningar Leifs Müller. Hann lenti í fangabúðum nasista í seinni heimstyrjöldinni og bókin fjallar að mestu leyti um það. Það eru nokkur ár síðan ég las hana en ég man hvernig mér leið eftir lesturinn. Þessi bók upplýsti mig um hvað maðurinn getur verið grimm og skelfileg skepna. Ég man hvað ég hugsaði sterkt að þetta mætti aldrei gerast aftur.“ ■



ÞÓR VIGFÚSSON SKÓLAMEISTARI



| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
| --- | --- | --- | --- |
| Reykjavík | 10.51 | 13.18 | 15.44 |
| Akureyri | 11.00 | 13.02 | 15.04 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

allt

bílar o.fl.
**REYNSLUAKSTUR**
Subaru Impreza
bls. 2

**ÁSGARÐUR**
Jólamarkaður í dag
bls. 8

tíska o.fl.
**NÆLUR**
Skraut í skammdegi
bls. 11

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

*Góðan dag*

Í dag er laugardagurinn 3. desember 337. dagur ársins 2005

**KRÍLIN**




**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Jón Einarsson ásamt MGA Roadster árgerð ´57 sem hann segir að sé falur fyrir gott verð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# Góður bíll á sunnudagsrúntinn

***Jón Einarsson á glæsilegan MGA Roadster árgerð 1957. Þetta er einn af þremur fornbílum sem eru í eigu Jóns.***

„Ég keypti þennan bíl hálfuppgerðan árið 2000 og gerði hann allan upp. Ég kláraði að ryðbæta bílinn, gerði vélina upp og setti mikið af nýju dóti í hann. Skipti um allar bremsuleiðslur og setti nýja leðurinnréttingu í bílinn. Svo fékk ég vin minn og félaga til þess að mála stálinnréttinguna inni í bílnum eins og hún væri úr viði. Það var nefnilega oft gert við breska sportbíla,“ segir Jón.



Mælaborðið í bílnum var oðrað.

Hann segir marga vilja meina að þessi gerð MGA bíla sé best heppnaðasta gerð MGA sportbílanna þó hann sé vissulega barn síns tíma enda árgerð 1957.

Vélin í bílnum er 1622 cc og skilar heilum 120 hestöflum. Þegar Jón keypti bílinn var hann keyrður rúmar 23.000 mílur en hafði ekki verið notaður í fimmtán eða tuttugu ár. „Hann kom til landsins óuppgerður frá Bandaríkjunum árið 1997 og ég er þriðji eigandi hans hér á landi en fyrsti skráði eigandinn.“

Jón segist nú ekki nota bílinn mikið, kannski þá helst til þess að taka frúna á rúntinn. „Maður fer kannski með konunni í leikhús eða á sunnudagsrúnt þegar veður er gott.“

Þetta er hins vegar ekki eini fornbíllin sem Jón á því hann á tvo aðra mjög frambærilega fornbíla, Buick Century blæjubíl frá árinu 1955 og Hudson Terraplane árgerð 1937 sem er einnig blæjubíll. Jón segist ekki stefna á að kaupa fleiri fornbíla. „Nei, þetta er meira en nóg. MGA bíllinn er meira að segja falur ef einhver vill kaupa hann,“ segir Jón að lokum.

steinthor@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ JÓL - TÍSKA - BÍLAR ]**

**Jólaútsala** Brimborgar á notuðum bílum hófst 1. desember. Til viðbótar við lækkað verð á notuðum útsölubílum fá allir sem kaupa notaðan bíl hjá Brimborg ný dekk frá Nokian eða Pirelli. Kaupandinn velur um sumar- eða vetrardekk. Til að létta þér kaupin býður Brimborg lán með engri útborgun.

**Kim Basinger** mun prýða auglýsingar fyrir Miu Miu tískumerkið á næstunni. Föla leikkonan nýtur fulltingis brasilísk-bandarísku leikkonunnar Camillu Belle við að kynna vor- og sumarlínu merkisins fyrir næsta ár. Miuccua Prada, hönnuður Miu Miu, segir það óþægilegt og vandræðalegt að þurfa að vega og meta fyrirsætur fyrir fötin sín og að mestu máli skipti að persónuleiki þeirra komi til skila hugmyndinni sem liggur að baki fatahönnuninni.



**Tónlistarhátíð** Hallgrímskirkju á jólaföstu heldur áfram með fjölbreyttu tónleikahaldi. Um helgina verða jólatónleikar Mótettukórsins endurteknir tvívegis, laugardag kl. 17.00 og á sunnudagskvöld kl. 20.00. - Orgeljól, - Björn Steinar Sólbergsson leikur franska jólatónlist á sunnudag kl. 17.00.

**Kvenföt** verða nýjasta vígi hönnuðarins Ozwald Boateng. Boateng fagnaði nýlega 20 ára hönnunarafmæli sínu með tískusýningu í Victoria & Albert safninu í Lundúnum. Þar var sýnt brot af þeim herrafötum sem Boateng er þekktur fyrir. Án þess að vilja lýsa fyrirætlunum sínum nákvæmlega sagðist hann við það tækifæri vera að undirbúa innreið á kvenfatamarkaðinn.

TOYOTA-þjónusta

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

Tjónaskoðun

- Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

CABAS
Verkstæði



Réttum og málum allar tegundir bíla

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is



**Bílastæði**
verslana eru yfirleitt þétt skipuð þegar jólin nálgast. Það er mikilvægt að sýna tillitsemi og keyra varlega á bílastæðum þegar margir eiga leið um þau.

ALLT Á EINUM STAÐ
• VETRARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

HVELLUR.com
OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BÍLSTJÓRAR - HÆTTIÐ AÐ PRÍLA!
RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000 • www.islandia.is/scania

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

CABAS verkstæði
Viðurkennt CABAS-verkstæði
NÝ SPRAUTUN
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐUÍSETNINGAR
Njarðarbraut 15 • Reykjanesbær • S: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@nysprautun.is
www.nysprautun.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA viðgerðaraðili
Almennar bílaviðgerðir
Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350



Framendinn er reglulega sportlegur.

# Sprækur og skemmtilegur

***Subaru Impreza er skemmtilega sprækur bíll og að auki er hann lipur með afbrigðum.***



Subaru Impreza er fallegur bíll með afgerandi svip.

Subaru Impreza er minnsti og sportlegasti bíllinn í Subaru-fjölskyldunni og er að sjálfsögðu fjórhjóladrifinn eins og hann á kyn til. Bíllinn er sportlegur og skemmtilegur í útliti, ekki síst wagonbíllinn sem vissulega sker sig enn frekar úr fjöldanum en sedaninn.

Reynsluekið var sjálfskiptum tveggja lítra 160 hestafla bíl í wagon-útfærslu. Það sem vakti fyrst athygli þegar sest var undir stýri var hversu snarpur bíllinn var og fljótur að taka við sér. Sömuleiðis er stýrið lipurt og lætur vel og nákvæmlega að stjórn. Bíllinn er rásfastur og stöðugur og liggur afar vel á vegi. Hin lárétta boxer-vél í bílnum gerir það að verkum að titringur vélar er minni en maður á að venjast vegna þess að stimplarnir slá beint hver á móti öðrum, auk þess sem hún skilar mikilli snerpu og gerir bílinn þýðan í akstri. Einnig er þyngdarpunkturinn í bílnum lægri en gengur og gerist vegna boxer-vélarinnar sem vissulega gerir hann stöðugan. Þetta allt ásamt sítengdu aldrifinu og frábærri fjöðrun gerir akstur á Subaru Imprezu að stakri nautn. Framúrskarandi aksturseiginleikar bílsins njóta sín vel bæði í innanbæjarakstri og úti á vegum. Innanbæjar er bíllinn lipur með afbrigðum og smýgur vel í þrengslum og í hraðari þjóðvegaakstri nýtur rásfestan og fjöðrunin sín til fulls.

Sætin eru þægileg, sportleg og stinn. Plássið er gott frammí en í aftursætinu getur orðið þröngt um fætur fullorðinna, að minnsta kosti ef þeir sem sitja framm í framsætunum eru frekir til plássins. Aðstaða ökumanns er góð, útsýni gott úr bílnum og allir hlutir aðgengilegir og þægilegir í notkun. Bíllinn hefur allan búnað sem til er ætlast nema að undirrituð saknaði hita í sætum sem mér finnst eiginlega að ætti að vera staðalbúnaður í öllum bílum sem fluttir eru til okkar svala lands.

Fjórhjóladrifinn bíll hlýtur að vera kostur sem alltaf kemur til greina í landi þar sem allra veðra getur verið von. Subaru Impreza er minni og snaggaralegri valkostur en flestir aðrir í flokki fjórhjóladrifinna bíla og mætir því þörfum þeirra sem kjósa bíl með sítengdu aldrifi en kæra sig þó ekki um að vera á sérstaklega stórum bíl. *steinunn@frettabladid.is*

**SUBARU IMPREZA**

| | Hestöfl | Beinskiptur | Sjálfskiptur |
|---|---|---|---|
| Sedan 2,0R | 160 | 1.990.000 kr. | 2.130.000 kr. |
| Sedan WRX 2,5 | 230 | 2.990.000 kr. | |
| Wagon 2,0R | 160 | 2.050.000 kr. | 2.180.000 kr. |








1. Ljósahringurinn í kringum svissinn kemur sér vel í skammdeginu.
2. Hefðbundið mælaborð.
3. Afturendinn á wagon-bílnum er svipsterkur.
4. Skottið er aðgengilegt og þokkalega rúmt. Hægt er að stækka rýmið til muna með því að fella niður aftursæti.
5. Í miðjustokknum eru glasahaldarar eins og vera ber.
6. Sætin eru sportleg og halda vel utan um mann.



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Þrír undarlegir menn og vélsleði

Tvo síðustu vetur höfum við verið þrír saman félagarnir að ferðast. Eins og við er að búast þegar haldið er á vit ævintýranna hefur oft gengið æði misjafnlega. Slitnir kaðlar, brotnir öxlar, rifin dekk og blaut aftursæti segja sitt um afdrif okkar og ferðafélaga okkar. Okkur hefur hins vegar gengið ótrúlega vel að komast heilir frá þessum ævintýrum sjálfir, og yfirleitt hefur ekki verið nein raunveruleg hætta á ferð. Yfirleitt.

Í janúar síðastliðnum lögðum við galvaskir upp í fyrstu ferð ársins. Stefnan var tekin á Snæfellsjökul. Við fengum annan bíl í samflot og hituðum kakó. Jeppinn og vélsleðinn sem við vorum með gengu báðir fyrir bensíni og þar sem annar þurfti að draga hinn voru keyptir aukalítrar af bensíni veitti ekki af. Og svo út úr bænum.

Eftir langa keyrslu komum við loks á Arnarstapa. Sleðinn var tekinn aftan úr og honum ekið af stað. Við náðum honum við afleggjarann að jöklinum. Í skuggalausri birtu hafði ökumanninum, sem var með opinn hjálm, yfirsést nokkuð góð hola. Þegar sleðinn lenti á hinni brúninni mættust fyrst vélsleði og andlit. Svo harðfenni og andlit. Það sá lítið á vélsleðanum og harðfenninu.

Blóðuga andlitið kælt og inn í bíl. Fyrst sleðinn vildi fljúga var flugmaðurinn í hópnum settur á hann og við hinir héldum áfram á jeppunum. Eftir nokkurra klukkutíma hjakk gátum við enn teygt okkur út á veg. Ákváðum að skilja jeppana eftir og ferja hópinn smám saman upp á sleðanum. Fjórum sekúndum síðar lá sleðinn stopp á hvolfi og flugmaðurinn klóraði sér í hjálminum. Hann hafði til allrar lukku komið standandi niður þegar sleðinn valt á steini. Brotinni stífu fylgdu brostnar vonir og við pökkuðum saman. Helgarferðin að þessu sinni náði 400 metra út af veginum.

Á leiðinni heim var flughálka og í vindhviðu fór jeppinn að renna. Mótstýring og sundurkúpl dugðu ekki til og dágóða stund vorum við á fleygiferð þversum eftir veginum með vélsleðakerruna dinglandi eins og hundsskott aftan í. Þegar bíllinn stoppaði loks í hinum vegarkantinum, rasssár eftir kerruna og þveröfugur við þá stefnu sem við ætluðum í, heyrðist ofurmáta yfirvegað úr aftursætinu: „Ég veit ekki með ykkur... en mér finnst þessi ferð vera orðin alveg nógu spennandi.“

# Ski-doo sýning um helgina

*Allt frá unglingasleðum til alvöru fjallatækja.*

Nú um helgina fer fram sýning á 2006 árgerð Ski-doo vélsleða hjá Gísla Jónssyni ehf.

Á sýningunni gefur að líta fjölmargar útgáfur af Ski-doo 2006 vélsleðunum; allt frá Freestyle-sleðanum sem er sérstaklega framleiddur með unglinga í huga og upp í 170 hestafla Ski-doo Summit fjallasleðann sem er gerður til að sigrast á bröttustu hlíðunum.

Sýningin fer fram í 800 fermetra sýningarsal í nýju og rúmgóðu húsnæði Gísla Jónssonar ehf. á Klettháls 13. Á sama stað eru til sölu og sýnis bátar, Bombardier-fjórhjól og utanborðsmótorar frá Johnson-Evinrude, svo fátt eitt sé nefnt. Sýningin er opin frá 10-16 í dag og 13-16 á morgun, sunnudag.



Summit fjallasleðinn er meðal þess sem er á Ski-doo sýningu hjá Gísla Jónssyni ehf. nú um helgina.




# Olían áfram ódýrari

*Lækkun á olíugjaldi framlengd um hálft ár.*

Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur lagt fram lagafrumvarp til að framlengja tímabundinni lækkun olíugjalds til 1. júlí næstkomandi.

Þann 1. júlí síðastliðinn var lagt olíugjald á hvern seldan lítra dísilolíu. Á sama tíma var lagt niður kílómetragjald, eða þungaskattur, sem hafði verið á dísilbílum til þess tíma. Tilgangurinn var að gera dísilbíla álitlegri kost fyrir almenning.

Olíugjaldið var ákveðið 45 krónur á lítrann og þar með var olían orðin talsvert dýrari en bensín. Eftir háværar mótmæli var gjaldið lækkað tímabundið um 4 krónur, ekki síst vegna óhagstæðrar þróunar á heimsmarkaðsverði olíunnar í samanburði við bensín. Þessari lækkun var ætlað að vara í hálft ár en nú stendur til að framlengja henni.

Dísilolía á Íslandi er með þeirri dýrustu í heiminum en víðast hvar í Evrópu er hún talsvert ódýrari en bensín. ■























Úr myndinni „Hálendi Vestfjarða“ sem bar sigur úr býtum í myndbandakeppni Ferðaklúbbsins 4x4.

# Gefur ferðunum margfalt gildi að mynda þær

***Höfundur verðlauna–myndarinnar Hálendi Vestfjarða vill að fleiri taki myndavélar með í ferðalög.***



Höfundur myndarinnar, Bjarni Þór Hjaltason, við klippitölvuna.

Fyrir stuttu voru tilkynnt úrslit í myndbandakeppni Ferðaklúbbsins 4x4. Þetta árið var það mynd Bjarna Þórs Hjaltasonar, Hálendi Vestfjarða, sem fór með sigur af hólmi. Í umsögn dómnefndar segir að í myndinni fari saman mjög góð myndataka og skemmtileg sjónarhorn. Þá falli tónlistin sérlega vel að myndinni og klippingar séu vel heppnaðar. Myndin var tekin í árlegri jeppaferð um hálendi Vestfjarða.

„Það er um áratugur síðan þessi hópur fór fyrst í þessa ferð. Undanfarin tvö ár höfum við gert myndir um ferðina fyrir þessa keppni. Í fyrra varð myndin í þriðja sæti en núna í því fyrsta,“ segir Bjarni. Hann segir margt ferðafólk vera með myndatökuvélar á lofti í svona ferðum en fáir gefi sér tíma til að eftirvinna það efni sem til verði.

„Fyrst vorum við aðallega að mynda dekkin við mismunandi aðstæður til að læra á virkni bílanna í snjó. Svo þróaðist þetta út í að mynda samtöl, uppákomur, félagslífið í ferðum og fræðsluefni um svæðið. Myndin er í raun heimildarmynd um þetta svæði og sýnir vel hvað Vestfirðir eru frábærir til ferðamennsku. Einkenni fjallanna þar eru hvað þau eru slétt að ofan. Það er engu líkara en tröllin hafi farið með slípirokk og skurðarskífu á toppana,“ segir Bjarni og hlær við.

Ferðahópur Bjarna er í vesturlandsdeild Ferðaklúbbsins 4x4. Þar hafa menn að leiðarljósi að skilja ekki eftir merki í náttúrunni og keyra bara í snjó. „Þetta finnur maður mjög sterkt hjá ferðafólki í dag, ekki bara í þessum hópi,“ segir Bjarni. „Eitt af því skemmtilega við þessa árlegu ferð er að einn ferðafélaginn, Hjalti Samúelsson, er fæddur og uppalinn við Ísafjarðardjúp og er manna fróðastur um þetta svæði. Hann kemur mikið við sögu í myndbandinu. Við næstum hvert stopp fer hann með einhverja heimild sem hann er með í kollinum,“ segir Bjarni.

Bjarni hefur verið viðloðandi jeppamennsku síðan hann var barn þó að aðeins séu þrjú ár síðan hann eignaðist jeppa. „Ég hef samt alltaf átt fjórhjóladrifsbíl og hef farið miklu meira í huganum en veruleikanum.“ Hvað myndbandagerð varðar segist Bjarni ekki hafa neina eiginlega reynslu. „Þetta er bara fikt og fát hjá mér. Ég hef áhuga á þessu og hef fengið ábendingar en fundið margt út sjálfur líka. Maður fer að horfa á efni með öðrum hætti út frá þeirri reynslu og ég er oft að klippa í huganum þegar ég er að taka,“ segir Bjarni.

Það sem hófst sem upplýsinga–efni fyrir ferðafélagana þróaðist út í skemmtiefni fyrir þá og aðra. „Svona myndir gefa ferðunum margfalt gildi. Þær halda lífi í atburðum og uppákomum sem annars væru gleymdar stuttu síðar. Ég mæli með því að fólk taki myndavélarnar með í ferðalög.“

Myndin Hálendi Vestfjarða er þrjátíu mínútur að lengd og sýningarrétturinn tilheyrir Ferða–klúbbnum 4x4. „Það er hægt að sjá myndina eftir auglýstri dagskrá. Næsta sýning er 12. desember á jólafundi vesturlandsdeildarinnar sem haldinn er í Jónsbúð á Akranesi og hefst klukkan átta,“ segir Bjarni að lokum.

*einareli@frettabladid.is*

# Bílhræ laða að ferðamenn

***Hefðu drúídarnir notað bíla frekar en steina hefðu þeir verið til fyrir 4000 árum?***

Áttu nokkra gamla og lúna kagga úti á túni? Af hverju ekki að breyta þeim í eftirlíkingu af Þjóðveldisbænum eða Snorralaug?

Allir hafa heyrt um Stonehenge í Englandi, steinahringur sem var reistur fyrir um 4000 árum, og er í dag vinsæll hjá nýaldarfólki um sumarsólstöður. Kaninn er þekktur fyrir að gera hlutina aðeins öðruvísi og í Nebraska reisti Jim Reinders, árið 1987, Carhenge.





Hvor er hvað? Á annarri myndinni er steinhringurinn Stonehenge í Englandi, á hinni er bandaríska útgáfan sem gekk áður fyrir bensíni.

Gamlir bílar voru sprautaðir gráir, reistir upp á endann og grafnir niður til að mynda eftirlíkingu af Stonehenge. Það ótrúlegasta við þetta allt saman er að þetta er orðinn ferðamannastaður, með minjagripum og öllu saman.

**(efni og myndir fengið af fornbill.is)**

# Smábílaklúbbur 10 ára

*100 meðlimir þreyta keppni með fjarstýrðum bílum.*

Smábílaklúbbur Íslands fagnar 10 ára afmæli sínu á þessu ári. Klúbburinn var stofnaður af áhugamönnum um kappakstur á fjarstýrðum bílum og meðlimir eru nú um 100 manns á aldrinum 9-50 ára.

„Tilgangur klúbbsins er að halda utan um keppnishald og þá aðila sem eru að stunda þetta áhugamál,“ segir Páll Daníelsson, gjaldkeri klúbbsins. „Meðlimir eru sumir hverjir með bíladellu en flestir eru grúskarar og hafa gaman af tækjum, tólum og stillingum. Það getur verið flókið að stilla þessa bíla til að ná góðum afköstum.“ Félagarnir eru þó með ólíkan bakgrunn, eða allt frá hárgreiðslumeistara og yfir í rafmagnstæknifræðinga og verkfræðinga.


Frá opnu húsi. Keppt er bæði í On-road og Off-road.

Klúbburinn stendur reglulega fyrir opnu húsi þar sem boðið er upp á uppsetta keppnisbraut og tímatöku með búnaði sem líkist þeim sem notaður er í Formúlu 1 keppnum. „Stór hluti af sportinu er að skrúfa í bílunum og prófa mismunandi stillingar og uppsetningar,“ segir Páll. „Vel stilltur bíll er forsenda þess að vinna mót. Svo eru líka miklar vangaveltur um dekk en þau er hægt að fá framleidd fyrir mismunandi hitastig.“

Íslendingar hafa tekið þátt í alþjóðlegum mótum og gengið vel þrátt fyrir aðstöðuleysi. Dýrari bílarnir eru úr graníti og títani en Páll tekur fram að það sé hægt að


Páll Daníelsson, gjaldkeri Smábílaklúbbsins. Segir stóran hluta af sportinu vera að stilla bílana.


Öruggur og sniðugur. Modus er fyrsti smábíllinn til að fá 5 stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

# Litli bíllinn með stóra hjartað

***Smæð Renault Modus kemur ekki niður á notagildi hans sem fjölnotabíls.***

Fjölnotabíllinn Renault Modus verður frumsýndur hjá B&L í byrjun næsta árs. Modus hefur vakið mikla athygli sem smæsti fjölnotabíll markaðarins, auk þess sem hann var fyrstur í flokki smábíla til að hljóta 5 stjörnur fyrir öryggi hjá Euro NCAP.

Fjölnotabílar hafa fram til þessa einskorðast við stærri gerðir bíla og að því leytinu kveður við alveg nýjan tón í hönnun Modus. „Það eitt að sjá bíl í þessum stærðarflokki útfærðan sem fjölnotabíl er áhugavert og í raun afar góður vitnisburður um styrkleika Renault í hönnun,“ segir Heiðar J. Sveinsson, forstöðumaður sölusviðs B&L. Í fjölnotabílum er áherslan lögð á notagildi og telur Heiðar að stærðin sé Modus lítil sem engin hindrun í þeim efnum. „Það segir kannski allt sem segja þarf að í Frakklandi hefur hann verið kallaður litli bíllinn með stóra hjartað.“ Nýja tripic-sætakerfið frá Renault gegnir þarna lykilhlutverki.

Auk 40/60 skiptingar á aftursæti er hægt að breikka sætissessuna á aftursætunum um 170 mm. Þá er hægt að lyfta hluta af sessu framsætisins upp. Undir henni er lítil geymsla sem einnig er hægt að nota til að skorða handtösku af eða annað þess háttar í framsætinu.


Lítill en fjölhæfur. Modus er smæsti fjölnotabíllinn á markaðnum.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






**Jólakort** getur verið gaman að föndra með fjölskyldunni. Þeir sem ætla að senda heimagerð jólakort til annarra landa þurfa að fara að huga að því..


















Bragi við útsögunarvélina og Guðrún Lísa í hjartaþræðingum.



Listilega útskorið lítið jólatré.

# Föndra saman í skúrnum

***Á kyrrlátum stað við Sogaveginn búa hjónin Bragi Baldursson og Guðrún Lísa Erlendsdóttir. Frístundum verja þau gjarnan við föndur, ekki síst fyrir jólin og afraksturinn selja þau á hóflegu verði í Jólaþorpinu í Hafnarfirði.***

Það er heldur betur jólalegt um að litast heima hjá Braga og Guðrúnu, jafnt utandyra sem innan. Bílskúrinn er verkstæði jólsveinsins en á borðinu og yfir því eru tréleikföng til skrauts sem Bragi smíðaði handa börnum sínum ungum. „Ég er búinn að dunda mér við smíðar frá því ég man eftir mér,“ segir hann. „Það var mikið til af verkfærum heima, pabbi var handlaginn sem og afi minn og svo er þetta líka arfgengt í móðurætt.“

Bragi er á miðjum aldri, einn af 10 systkinum sem ólust upp í litlu húsi við Kópavogsbrautina. Hann man eftir þegar vatnið var sótt um langan veg til heimilisnota og vegurinn náði ekki alla leið heim. Nú vinnur hann sem vörubílstjóri en Guðrún kona hans er skjalavörður. Á kvöldin og um helgar finnst Braga gott að komast í skúrinn þar sem hann sagar út og smíðar hina fegurstu gripi. Meðal þess sem hann býr til er spýtujólatré eins og þau voru í gamla daga og slík tré eftir hann eru nú á sýningu Handverks og hönnunar.



Vandvirknin skilar sér í fallegum munum.

„Ég var búinn að ganga með þetta tré í undirmeðvitundinni í áratugi og var ekki svipstund að búa það til þegar ég byrjaði,“ segir hann brosandi. Við hlið bílskúrsins er Hreysið, eins og þau hjón kalla úthýsi við skúrinn. „Hér mála ég hlutina,“ segir Bragi. En hvert skyldi þá hlutverk húsfreyjunnar vera? „Ég sé um hjartaþræðingarnar,“ segir hún hlæjandi og bendir á bönd og slaufur sem hún festir í útskorin hjörtu og annað punt.

**gun@frettabladid.is**



Jólatré með gamla laginu.








Piparkökurnar sóma sér vel sem gluggaskreyting þræddar upp á rauðan borða.

# Bragðgott jólaskraut

***Smákökur, ávextir og sælgæti geta verið skemmtilegt jólaskraut.***

Jólaskrautið þarf ekki að vera keypt úti í búð eða hannað á föndurnámskeiði. Alls konar góðgæti sem búið er til fyrir jólin getur hentað vel til skreytinga. Smákökurnar geta verið hreinustu listaverk og því um að gera að stilla þeim upp svo þær gleðji augað. Sömu sögu er að segja um ávexti og alls konar jólasælgæti.

Hvernig væri að hengja laufabrauðsköku út í gluggann eða hangikjötslæri í loftið í eldhúsinu? Allt er leyfilegt og um að gera að leyfa hugmyndafluginu að njóta sín.



Svo má líka hengja piparkökurnar á jólatréð.


HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta



allt matur
Alla föstudaga



FAGMENNSKA OG FALLEG HÖNNUN



BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is






BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN



allt heimili
Alla fimmtudaga



Slökunarsófar og stólar í miklu úrvali

Vandaður lúxus-hægindasófi með stillanlegu baki og skemli ásamt borði.
Tilboðsverð aðeins kr.
139.000.-



Vandaður og afar þægilegur slökunarstóll með leðri á slitflötum og skemli
Tilboðsverð aðeins kr.
54.000.-



Opið Laugard 10-18 - Sunnud.13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375











Skemmtileg jólatré sem hægt er að púsla saman.


Óhefðbundin jólatré sem skreyta mætti á skemmtilegan máta. Allir munirnir sem unnir eru í Ásgarði eru handgerðir. Starfsfólkið sagar, pússar, lakkar og skreytir og er hönnunin sérstaklega falleg.


Skemmtileg og falleg smáhús.

# Fallegt handverk á jólamarkaði.

***Í dag verður haldinn jólamarkaður Ásgarðs í Mosfellsbæ. Ásgarður er verndaður vinnustaður og þar vinna um 28 þroskaskertir einstaklingar. Verkstæðið framleiðir húsbúnað og leikföng úr tré sem hafa samsvörun í íslenskum þjóðháttum. Fréttablaðið kíkti í heimsókn í Ásgarð í vikunni til að sjá hvernig undirbúningurinn fyrir jólamarkaðinn gengi.***

Við komuna í Ásgarð var vel tekið á móti blaðakonunni og henni heilsað með breiðu brosi af góðu fólki í listsmiðju Ásgarðs. Allir unnu hörðum höndum við að pússa og skreyta fallega muni sem verða á boðstólnum á jólamarkaðinum, enda voru aðeins tveir dagar til stefnu þegar Fréttablaðið kom í heimsókn og því í nógu að snúast.

Óskar Albertsson, talsmaður Ásgarðs, tók sér svo tíma frá annasömum undirbúningi til að spjalla við Fréttablaðið. „Við reynum að halda jólamarkaðinn árlega og það hefur gengið ljómandi vel," segir Óskar. „Við höfum selt mikið og verið mikið fjör og mikið gaman. Í fyrra komu um fjögur hundruð manns á markaðinn." Allir starfsmenn Ásgarðs taka þátt í jólamarkaðnum og rennur ágóði sölunnar í rekstur handverkstæðisins. Óskar segir þó starfsmennina ekki vera þá einu sem leggja af mörkum í jólamarkaðinn. „Egill Ólafsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir ætla að koma og syngja og Jónas Þórir leikur undir, þannig að það verður nóg að gera. Svo getur fólk fengið kaffi og kökur á vægu verði," segir Óskar og brosir.

Leiðin lá svo á smíðaverkstæðið þar sem vinnusamur hópur ungra manna, pússaði og sagaði út trémuni, rétt eins og hjálparmenn jólasveinsins daginn fyrir jól. Allir voru þeir sammála um að mikilvægt væri að framleiða sem mest til að geta selt sem mest á markaðnum í dag.

Greinilegt er að mikil kátína ríkir í hópnum og fólk í Ásgarði hlakkar mikið til að fá sem flesta gesti. Til sölu á markaðnum verða leikföng, húsbúnaður, jólaskraut og ýmislegt annað. Allt unnið af mikilli vandvirkni. Allir eru velkomnir, ættingjar, vinir eða aðrir jólaáhugamenn, sem hafa áhuga á að kynnast þeim dásamlegu handverksmönnum sem þarna vinna.

Jólamarkaðurinn verður opinn í dag milli 14 og 17 í húsnæði Ásgarðs á Álafossvegi 22 í Mosfellsbænum.


Óskar Albertsson, talsmaður Ásgarðs, hlakkar til að taka á móti gestum í dag í Ásgarði og segir alla velkomna.


Klassískur kertastjaki.



Jólakötturinn og íslenska sauðkindin. Dýrin eru klædd í ull.


Askja með loki og skemmtilegu viðarmynstri.

# Hin fegursta

***Jólastjarnan heitir Euphorbia pulcherrima á latnesku, endingin þýðir hin fegursta. Hún þarf mikla nærgætni í umgengni.***

Eitt af því sem skapar einstaka stemningu í aðdraganda jóla er hin tignarlega jólastjarna. Hún prýðir margar stofur á Íslandi í desember en í Mexíkó vex hún hins vegar villt og getur orðið allt að fimm metra hár runni.

Eiginleg blóm jólastjörnunar eru lítil og gul en það eru háblöðin sem eru ástæða vinsældanna, þau verða rauð eða hvít og allt þar á milli.

Jólastjarnan er viðkvæmt blóm sem þarf sérstaka nærgætni í umgengni eins og Anna Hreindal, garðyrkjufræðingur hjá Garðheimum, lýsir nánar. „Jólastjarnan þolir ekki trekk og kulda og þarf því að standa í miðju rými í dálítilli birtu og sem jöfnustum hita. Rakastig moldarinnar þarf líka að vera jafnt. Jólastjarnan vill ekki vera rennblaut og alls ekki standa í vatni en hún má heldur ekki þorna alveg. Það þarf því að vökva hana frekar þétt og best er að vatnið hafi fengið að standa í sem næst stofuhita.“ Spurð hvort jólastjarnan sé eitruð svarar Anna. „Ef blað brotnar af blóminu verður að gæta þess að vökvi úr sárinu berist ekki í augu eða munn. Ég veit þetta hljómar eins og jólastjarnan sé alger vandræðaplanta en henni fyrirgefst flest út á fegurðina og gleðina sem hún veitir. Hún er partur af jólaskreytingunni á mörgum heimilum.“ ■



Jólastjarnan er glæsilegt blóm sem gleður okkur í skammdeginu.


## Hópmeðferð – Innsæismeðferð

Á næstunni hefst hópmeðferð fyrir fullorðna einstaklinga sem vilja efla samskipti, starfsgetu, sköpunargleði, bæta andlega og líkamlega líðan. Í hverjum hópi verða 8-10 manns sem mætir 3 sinnum í viku. Meðferðin byggir á „psychoanalytiskum“ grunni, þ.e. kenningum sálgreiningar sem hafa verið þróaðar með tilliti til hópa.

Að meðferðinni stendur þverfaglegt teymi. Í teyminu eru Anna K. Kristjánsdóttir, sjúkraþjálfari, Halldóra Halldórsdóttir, listmeðferðarfræðingur, Hanna Unnsteinsdóttir, félagsráðgjafi, Ragnheiður Indriðadóttir, sálfræðingur. Ráðgefandi geðlæknir starfar við teymið.

Nánari upplýsingar eru veittar frá mánudegi til fimmtudags í símum 557-1438 og 553 9655 frá kl. 18:00 til 19:00.

geymið auglýsinguna.


## á jóladöfinni



### 3. desember

Barnabókahátíð hefst í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi kl. 11.

Syngjandi jól í Hafnarborg þar sem fjöldi kóra og sönghópa kemur fram. Dagskráin hefst kl. 11 og stendur fram eftir degi.

Léttsveit Reykjavíkur heldur árlega jólatónleika sína í Langholtskirkju kl. 16. Ragnheiður Gröndal er einsöngvari og Jóhanna Þórhallsdóttir stjórnar.

Mótettukór Hallgrímskirkju heldur jólatónleika í Hallgrímskirkju kl. 17. Þetta eru jafnframt útgáfutónleikar hljómdisksins Jólagjafarinnar.

Garðar Thór Cortes heldur útgáfutónleika í Grafarvogskirkju og syngur þar sígild jólalög ásamt lögum af fyrstu einsöngsplötu sinni „Cortes“. Tvennir tónleikar verða haldnir, kl. 18 og 21.



### 4. desember

Ljóðadagur í hefst í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi kl. 14.

Hin árlega Grýluhátíð á Skriðuklaustri hefst kl. 14.

Kveikt verður á jólatrénu á Austurvelli kl. 16. Lúðrasveit Reykjavíkur hefur dagskrána kl. 15.30 með því að leika falleg jólalög.

Aðventutónleikar Kvennakórs Reykjavíkur og Karlakórsins Þrasta í Grafarvogskirkju 4. des. kl. 17.

Björn Steinar Sólbergsson leikur franska jólatónlist í Hallgrímskirkju kl. 17.00.
Kökubasar Kvenfélags Kópavogs hefst kl. 14 í sal félagsins, Hamraborg 10, 2. hæð. Kaffi og vöfflur á boðstólum. Andvirðið rennur til styrktar góðum málefnum.

Árleg jólasýning Byggðasafns Árnesinga verður opnuð í Húsinu á Eyrarbakka. Í stofum Hússins er hin árlega jólasýning safnsins á safngripum tengdum jólunum. Þar má meðal annars finna elsta varðveitta jólatré landsins sem er spýtujólatré frá 1873.

Jólatónleikar Lúðrasveitarinnar Svans verða í Tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð kl. 20.

Aðventukvöld í Lágafellskirkju kl. 20.30. Páll Óskar og Mónika leika jólatónlist.







# Hringir renna út

Aðventan er gengin í garð og fólk þegar farið að skreyta híbýli sín með alls kyns jólaseríum og skrauti. Glögg augu hafa tekið eftir upplýstum aðventuhringjum sem skreyta orðið fjölmarga af gluggum bæjarins. Hefur það heyrst að þeir séu sem sameiningartákn okkar Íslendinga.

Glansa heita þessir aðventuhringir. Fást þeir í Ikea í tveimur stærðum, eru vafðir með glærri seríu og hanga ýmist í glugga eða eru hengdir neðan í loftið. Sigríður Heimisdóttir, iðnhönnuður hjá Ikea, hannaði þá og hafa þeir notið gríðarlegra vinsælda hjá Íslendingum. Þeir seldust upp á örskotsstundu fyrir síðustu jól og samkvæmt upplýsingum frá IKEA er eftirspurnin síst minni í ár. Hafa þeir runnið út eins og heitar lummur og aðeins örfáir eftir. ■



Jólahringurinn vinsæli.

JÓLADÚKAR RAUÐIR OG HVÍTIR STÆRÐ 150X250

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA

Kringlunni - sími : 533 1322

# Kertið tákn-ar tímann

***Dagatalakerti eru skemmtileg leið til að telja niður dagana til jóla.***



Kerti með tölustöfum frá einum upp í 24 eru góð leið til að fylgjast með hvað tímanum líður til jóla. Kveikt er á kertinu daglega og látið loga niður að næstu tölu. Smám saman minnkar kertið og jólin nálgast æ meir. Það getur verið róandi að horfa inn í logann og hugleiða jólin og tilveruna eða eiga gott spjall við vini á meðan kertið klárar daginn hægt og rólega. ■

Látum kertin telja daga vora.




















**Röndóttir herratreflar**
eru í tísku núna. Það er alveg tilvalið að gefa karlmönnunum í fjölskyldunni trefla í jólagjöf. Verið samt með það á hreinu áður hvort viðkomandi karlmaður geti hugsað sér að ganga með trefil.



Silfurnæla með rauðum jaspisstein kr. 7.900.

kr. 13.500 Mona.

Svört næla úr geitahorni kr. 4.400 Mona. Brún næla úr kindahorni kr. 4.800 Mona.

kr. 3.500 Júníform.

kr. 2.900 Júníform.

kr. 3.500 Júníform.

# *Skemmtilegar skrautnælur*

***Skrautnælur hafa verið vinsælar síðustu tvö árin og standa enn fyrir sínu.***

Ein falleg næla setur afar fallegan svip á flík eða fylghihlut og gamall gallajakki getur til dæmis gengið í endurnýjun lífdaga með nýrri nælu, jafnvel fleiri en einni.

Mál er að láta hugmyndaflugið ráða því nælurnar er hægt að setja í hvað sem er hvenær sem er.

Úrvalið af nælum er yfirfirdrifið í bænum og fjölbreytnin og litagleðin er í fyrirrúmi. Verðbilið er sömuleiðis breitt og að sjálfsögðu háð gerð og gæðum nælunnar. Tískubúðirnar bjóða flestar upp á tískunælur í ódýrari kantinum á meðan skartgripa- og gullsmíðabúðir eru með nælur í klassískari kantinum og eilítið dýrari.

Allir ættu því að finna sér nælur við hæfi til að skreyta kápuna eða kjólinn fyrir jólin. ■




# Jólaföt á börnin

***Ekki þarf að vera flókið að versla föt á börnin.***

Jólaföt á börnin er best að kaupa í tíma. Mikið úrval er af jólafötum bæði á stelpur og stráka í barnafataverslunum bæjarins. Í Hagkaupum má til að mynda finna flott jólaföt á bæði stelpur og stráka. Stelpurnar geta valið úr kjólum, pilsum, bolum og blússum og á strákana er hægt að fá jakkaföt í ýmsum litum, skyrtur, vesti og bindi. Að ýmsu er að hyggja þegar valin eru föt á börnin. Til dæmis er mikilvægt er að auðvelt sé að þvo þau. Ef börnin eru tekin með í verslunar-leiðangur er best að fara á tíma þegar lítið er að gera í búðunum. Nauðsynlegt er að börnunum líði vel í fötunum, annars fást þau ekki til að fara í þau.



Í Hagkaupum fást flott jakkaföt á stráka.





Til sölu Land Cruiser VX80 38" turbo dísel '93 árg., ek. 330 þús. Stórglæsilegur bíll sem vert er að skoða. Uppl. í s. 660 3126/895 8386.



Korando E-23 árg. 2000 ek. 83 þús. Fæst gegn yfirtöku á láni. 30 þ. í 34 mánuði. S. 899 6963.



Óska eftir tilboði í vélarbilaðan Trooper árg. '00 ek. 130.000. Uppl í s. 898 9960.



Navigator '01. Alvöru lúxus jeppi, ekinn 65 þ. hlaðinn gæðum og aukabúnaði. Leður, loftpúðafjöðrun, hiti og kæling í sætum. O.fl. o.fl. Ný 33" negld vetrardekk á 16" álfelgum og sumardekk á 17" álfelgum. Verð 3.200 þ. Áhv. 2.350 þ. Uppl. í s. 899 0410.



Ford F 150 King Rance árg. 2005, ekinn 16 þ. km, V8, 5,4 Tridon. Topplúga, einn með öllu. Gott verð. S. 898 2811.



Dodge Ram 2500 Larami 5,9L Diesel 325 hö 4X4, 4 dyra, árg. 2004, ekinn 27,000 þús. km. Svart leður, stuttur pallur einn með öllu. Gott verð. S. 898 2811.



Toyota Land Cruiser 90 GX. 11/99, ek. 136 þ. km. ssk. disel, 33" dekk. Geislaspilari, dráttarkúla, ný heilsársdekk, þjónustubók frá upphafi. Góður bíll. Verð 2.350.000 kr. Uppl. í síma 869 6050.



Til sölu M. Bens jeppi 320, árg. '02, ekinn 39 þús. Með öllum hugsanlegum aukahlutum. Gott bílalán, skipti koma til greina á ódýrari. S. 866 6684.



Toyota Land. VX90 33", '97, ek. 285 þ., dísel. Topp bíll. Ath. skipti á ód. Verð 1.300 þús. stgr. S. 861 8050.



Til sölu Galloper árg '99. 7 manna. Ekinn 102 þús. Verð 800 þús. Uppl. í síma 864 4635.



Til sölu Pajero 3,2 dísel, ssk., árg. '02, ek. aðeins 69 þús., 33" breyttur, vetrar & sumard. á felgum, leður, lúga. o.fl. o.fl. Toppeintak. Verð 3.890 þús., lán upp á 2.900 þús. getur fylgt. Uppl. í s. 898 8228.



Til sölu Cherokee árg. '97, 38", ek. 130 þús. A.t.h. öll skipti. Uppl. í s. 862 4880.



GMC Suburban '96, 5.7L bensín. Sumar- og heilsársdekk fylgja. Nýlega skoðaður og yfirfarinn. Tilboð óskast. S. 897 7698.



Land Cruiser 90LX nýskr. 07/2002 Ek. 69 þ. km. silfur. 5d. Sj.sk. 3000cc. Dísel. Verð 2.800 þ. Sími 862 8992.



Toyota LC90, GX Díesel. Sjálfskiptur ekinn 137þ. Regluleg þjónusta og mjög vel með farinn. Óbreyttur, dráttarkúla, varadekkshlíf, stígbretti og fl. V. 2.250.000 bein sala. S.587 9294 & 862 9294



Til sölu Chervolett Silverado Duramax 2500, árg. 2003, ek. 40 þ. Verð 3.450 þús. Áhv. 3.100 þ. Uppl. í s. 897 4583.



Til sölu Chevrolet Silverado Duramax 2500, árg. 2002, ek. 81 þ. Verð 2.990 þ. Áhv. 2.700 þ. Uppl. í s. 897 4583.



Toyota Landcruser 80 árgerð 1998, dísel br. á 33 tom, 5gíra sparneytinn, mjög flott mubla. S. 849 2401.

**Pajero á 150 þús.**
árg. '90, ný dekk + álfelgur, lítið ryð. S. 847 7663.

Til sölu Dodge RamCharger '86 módel. 33" (38"). Þarfnast smá lagfæringa. Verð 120 þús. S. 863 8528.

Grand Cherokee Laredo árg. '94, ek. 160 þ. km. Dekurbíll. 450 þús. stgr. Uppl. í s. 863 4433.

Kia Grand Sportage '01, í toppstandi. Yfirtaka láns + bíll uppí. Uppl. í s. 695 0443.

Til sölu Toyota Land Cruiser 60 árg. '88. Uppl. í síma 693 6488.

Til sölu Nissan Patrol árg. '91, ek. 280 þús., í góðu lagi. Upplýsingar í síma 847 5238.

## Pallbílar

Dodge Ram árg '02, ek. 19 þús., Camper festingar, loftpúðar með fjöðrum. Uppl. í s. 898 4988.

Sv. og silfraður MMC200 með húsi, árg. '9 Verð 900 þ. Uppl. í síma 863 6455.

## Sendibílar



VW Transporter '97. Nýtt púst, spindlar, rafgeymir og stýrisendar. Flottur bíll í góðu standi. Með hillukerfi. 500 þús stgr. Sigurður 820 0024.

Peugeot Partner árg. '01, ek. 69 þús., 1.4, S. 840 0158.

Renault Express sendilbíll árg. '94, nýskoðaður. Verð 125 þús. Uppl. í s. 892 8315.

## Hópferðabílar



Clubstar '93, 31 manna WC, eldhús, ek. 47.000. Góður og fallegur bíll. S. 566 7420 & 892 3102.



Til sölu Toyota HiAce árg. 12/'01. 9 farþ. undanþ. f. 12 börn. Ek. 148.000 km. Uppl. í s. 456 2054.

## Vörubílar



Til sölu vörubíll með krana MAN 41-463 8x6 1999 árgerð, ekinn 140 þús., með Pesci 50 tm krana, nær í 17 metra með 2.2 tonn (+2 handútdregin í 21m) með vírspil og slöngusett fyrir krabba, bill með upphituðum sturtupalli og dráttarstól. Ásett v. 10 millj. Uppl. í síma 866 3322, Kiddi Þór. Til sýnis á Bílasölunni Hrauni s. 565 2727.



Til sölu M. Benz 4140 8x4 árg. '99 með 72 tonna FR krana + jibb. Einnig Man 41414 8x4 árg. '99 með Hiab 55 tonnmetra krana + jibb. Uppl. hjá Anrarborg s. 866 6684.

Scania R144GB 8x2 árg. 1999 með 37tm HMF krana, Getum útvegað þennan bíla ásamt fl. kranabílum, vörubílum, vögnum og tækjum Heiði Vélahlutir S. 534 3441.



Man 35.463 8x4 1998 með efnispalli og 25tm Effer krana Getum útvegað þennan bíla ásamt fl. kranabílum, vörubílum, vögnum og tækjum Heiði Vélahlutir S. 534 3441.



Til sölu M. Benz árg. '99 4 öxla keyrður 270.000 km. Einnig Volvo 6 hjóla '94. Uppl. í s. 661 2277.

Notaðir varahlutir í Man, Volvo, M.Benz og Scania. Heiði Vélahlutir S. 534 3441.

## Húsbílar



Econoline 350 '99, 15 manna. Hópleyfisskoðaður '06. Krókur. Ekinn 60.000 km. 5,4 bensín, Áhv. um 1.350 þ. Afb. 31.000.- Yfirtaka láns + 50.000. Uppl. 899 0410.

## Mótorhjól



Kawazaki KXF árg. 2004, hlaðið aukahlutum, skipti athugandi á vélsleða. Uppl. í s. 867 7883.



Honda CRF 450 X árg 05 Nýtt ek. 200 km. Nýr hjálmur og galli fylgir. Verð 790 þ. Staðgr. ekki skipti. s. 820 3363



Yamaha R1 árg. 2003, kom á götuna maí 2004, ekið um 7 þús. er búið að samlita það, nýleg efturdekk. Það er lán á hjólinu um 750 þús. Verð 1.050.000. Sími 892 7579.

**Mótorhjólageymslan sv. 108.**
Vetrargeymsla á mótorhjólum. Upphitað, enginn umgangur. Staðsetning á 108 Reykjavík. Verð 5000 kr. pr. mán. S. 892 0808.

Honda CR250 árg. '99 hjól í mjög góðu ástandi, nýupptekinn mótor, svört plöst og flame límmiðakit, asv handföng, nýlegar svartar gjarðir. Virkilega flott hjól er til sýnis í Púkanum Grensársvegi. Ásett verð 290 þ. sími 899 5614.

## Fjórhjól



Mammoth 750cc, gríðarlegt "torqe" og sjálfstæð fjöðrun allan hringinn. Kynningarverð 620.000 kr. og spil fylgir frítt með. Nánari uppl. á www.fjorhjol.is eða í síma 899 4550.

## Vélsleðar

REVO
FJARSTÝRÐIR BÍLAR
WWW.ICEHOBBY.COM
SÍMI 461-4848



Til sölu RMK 800 árgerð 2002 Blár Ekinn ca 2500 mílur. Mælaborðstaska, tanktaska og taska að aftan. Rafstart og bakkgír. Neglt belti og bögglaberi. Sleðinn vel með farinn og aðeins einn eigandi. Alltaf fengið gott viðhald og í þjónustuskoðun á hverjum vetri hjá PK-þjónustinni Verð 650. þús. Upplýsingar í síma 691 3800 (Þórður) eða thek-ing@internet.is



Polaris ProX 2 árg. '04, ek. 1200, nýtt 44 mm belti, rafstart, bakkgír. Uppl. í s. 898 4988.



Til sölu sleðakerra innanmál 150 x 3.30, öll úr áli, loftpúðafjöðrun. Uppl. í s. 898 4988.

Polaris EDGE 600 X ek. 4800km Flottur sleði. Verð 500 þús. Sími 866 3316.

## Hjólhýsi



Hobby Exelance 670 árg. '95 með nýju fortjaldi. Glæsilegt hús með öllu. Húsunum fylgir land á Laugavatni. Allar nánari upplýsingar í síma 662 0700.



Bursner Amanda LT 790 árg. '01, með fortjaldi. Eitt með öllu. Húsunum fylgir land á Laugavatni. Allar nánari upplýsingar í síma 662 0700.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

## Bátar



Til sölu Skel 80, selt með grásl búnaði eða sem skemmtibátur. Verð frá 850 þús. Uppl. í s. 893 7709 e. kl. 19.

Til sölu Óseyjar dragnótarspil stærri gerð, einnig dragnótartromma og netaniðurleggjari stærri gerð. Uppl. í s. 893 5590.

## Bílaþjónusta

Þrífum, bónum og djúphreinsum. JG bílaþjónustan Miðhrauni 14 Garðabæ s. 534 3670.

## Aukahlutir í bíla

Filmuísetningar
Bílaleiga
AUTO SPORT

## Hjólbarðar

Til sölu 4 negld Procomp 33x12.5R17LT, All Terrain. Keyrð ca 25 þús.km. Verð 52 þús. S. 696 0956.

14" vetrardekk á álfelgum til sölu. Uppl. í síma 867 0073.

## Varahlutir



Til sölu plasthús á Ford F350 með styttri skúffu. Upplýsingar í síma 845 4414.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

Alternatorar & Startarar í Fólksbíla, Vörub. Vinnuv. Bátav. á lager og hraðsendingar. 40 ára reynsla. Bílaraf. Auðbrekku 20. S. 564 0400.

**Japanskar Vélar**
Erum að byrja að rífa Legacy 98 Inpresa 98 Nissan Kingc 96 Sirion 98 Matrix 02 ofl. s. 565 3400

Er að rífa Musso '98 sjálfsk. mikið af hlutum á góðu verði. S. 822 4167.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Útskurðarvél Perske borar type DVL 50572 frá W.Perske-Manneim. Tilboð óskast. Uppl. í s. 896 6200.

Allt falt fyrir lítið vegna flutninga! Sófi, stofuskápar, kommóða, fataskápur, arabísk vatnspípa, stór spegill og margt fleira! Uppl. í síma 866 6977.



**Stubbastrumpar.**
Góð lausn fyrir alla vinnustaði. Snyrtilegir og auðveldir í notkun. Uppl. í s. 847 7995 & 699 2698.

Glæsilegt svart leðursófasett til sölu 3+2+1. Selts á sanngjörnu verði. Tilboð óskast. 696 9223.



Frábærar gjafavörur fyrir öll tilefni opið alla daga í des. Ljós og ilmur Bíldshöfða 12 www.Loi.is s. 517 2440.



Ekta jóla... í skálastærðum D-G verð kr. 3.985,- og þrenns konar buxur fást í stíl Misty, Laugavegi 178, 105 Reykjavík sími 551 3366. Mælum og veitum faglega ráðgjöf.

**10 kr. 100 kr. 200 kr. 300 kr. Aðeins 4 verð.**
Hárspennur, burstar, jólakúlur, tannburstar, aðeins 10 kr. Geisladiskar, videospólur (barna og bíómyndir), leikföng jólavörur, gjafavörur, UN-skór, líkamsræktarbelti og margt fleira.
**Allt nýjar vöru 1,2,3 rétta verðið. Opið fös. - lau. 11-18, sun. 13-17. Uppl. í s. 869 8171. Lagersalan Trönuhrauni 10 (Gult hús). Hafnarfirði.**



Jólasveinabúningar leiga/sala. Seljum einnig laus skegg og húfur með hári. S. 845 2510.




Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

Nýr Sky digital búnaður til sölu ásamt áskrift. Frábært verð. Útvegum örugga áskrift að Sky. Hringdu núna. ONOFF S. 892 9804.

Nýlegt baðkar með arnarlöppum og gamaldags blöndunartækjum, einnig nýlegt wc með gamaldags útliti. Uppl. í síma 898 3115.

Til sölu ísfólkið, skautar fyrir 6 ára stúlku og símabekkur. Uppl. í s. 847 7699.

Til sölu þurrkarar. Zanuzzi með barka ársgamall. Gorenje er með barka og er 3ja ára. Uppl. í s. 845 9474.

2 stk. 150x30 olíufylltir rafmagnsofnar, 2 stk. 60x70, handklæðaofn og 150L rafmagnskútur, þrýstimælir og einstefnisloka fylgja. Fæst fyrir mjög lítið verð, 40 þús. Uppl. í s. 892 6080.

Til sölu ónotuð baðinnrétting úr beiki frá Baðstofunni. Br. 90 Dý. 55. Selst á hálfvirði. Uppl. í s. 553 0721 & 897 4720.

Gullfallegt rúm 100x210 og náttborð, einnig standlampi og blómaborð. Uppl. í s. 562 0063.

Rjúpur í skiptum, 30 stk. skoða öll skipti. Einnig gamall lager frá barnafataverslun, fatnaður og skór. Hef einnig panelplötur sem vegginnréttingu ásamt hilluberum og krómjárnum í plöturnar. Uppl. í s. 861 6922.

Til sölu svart leðursófasett 3+1+1, 28" Wide-Screen sjónvarp og barnakommóða. Uppl. í s. 896 2836.

## Heimilistæki

Rainbow ryksuga með öllum fylgihlutum til sölu. Uppl. í s. 820 8481 & 557 8481.



**LauraStar.**
Gufustraujárn með gufuþrýstingi. Tækni atvinnumannsins fyrir heimili. Alver ehf. S: 511 4100.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

Til sölu lítið notaður Pevey TKO-65 magnari, 200 W, 15" BW hátalari. Verð 40 þús.

Mackie 32 rása 8bus mixer til sölu. Vel með farinn. Mjög gott verð. Uppl. í s. 824 5599.

## Tölvur




Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



Til sölu nokkrar stórar amerískar þvottavélar, gott verð. S. 663 5901.

Til sölu Edwards Truefold 600 puttabeyjuvél. Uppl. í s. 696 3535.

## Til bygginga

Tökum að okkur hleðslu á gipsveggjum, raka, hljóð og eldvarðir. Komum og gerum tilboð. Fljót og góð þjónusta. Uppl. í s. 693 6916 & 892 5982.

5 hvítar innidyr, þar með 1 eldvarnardyr. Seljast með húnum, körmum og öllu. Uppl. í s. 896 5517.

Til sölu staura og jólatrésyddari selst á góðu verði. Uppl. í s. 897 4583.

## Verslun



**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



**Kr.4.900 (fást í svörtu og hvítu)**
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S. 568 2878 & 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is , praxis@praxis.is






Jóla og gjafavörur í miklu úrvali. ATH höfum opnað aftur á laugardögum frá 11-14. Opið frá 10-18 virka daga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

## Ýmislegt

Til sölu safn af uppstopuðum fuglum. Uppl. í s. 893 6028.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Þrifvirkni Hreingerningar þjónusta. Hraunbæ 80. Sími 869 3868 & 861 6512.**
Leitið tilboða ykkur að kostnaðarlausu : Ræstingar í fyrirtækjum - Daglegar ræstingar - Ræsting sameigna - Teppahreinsun - Veggja og loftþrif - Gluggaþvottur - sorpgeymsluþjónusta - Húsvarðaþjónusta - Iðnarþrif - flutningsþrif - Brunaþrif - þrif eftir vatnstjón - Bónun og viðhald gólfefna - Heimilisþrif.
**Allar nánari Uppl. í s. 869 3868 & 861 6512 eða senda fyrirspurnir á trifvirkni@hive.is**

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Tökum að okkur heimilis - flutnings - stigagangaþrif - teppahreinsun - bónvinnu og gluggaþvott. S. 846 0410 kl. 14, 892 9295.

## Ræstingar

**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur, teppahreinsun, bónvinna. og fl. Húsfélagaþjónustan ehf s: 863 8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum eftir áramót. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Parketlögn & flísalögn fyrir jólin. Vönduð vinna, tilboð eða tímavinna. S. 892 9804.

**Parket og smíðar ehf**
Gluggar, hurðir, loft og veggir. Parketslípun, parketlögn og almenn smíðavinna. Tilboð eða tímavinna. Sími 896 9819.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, glerja. Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. Föst tilboð eða tímavinna. s. 616 1569.

## Stífluþjónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Spái í spilin með ykkur. Tímapantanir í s. 691 8504. 100 kr. mín. Hildur.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.
**Tímapantanir í síma 555 2927.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01. Tímapantanir í síma 555 2927

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

## Veisluþjónusta




## Múrarar




## Önnur þjónusta

**Minigrafa**
Til leigu minigrafa með eða án manns. Uppl. í s. 846 2742 Sigvaldi & 694 5181 Guðmundur.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

## Nudd

**Heilunarsetrið**
Dvergshöfða 27. Símar: 567 7888 og 868 3894. heilunarsetrid.is

## Snyrting




**Betri Gjöf.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi.Greifynjan snyrtistofa sími 587 9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-22.

# TIL SÖLU






# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · 98,9 Bylgjan · FRÉTTABLAÐIÐ · Létt 96,7 · Vísir

Jólahlaðborð fjölskyldunnar.
Bókanir í síma 575-7800.
**Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.**

Mundu happdrættisgíróseðilinn.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun?
Ef ekki, láttu okkur vita í síma 550-5000.
**Fréttablaðið.**

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið laugardag
**Herrafataverslun Birgis.**

40% afsláttur af öllu jólaskrauti.
Opið til kl. 20 í kvöld.
Nýtt kortatímabil.
**Hagkaup.**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Skór og yfirhafnir á jólatilboði.
Nýtt kortatímabil.
**Debenhams, Smáralind.**

Öðruvísi blómaskreytingar.
**Blómaverksktæði-Binna**

20% afsláttur af öllum jólaseríum.
**Hagkaup.**

Jólakaffi Hringsins verður haldið að Brodway sunnudaginn 4 desember klukkan 13:30.
Girnilegt kaffihlaðborð.
Glæsilegt happdrætti.
Góð skemmtiatriði.
**Hringskonur.**

Lene Bjerre auglýsir!
Glæsilegir sloppar og handklæði. Opið sunnudag frá 13-16. Nýtt kortatímabil.
**Lene Bjerre, Bæjarlind 6**

Jólaljósadagar!
Inniseríur, útseríur, netseríur -allt að 60% afsláttur.
**Blómaval.**

Þankagangur Jóns Gnarr er komin í bókaverslanir.
**Skálholtsútgáfan.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Jólablað Bo Bedre er komið aftur.
**Penninn-Eymundsson**

Nýtt kortatímabil.
Opið til 22.
**IKEA.**

Allar jólabækur á tilboði í Office One.
**Office One, alltaf ódýrari.**

Jóltilboð! 25% afsláttur.
**Róbert bangsi.**

Missið ekki af Romanovsýningunni. Síðasta sýningarhelgi, leiðsögn klukkan tvö og þrjú.
**Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Skemmtum okkur saman á skíðum í Tindastól.
**Shell sport, skagafjordur.is**

Jólaljósadagar!
Allt að 60% afsláttur.
**Blómaval.**

Þú færð jólafötin á börnin hjá okkur.
Opið sunnudaga á Laugaveginum frá kl. 13-17
**Du pareil au meme, Laugavegi og Kringlunni.**

Öll verk á netinu.
Galleri Lind, Bæjarlind.
**Galleri-Lind.is**

Madina snyrtivörur,
**Laugavegi 30a**

Stuttfrakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Trúin og tilveran í einlægni og gleði.
Þankagangur Jóns Gnarr.
**Skálholtsútgáfan.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði.
Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Síðasti öruggi skiladagur á jólapökkum utan Evrópu er mánudagurinn 5. desember. Komdu tímanlega með jólapakkana.
**Pósturinn.**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið til 22 til jóla.
**IKEA.**

Stígvél í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Skrautseríur á 399 krónur á jólaljósadögum.
**Blómaval.**

Samtíminn með trú, brosi og einlægni.
Þankagangur Jóns Gnarr.
**Skálholtsútgáfan.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Finndu pósthúsið næst þér á postur.is og komdu tímanlega með jólakortin og jólapakkana.
**Pósturinn**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

## KONUR HLUSTA

**83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**



# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, akstursmat. Kenni á Opel Vectra. sími 898 2833, Marteinn Guðmundsson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Fallegur sænskur antík svefnsófi frá 1920. Uppgerður, í topp standi. Verð 175.000 krónur. Uppl. í síma 862 3636.

Til sölu Click Klack svefnsófi, hornskápur, stór skenkur, borðstofuborð allt úr lútaðri furu. Uppl. í s. 895 3025.

3ja sæta sófi (blár) 10 þ., sófaborð 3 þ., tekk skenkur 5 þ. Uppl. í síma 821 0611.

Tekk Borðstofusett til sölu. Borð og stólar frá Öndvegi. 50.000 kr. Solla 822 2034.

50 ára Max sófasett, 100 ára antik stóll og sófaborð. Til sýnis að Helluhrauni 10. S. 555 0564.

Til sölu sjónvarpsskápur og hornskápur frá Mýru. S. 822 5686 eftir kl. 18:30.

Ljós kommóða með 8 skúffum og ljós 3ja sæta sófi með púðum úr Tekk. S. 661 4673 & 868 0844.

Splunkunýtt Kalifornía King rúm úr Marco/Lystadún til sölu á mjög góðu verði. S. 864 7600.

Til sölu 3ja sæta & 2ja sæta brúnn leðursófi selst ódýrt. Uppl. í s. 553 8410 & 692 3855.

## Antík

Antik-sófasett eða „ömmu sófasett" til sölu, 3+1+1 með Móheráklæði og snúrum. Póleraðar fætur og bólstraðir armar. Gormar eru í góðu lagi. Fallegt og stílhreint. Uppl. í s. 895 6431 & 421 2983.

Til sölu gamalt fótstigið antíkorgel. Tilboð. S. 898 5748.

## Fatnaður



Klæðskera saumuð jakkaföt, kjólar, jakkar og fl. á aðeins tveimur vikum.Lítið á heimasíðu okkar http://fashion.dynastyco.com/style.htm fyrir frekari upplýsingar.

Pels Glæsilegur, skósíður, dökkur fenjabjór. Lítið notaður, frekar stór, uppl. í s. 865 4928.

## Barnavörur



**Ný Disel sending**
.Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

## Barnagæsla

Óskum eftir "ömmu" til að annast 20 mánaða drenginn okkar á daginn eftir áramót. Erum á svæði 105. Reykleysi algjört skilyrði. Hafið samband við Árna og Sigurbjörgu í síma 463 1474 e. kl. 20.

## Dýrahald

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711,**
**Dýraland Kringlan, s. 588 0711**
**Dýraland Spöng. s. 587 0744.**

**Gæludýrabúr 50%afsláttur.**
Öll fuglabúr, hundabúr, nagdýrabúr, kattarbúr og fiskabúr með 50% afslætti. Allar aðrar vörur 30% afsláttur. Full búð af nýjum vörum.Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj.

Hvolpar fást gefins. Uppl. í s. 486 5608 & 896 8881.

Til sölu Maly Amazon páfagaukur, gæfur. Verð 140 þús. Einnig blandaður hvolpur, góður heimilis og minkahundur. Verð 25 þús. Uppl. í s. 897 9883.

Hreinræktaðir Boxer hvolpar 2 strákar og 2 stelpur, yndislegir fjölskylduhundar til sölu og afhendingar um miðjan des. Verð 100 þús. Uppl. í s. 437 1298, 698 0868 & 893 0809.

Yndislega ljúf og góð Labrador tík til sölu vegna óviðráðanlegra aðstæðna, einnig hvolpur. Uppl. í s. 691 7306.

## Ýmislegt



HAPPADRÆTTI Tveir ónotaðir sýningarnuddpottar til solu, sem hafa verið til sýnis í sumar. annar 5 manna og hinn 6 manna. Báðir með 5 stjörnu búnaði. Andvirði 890.000 til 990.000. Fyrstir koma, fyrstir fá 645.000 kr. staðgreitt. eða visa/euro. Frí heimkeyrsla og uppsetning. 5 ára ábyrgð og hjálp. Persónuleg þjónusta. Rafheimilið ehf. Smiðjuvegi 16 Kópavogi s. 567 8909 & 868 5746 info@rafheimilid.is www.coastmountainspas.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170 m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu www.pulsinn.com/hus

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Falleg risíbúð í hv.108 til leigu. Samn. gerður til 6 mán í senn. 1 mán fyrirfr. og tr.víxill sem trygging. Leiga 110 þús., 2 stór herb. og 1 lítið, svalir og sér inngangur. Meðmæli óskast. S. 699 5924 eftir kl. 17.00. Íb. laus strax.

53 fm 2ja herb. íbúð í Hraunbæ til leigu frá 1.1.'06. Langtímal. Uppl. milli 17-20 í s. 866 6790.

Til leigu á besta stað í Austurbyggð, í 15 mín fjarlægð frá Reyðarfirði: 57 fm íbúð og lítið einbýli sem leigist með öllu innbúi. Uppl. í síma 895 2709 og 894 9886.

**Íbúð í Miðborginni**
Björt og falleg 90 fm íbúð til leigu á Vesturgötu. Reyklaus, 110 þús. á mán. Laus strax. Ómar, s. 861 3100.

Til leigu 3ja herbergja endaíbúð á 8. hæð m/bílsskýli í Hamraborg. Leiga 85 þús. á mán. Uppl. í s. 896 0261.

Til leigu 3ja herb. íbúð frá 03.12.'05 - 01.02.'06. S. 822 5686 eftir 18:30.

2ja herb. íbúð í Breiðholti til leigu, er laus. Uppl. í s. 895 1604.

Jól í London! 2h íb. í N-London til leigu frá 20. des. 3 mín. að tube stöð/20 mín. frá miðb. Leiga 25 þús./viku. Sími 821 1788.

Risherb., ca. 9 fm, nálægt HÍ m/ húsgögnum. Sameiginl. snyrtiaðst. Laus strax. Leigist reykl. einstakl. S. 552 7619.

Til leigu 60 fm 2 herb. kjallaraíbúð í hv. 104 m. sérinngangi. Reykleysi og algjör reglusemi skilyrði. S. 568 1981 & 897 5360.

## Húsnæði óskast

**2ja herb, íbúð óskast sem fyrst.**
Par óskar eftir snyrtilegri 2ja herbergja íbúð, í langtímaleigu á höfuðborgarsv. Á verðbilinu 55-60 þús. Reglusemi og öruggar greiðslur. Nánari upplýsingar í síma 699 2778.

Rólegt par utan að landi óskar eftir íbúð á sv. 101 til 107. Helst á jarðh. m/ sérinng. allt að 55 þ. á mán. Skilvísum gr. heitið. S. 822 0523.

Myndlistarmanni vantar vinnuaðstöðu sem fyrst. Örvar Árdal s. 865 6547.

Ungt par óskar eftir ódýrri stúdioíbúð til 1. jan. Uppl. í s. 616 2447, Jón.

Óska eftir að taka á leigu 3ja herb. íbúð, búna húsgögnum sem allra fyrst - helst í vesturbænum eða á Seltjarnarnesi. Tryggar greiðslur og reglusemi. Fyrirframgr. ef óskað er. Uppl. í s. 899 2853.

Sænskur nemi óskar eftir herbergi á höfuðbsvæðinu jan-maí '06. Uppl +46 7096 99603.

44 ára iðnaðarmaður sem á íslenskan fjárhund og persneskan kött óskar eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu hið fyrsta. Eins koma Árborg eða Ölvus til greina. Uppl. í s. 847 8545.

## Sumarbústaðir

**Óska eftir eignarlandi**
Óskum eftir landi helst 10 hektar eða meira. Þarf ekki að vera beitiland, allt kemur til greina, þarf að vera 30-60 mín frá Höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 896 6551.

Bjálkahús til sölu 37 fm., 13 fm. svefnloft. 60 mm. Bústaðurinn er staðsettur á Akureyri og stendur tilbúinn til flutnings. Uppl. í síma 896 6200.

## Atvinnuhúsnæði

Lítil liðnaðarpláss til leigu 20 mín. sunnan Hafnafjarðar, 60-110 fm. Verð 400 kr. á fm. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Vetrargeymsla. Örfá pláss eftir fyrir tjaldvagna og minni fellihýsi. Sími 892 9120.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

Ódýrt, ódýrt út í eyjum. Fullbúin 3ja herb. íbúð til leigu. Uppl. í s. 557 9595 & 696 3667.

# NÁMSKEIÐ

Umhverfisráðuneytið
**Prófnefnd mannvirkjahönnuða**
Námskeið

Námskeið fyrir mannvirkjahönnuði, sem óska löggildingar umhverfisráðuneytisins til að gera aðal- og séruppdrætti sbr. ákvæði 48. og 49. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, verður haldið í janúar 2006, ef næg þáttaka fæst. Námskeiðið mun hefjast föstudaginn 6. janúar 2006 kl. 13:00 og standa dagana 6., 7., 13., 14., 20. og 21. janúar 2006 og ljúka með prófi laugardaginn 28. janúar 2006.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað fást hjá Menntafélagi byggingariðnaðarins (MFB), Hallveigarstíg 1, Reykjavík eða vefsetrinu www.mfb.is. Umsóknum skal skilað þangað útfylltum ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum eigi síðar en föstudaginn 16. desember 2005.

Nánari upplýsingar í síma 590 6430.

Reykjavík 1. desember 2005
Prófnefnd mannvirkjahönnuða
– umhverfisráðuneytið.

## SJÓNARHORN



Börn á leið heim úr skólanum í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



*Aðventukvöld*
*Fríkirkjunnar í Reykjavík*
*sunnudaginn 4. des. kl. 20.00.*

Ræðumaður kvöldsins er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Meðal annarra gesta kvöldsins eru þeir Raggi Bjarna og Einar Júlíusson frá Keflavík sem syngja ásamt Fríkirkjukórnum undir stjórn Önnu Sigríðar Helgadóttur og Carls Möller.

Klukkan 14.00 er fjölskylduguðsþjónusta í umsjá Ásu Bjarkar Ólafsdóttur. Aðventukertið, sagan, Biblíumyndir og andabrauð á sínum stað. Anna Sigga og Carl Möller leiða tónlistina.



Atli myndi helst vilja komast í afslöppun í sumarbústaðinn hennar ömmu.

## DRAUMA-HELGIN

*Í ömmu-bústað með fjölskyldunni*

Atli Þór Albertsson er nýútskrifaður leikari og skikkanlega önnum kafinn þessa dagana. Draumahelgin hans færi því í afslöppun í faðmi fjölskyldunnar. „Draumurinn er að komast áhyggjulaus í burtu. Ég myndi vilja vera í sumarbústaðnum hennar ömmu á Laugarvatni í fullkomnu veðri með fjölskyldunni. Þar er meiriháttar útsýni og heitur pottur og algjör fjölskylduparadís. Veðrið er reyndar ekkert aðalatriði því bústaðurinn er svo notalegur að það er ekkert mál að vera þar þó veðrið sé ekki upp á sitt allra besta. Við myndum grilla góðan mat og rúsínan í pylsuendanum væri svo ef sonur minn, sem er sex ára og ansi sprækur, væri sæmilega stilltur allan tímann." Atli hefur haft ýmis verkefni með höndum síðan hann útskrifaðist úr leiklistarskólanum í vor og lék meðal annars Adda Idol í Idol-auglýsingunum, sem var að taka þátt í keppninni og tók svo við hlutverki af skólabróður sínum í Kabarett. Hann segir að það sé alveg brjálað að gera þessa dagana og engin smuga að komast í bústað að minnsta kosti ekki í bili.






ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Tölvuveirur eru tækni– og félagslegt vandamál

**HVERNIG ER HÆGT AÐ VERJAST TÖLVUVEIRUM OG ÖÐRUM HÆTTUM Á NETINU?**



Orðið tölvuveira (e. computer virus) er bæði notað í almennum skilningi um hvers kyns óæskileg forrit (e. malware, stytting á malicious software) og um tiltekna undirtegund slíkra forrita.

**Margir flokkar tölvuveira**
Til eru margir flokkar tölvuveira. Þeirra á meðal eru eiginlegar veirur, en það eru forrit sem koma sér fyrir inni í öðrum forritum, og fjölvaveirur sem smita Microsoft Office skjöl. Einnig eru til svokallaðir ormar, til dæmis póstormar sem dreifa sér sjálfir í tölvupósti og netormar sem dreifa sér beint á milli nettengdra tölva. Ruslormar eru forrit sem dreift er í miklu magni með tölvupósti á sama hátt og ruslpósti. Svokallaðar bakdyr er hugbúnaður sem opnar aðgang að tölvunni fyrir utanaðkomandi aðilum, án samþykkis eiganda, og njósnahugbúnaður fylgist með allri notkun á tölvunni og sendir upplýsingar um þá notkun til utanaðkomandi aðila, aftur án samþykkis eiganda tölvunnar. Loks má nefna trójuhesta, forrit sem villa á sér heimildir og gera annað en notandinn býst við að þau geri.

**Veiruvarnaforrit**
Eins og gefur að skilja eru veiruvarnaforrit (e. antivirus software) helsta leiðin til að verjast tölvuveirum. Því miður leysa þau ekki allan vanda því fleira þarf að varast á netinu en tölvuveirur auk þess sem nýjar tölvuveirur sleppa stundum framhjá veiruvarnaforritum. Þá geta notendur lent í ýmsum hremmingum við að bjarga gögnunum sínum og sótthreinsa tölvuna.

**Tölvuveirur félagslegt vandamál**
Þó svo að veiruvarnaforrit séu mjög mikilvæg í baráttunni gegn tölvuveirum og nauðsynlegur búnaður á hverri tölvu, verða þau aldrei nein töfralausn. Ástæðan er helst sú að tölvuveirur eru í raun ekki tæknilegt vandamál heldur miklu fremur félagslegt, eins undarlega og það kann að hljóma, og ekki er hægt að leysa félagslegt vandamál með tæknilausnum eingöngu. Tvær meginröksemdir eru fyrir þessari staðhæfingu.

**Tölvuveirur verða ekki til af sjálfu sér**
Í fyrsta lagi eru tölvuveirur ekki sjálfsprottnar heldur eru þær mannanna verk. Þótt vitað sé um öryggisholur og veikleika í stýrikerfum sem hægt er að misnota, eru það glæpamenn sem búa tölvuveirurnar til og dreifa þeim. Öryggisholurnar sjálfar (sem eru tæknileg vandamál og þarf auðvitað að laga) eru sem sagt ekki uppspretta tölvuveira heldur þeir sem ákveða að nýta sér þessa veikleika.

**Stýrikerfið hlýðir skipunum**
Í öðru lagi er langflestum tölvuveirum dreift í tölvupósti þar sem reynt er að gabba notandann til að opna viðhengi og ræsa þar með tölvuveiruna. Það er ekkert óeðlilegt við það að stýrikerfið leyfi notendum að ræsa tölvuveiru eins og hvert annað forrit. Stýrikerfið er gert til að hlýða skipunum notandans hvort sem þær eru æskilegar eða óæskilegar. Hvort eitthvað flokkast sem tölvuveira eða gagnlegt forrit snýst þar að auki oft og tíðum um væntingar notandans. Stýrikerfið hefur enga leið til þess að gera sér grein fyrir því hvers notandinn væntir af forritinu og hvort forritið geri eitthvað sem hann vildi ekki að yrði gert. Ef það væri hægt væri þegar búið að laga öll stýrikerfi og útrýma tölvuveirum.

**Veiruvarnaforrit, eldveggir, vefsjávörn**
Af þessu leiðir að beita þarf mörgum mismunandi aðferðum samtímis til að verjast tölvuveirum. Sumar aðferðirnar eru tæknilausnir eins og að vera með nýlega uppfært veiruvarnaforrit á tölvunni til að finna þekktar tölvuveirur og greina grunsamlega hegðun forrita. Einnig að vera með eldvegg til að verjast beinum árásum, netormum og innbrotum. Góðir eldveggir hafa líka forritastýringu (e. program control) þar sem notandinn getur stýrt því hvaða forrit fá að tengjast netinu. Þeir láta líka notandann vita ef ný eða breytt forrit, til dæmis tölvuveirur, reyna að fá netaðgang. Loks má nefna vefsjárvörn gegn sprettigluggum (e. pop-up window). Internet Explorer 6 hefur innbyggða vefsjárvörn í Windows XP með uppfærslupakka 2 (e. service pack). Firefox er með slíka vörn fyrir öll stýrikerfi.

**Mikilvægt að uppfæra stýrikerfið**
Mikilvægt er að hirða vel um stýrikerfi tölvunnar og uppfæra það reglulega. Tölvunotendur ættu alltaf að verða sér úti um nýjasta uppfærslupakkann fyrir stýrikerfið sitt. Windows notendur ættu að nota Automatic Updates í Windows eða heimsækja Microsoft Update reglulega til að sækja nýjustu uppfærslurnar frá Microsoft. Mac OS X notendur ættu að nota Software Update í Mac OS X til að sækja nýjustu uppfærslurnar frá Apple.

**Val á vefsjá**
Windows notendur ættu einnig að íhuga að nota ekki Internet Explorer vefsjána (e. browser) sem fylgir stýrikerfinu. Margar tölvuveirur, sér í lagi njósnahugbúnaður, virka einungis með Internet Explorer. Ástæðan er fyrst og fremst sú að það er langalgengasta vefsjáin. Mun minna er til af tölvuveirum sem nýta sér aðrar vefsjár eins og Firefox og Opera.

Tölvunotendur þurfa líka að læra að treysta ekki gylliboðum, sjá í gegnum gabbtilraunir og opna ekki viðhengi sem berast í tölvupósti nema þeir viti um uppruna þeirra og tilgang.

*Erlendur S. Þorsteinsson reiknifræðingur.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvað eru deilitegundir, hvað þýðir orðið Hvítserkur, hvað er mikill straumur í einni eldingu, hverjar eru hefðir og saga hrekkjavöku, hvernig eru tölvuskrár geymdar og hvað verður um þær þegar þeim er hent, og hvað er kjörþögli? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is





MAC AIDS FUND

LEGGÐU ÞITT AF MÖRKUM

**Hver króna af seldum VIVA GLAM** varalit rennur í Alnæmissjóð MAC. Sjóðurinn styrkir baráttuna gegn alnæmi á Íslandi. Í tilefni af Alþjóðlegum alnæmisdegi koma landsþekktir einstaklingar sem láta sig málið varða í heimsókn í MAC, Debenhams, í dag milli 13.00 og 17.00 og leggja sitt af mörkum:

Jónsi í Svörtum fötum, Sverrir, Auðunn og Pétur í Strákunum, Hera, Sigga Beinteins, Nylon, Yasmin Olsson, Einar Bárðarson, Heiða, Sigmar Guðmundsson og Ragnhildur Steinunn úr Kastljósinu, FM 95,7 Zúúber grúbban, Hilmir Snær, Egill Helgason, Ragnheiður Gröndal, Logi Bergmann Eiðsson og Svanhildur Hólm.

Kiss FM verður með beina útsendingu. Börkur og Daði sjá um tónlistina. Boðið upp á gos frá Ölgerðinni og blöðrur fyrir börnin.

Í kvöld, 3. desember munu MAC og Café Oliver halda styrktarkvöldverð á Café Oliver til styrktar forvarnarstarfi Alnæmissamtakanna. Veislustjóri: Logi Bergmann ásamt landskunnum skemmtikröftum. Klæðaburður í samræmi við „Crazy Coktail“ þema. Í boði verður 5 rétta matseðill ásamt léttvíni, kaffi og koníak og frábær skemmtiatriði og tjútt fram á rauða nótt. Miðaverð er 25.000 kr. á mann og rennur allur ágóði beint til forvarnarstarfs Alnæmissamtakanna. Húsið opnar kl. 18.00.

DEBENHAMS
SMÁRALIND





Myndir: NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR
Stílisti: HELGA ÓLAFSDÓTTIR
Fyrirsæta: SUNNA BJÖRNSDÓTTIR
Förðun: GUÐBJÖRG HULDÍS
Fatnaður: KAREN MILLEN OG ZARA

# Svarti galdur

Svart er í tísku. Ekki bara svart heldur svart í svart. Lög af svörtu; svört föt, svartir skór, svartir skartgripir og aukahlutir. Í vetur er svart líka rómantískt. Efnin eru fljúgandi sjiffon, kósý kasmír, þvegið flauel, pelsar, glitrandi steinar og fallegar blúndur. Svarti galdurinn er hinn klassíski „litli svarti kjóll“. Hann er hægt að nota sem grunn við öll tækifæri, með gallabuxum, háum stígvélum, prjónapeysu og svartri tvíhnepptri ullarkápu eða með pinnahælum, svörtum skartgripum, litlum pels og svartri glitrandi tösku. Blandið öllu saman og allt er leyfilegt, það er bara eitt skilyrði, svart í svart!

**Einsleitt!**

Það sem sjá má á síðum tískutímarita í förðun er matt og dramatískt. Sansering og glimmer hefur fengið að víkja í bili. Djúpir varalitir og girnilegar varir ráða ríkjum og eru aðalatriðið. Lýtalaus húð með möttum eða náttúrulegum gljáa og hún fær að njóta sín. Brúnir mattir tónar renna saman og gefa rómantískan blæ og skerpa og ýkja vel alla náttúrulega skugga. Nota vel af farða en vinna hann vel með fingrum. Púðra yfir en ekki of mikið. Bara rétt til að „setja“ farðann þannig að hann hreyfist ekki. Skyggja vel með sólarpúðri undir kinnbein og aðeins á enni, nef og höku. Nota ca. 3 tóna af augnskugga, byrja á húðlituðum og svo tvo brúntóna liti, í sitt hvorum styrkleika. Nota skal matta liti. Mikið af maskara til að gefa dramatískan blæ. Skerpa augabrúnir ef þarf en hafa þær náttúrulegar. Klára þetta með möttum varalit í blábleiktóna lit sem líkist eigin varalit og velja blýant í sama tóni. Til að gera þetta meira glam má skella glossi yfir augnlok. Heildaryfirbragð er glæsilegt og dramatískt. Einfalt og sterkt. ■




Slakaðu á fyrir

Nú sér Pósturinn líka um að

Pósturinn býður nýja þjónustu sem gerir þér kleift að hanna vandað jólakort með eigin mynd og senda til vina og vandamanna á einfaldan og ódýran hátt.

Búðu til heimilisfangalista sem uppfærist sjálfkrafa

Þú getur búið til þinn eigin heimilisfangalista og vistað á vef Póstsins. Þar safnarðu saman á einn stað heimilisföngum vina og vandamanna sem þú vilt geyma. Listinn uppfærist sjálfkrafa og þú hefur því alltaf aðgang að réttum upplýsingum um heimilisföngin. Pósturinn sér um að láta prenta jólakortin í frábærum gæðum.










jólin

prenta jólakortin

setja þau í umslög og ganga frá þeim til sendingar, árita umslögin samkvæmt þínum nafnalista á www.postur.is og bera jólakortin út til viðtakenda innanlands og utan.

Farðu inn á www.postur.is og kláraðu jólakortin með fjórum einföldum aðgerðum.

1. Veldu mynd á jólakortið
2. Skrifaðu texta á jólakortið
3. Skráðu inn nöfn og heimilisföng
4. Greiddu og sendu

NÝJUNG JÓL 2005 02667

PÓSTURINN allur pakkinn

www.postur.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ISP 29537 12/05

# Ópólitískur Bond í skyrtu frá Illum

Fyrrum njósnari hennar hátignar hefur snúið við blaðinu og er orðinn velgjörðarsendiherra Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. **Sir Roger George Moore** hefur undanfarna daga spásserað um götur Reykjavíkur ásamt eiginkonu sinni. Forsetafrúin íslenska reyndi að fá hjónin til að aflýsa skipulagðri dagskrá. ***Trausti Hafliðason*** hitti Sir Roger og ræddi við hann á hóteli í höfuðborginni.



**SIR ROGER GEORGE MOORE VIÐ BARINN** Sir Roger og Lady Kristina, sem sést í bagrunni myndarinnar vera að spjalla við Stefán Inga, búa í Mónakó á sumrin en Sviss á veturna.

Ég og Hari ljósmyndari á Fréttablaðinu vorum nokkuð spenntir að hitta James Bond. Eftir örstutta bið kom hann gangandi niður stigann á hótelinu. Við hlið hans var að sjálfsögðu kona. Ég átti samt ekki von á því og hallaði mér að Stefáni Inga Stefánssyni, framkvæmdastjóra Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (UNICEF), og spurði hver konan væri. Svarið kom strax, „þetta er Lady Kristina, eiginkona hans“. Gott og vel, þá var ég með það á hreinu, taldi mig þó vera nokkuð vel búinn undir viðtalið. Lærði samt snemma á blaðamannsferlinum að það er oft gott að spyrja eins og barn - eins og maður viti ekki neitt. Ég tók í hendur hjónanna og ávarpaði þau bæði með nafni án þess að hika, „Nice to meet you, Sir Roger - welcome to Iceland, Lady Kristina.“

Sir Roger George Moore, eins og hann heitir fullu nafni, lék njósnara hennar hátignar í sjö myndum frá árinu 1973 til 1985 og þar áður lék hann Dýrlinginn í samnefndum sjónvarpsþáttum. Hann varð 78 ára fyrir tæpum tveimur mánuðum og ber sig ótrúlega vel og annað verður ekki heldur sagt um Lady Kristinu.

**Dorrit besti sendiherrann**

Eftir að Hari hafði lokið myndatökunni, dregið Moore út á gangstétt og síðan stillt honum upp við barinn [... og staðist freistinguna að biðja þjóninn að blanda einn vodka martini, hristan, ekki hrærðan, til að hafa á barborðinu] settumst við í betri stofuna. Ég, Sir Roger og Lady Kristina. Ég spurði fyrst hvort hann ferðaðist alltaf með eiginkonu sinni. Hann leit á hana og hún svaraði að bragði: „Já, alltaf.“ Hann bætti síðan við: „Já, ég treysti henni ekki einni - lít ekki af henni.“ Við hlógum öll þrjú og ég hugsaði með mér að líklega væri hið gagnstæða rétt og var þá með Bond-ímyndina á höfðinu. Næst var komið að spurningunni - hvernig skyldi Sir Roger Moore líka við land og þjóð? Formáli spurningarinnar var nokkuð langur því ósjálfrátt afsaka ég mig alltaf þegar ég spyr að þessu - kannski af því að ég minnist þess ekki að hafa verið spurður að þessu sjálfur á ferðalögum mínum erlendis.

„Ég er ekki búinn að vera hérna nema í tæpan sólarhring,“ sagði Moore og mér leið vitaskuld kjánalega. „Við komum í myrkri og vöknuðum í myrkri.“ Ég reyndi að brosa - en hugsaði með mér að ég hefði nú getað sagt mér þetta því ég vissi sem var að hann var ekki búinn að vera hér nema örskotsstund. „Ég get samt sagt þér að við áttum mjög ánægjulegan hádegisverð með forsetanum og góðri vinkonu okkar, Dorrit Moussaieff. Hún hefur reyndar oft sagt okkur frá Íslandi og ég held að þið getið nú varla átt betri sendiherra en hana. Hún reyndi að sannfæra okkur um að aflýsa öllum fundum og gala-kvöldverðarboðum og ferðast aðeins um, fara í Bláa lónið og öðlast eilíft líf.“

**Audrey Hepburn sannfærði Sir Roger**

Sir Roger og Lady Kristina komu til landsins á miðvikudaginn til að vera viðstödd undirritun stærsta styrktarsamnings sem gerður hefur verið í þágu góðgerðarmála á Íslandi. Fyrirtækin Baugur Group, FL Group og Fons gáfu 135 milljónir króna til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna og munu nær 100 þúsund börn í Gíneu-Bissá njóta góðs af styrknum. Sir Roger er einn af fjölmörgum velgjörðarsendiherrum Barnahjálparinnar. Sem slíkur ferðast hann vítt og breytt um heiminn til að vekja athygli á bágri stöðu barna í þriðja heiminum og hvetja fyrirtæki og stjórnvöld hinna ríkari landa til opna augun og láta eitthvað af hendi rakna. En hvað varð til þess að hann gerðist velgjörðarsendiherra?

„Það má nú eiginlega segja að Audrey Hepburn heitin, vinkona mín og nágranni í Sviss til margra ára, eigi heiðurinn að því. Hún hringdi í mig fyrir fimmtán árum og bað mig að afhenta með sér UNICEF-barnaverðlaun Danny Kaye í Amsterdam. Ég samþykkti það og spurði hvaða dag þetta væri. Hún sagði mér það en bætti síðan við að ég þyrfti að koma daginn áður. Ég spurði til hvers, við myndum hvort eð er lesa af skjám það sem við ættum að segja. Þá sagði hún vilja fá mig á blaðamannafund. Ég sagðist ekki vita nóg um UNICEF til að geta verið til svara á blaðamannafundi. Hún sagði að það skipti engu máli því það eina sem blaðamennirnir vildu ræða væru kvikmyndir og hún hafði rétt fyrir sér þó hún hafi ekki leyft þeim að komast upp með það. Eftir þetta hef ég starfað fyrir UNICEF.“

Eftir þetta svar Sir Roger var ég svolítið utan við mig og hugsaði með mér það það væri eins gott að upptökutækið væri í lagi. „Það eina sem blaðamennirnir vildu ræða voru kvikmyndir og hún lét þá ekki komast upp með það,“ glumdi í höfðinu á mér. Ég leit sem snöggvast niður á krassblaðið mitt - á allar Bond-spurningarnar. Þær urðu að bíða. Sir Roger var vafalaust orðinn þreyttur á þögninni og hélt áfram. Hinn fágaði breski hreimur fangaði strax athygli mína.

**Enga pólitík, takk**

„Það ríkir ótrúleg örbirgð í heiminum og því miður eru allt of margir ómeðvitaðir um það. Fyrsta skipulagða ferðin mín á vegum UNICEF var til Mið-Ameríku. Á leiðinni heim kom ég við í Dallas í Bandaríkjunum og þar var haldinn blaðamannafundur. Eftir að ég hafði lýst ástandinu í þessum heimshluta spurði einn blaðamaðurinn mig hvort ég áttaði mig ekki á því að það ríkti líka fátækt meðal barna í Bandaríkjunum. Ég sagði honum pent að hann gæti kysst á mér afturendann því þó vissulega væru til fátæk börn í Bandaríkjunum þá væru þau margmilljónerar miðað við fátæku börnin í þriðja heiminum.“

Ég kunni vel að meta þetta hreinskilna svar Sir Rogers við spurningu bandaríska blaðamannsins. Því næst spurði ég hann hvort hann hefði frétt af ofsahagnaði og útrás íslenskra fyrirtækja síðustu ár og nefndi sem dæmi að Baugur Group hefði fjárfest mikið í Englandi. Þá tók hann af mér orðið og sagði: „Já, og í Danmörku.“ Ég var svolítið hissa á því hvað hann var vel að sér og enn meira hissa þegar hann sagði þetta: „Sérðu þessa skyrtu, hún er keypt í Illum í Kaupmannahöfn. Þetta er eins konar hringrás. Ég styrki þá og þeir UNICEF.“

En setur svona velgengni ekki auknar siðferðislegar kvaðir á fyrirtæki, eru þau ekki í raun skyldug til að gefa eitthvað til baka?

„Jú, og ég held að við séum nú að verða vitni að ákveðinni vakningu meðal stórfyrirtækja í þessa veru.“

Fyrir ári ríflega ári síðan ræddi ég við Harry Belafonte, sem þá var staddur hérlendis sem velgjörðarsendiherra Barnahjálparinnar. Sá merkilegi maður hefur sterkar skoðanir og býr yfir miklum sannfæringarkrafti. Stór hluti viðtals míns við hann fór í að ræða Írakksstríðið og bandaríska utanríkisstefnu og í stuttu máli þá er Belafonte draumur hvers blaðamanns. Hann liggur ekki á skoðunum sínum og talar ekki í kringum hlutina. Í raun dugar ein tilvitnun til að sýna þann anda sem ríkti í viðtalinu: „Það að George W. Bush skuli vera forseti Bandaríkjanna er ekkert annað en stórslys - öll hans ríkisstjórn er stórslys,“ sagði Belafonte fyrir ári síðan.

**Vildi heita Burt eða Fred**

Nú stóðst ég ekki mátið. Ég leit í augu Sir Rogers og byrjaði að þusa eitthvað um Írakksstríðið og þátttöku Breta í því. Sir Roger, sem er borinn og barnfæddur Lundúnabúi, hallaði sér aftur í stólnum og af því hann er einkar kurteis maður leyfði hann mér að klára. Síðan sagði hann: „Ég er ópólitískur. Ég vinn fyrir samtök sem eru ópólitísk af þeirri einföldu ástæðu að við þurfum að njóta góðvildar alls staðar.“ Þar með var það útrætt. Ég reyndi í það minnsta, hugsaði ég með mér og kunni ekki við að þrýsta eitthvað á manninn, enda fyrrum njósnari hennar hátignar. Þá sagði Sir Roger og í annað skiptið í samtalinu notaði hann tiltekið orðalag: „Þetta þýðir samt ekki að ég kyssi afturendann á hvaða stjórnmálamanni sem er en ég mun virða það að þeir séu við völd. Ég og Belafonte höfum þekkst í meira en fimmtíu ár og erum góðir vinir. Við eyddum eitt sinn saman jólunum í New York og fórum síðan til Aruba og eyddum áramótunum þar. Hann söng fyrir mig á ströndinni og það var yndislegt. Ég veit vel að hann er mjög pólitískur og margt sem hann segir er rétt, en ég vil ekki ræða pólitík.“

Fyrst hann vill ekki ræða pólitík hugsaði ég með mér að nú væri akkúrat rétti tíminn til að spyrja Sir Roger út í Bond og ferilinn. Hann hlyti að fagna breyttu umræðuefni. Ég byrjaði á spyrja hvort hann hafi alltaf ætlað að verða leikari?

„Nei, sem strákur vildi ég verða lestarstjóri. Ég vildi ekki heita Roger heldur vildi ég almennilegt nafn eins og Burt eða Fred. Síðan þegar ég varð eldri fór ég að hlusta á föður minn, sem sagði að kannski ætti ég að leggja fyrir mig arkitektúr. Það varð ekkert úr því - ég teiknaði ekki hús heldur teiknimyndasögur. Einhvern veginn leiddist ég síðan út í leiklist.“ Sir Roger hafði varla sleppt orðinu þegar farsími hringdi á næsta borði. Hringitónninn var fuglasöngur og Sir Roger sagði: „Heyrðirðu þetta, ég gerði þetta án þess að hreyfa varirnar.“ Við hlógum öll þrjú.

**Fer ekki á Bond-myndir**

Aðspurður sagðist Sir Roger ekki endilega telja að James Bond-hlutverkið hefði skotið honum upp á stjörnuhimininn heldur hélt hann þetta allt í hendur; Dýrlingurinn, James Bond og fleiri hlutverk.

„Það er gamalt máltæki sem segir að það taki 25 ár að verða stjarna yfir nótt,“ segir hann og brosir.

En var ekkert erfitt að feta í fótspor Sean Connery? „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn hugsaði ég lítið út í það. Reyndar varð ég svolítið óstyrkur þegar ég var á leiðinni á forsýningu Live and Let Die en áttaði mig fljótlega á því að það þýddi ekkert. Þetta var eins og að fara með konu á fæðingardeildina. Maður hefur ekkert um það að segja hvort barnið komi heiminn og hvernig það verður - það bara kemur og verður eins og það verður.“

Mér lék forvitni á vita hvað Sir Roger hefði að segja um nýjustu James Bond-myndirnar. Svarið kom á óvart. „Ég hef bara séð eina mynd síðan ég hætti að leika árið 1985 þegar A View to a Kill kom út. Mér fannst hún óþarflega ofbeldisfull en síðan þegar ég fór að hugsa áttaði ég mig nú fljótlega á því að mínar myndir voru ekkert skárri.“ Mér varð svo mikið um þetta svar að ég gleymdi að spyrja hvers vegna hann hefði bara séð eina mynd eða hvaða mynd það hefði verið.

Á næsta ári kemur út ný James Bond-mynd, Casino Royale. Með aðalhlutverkið fer Daniel Craig, sem lék meðal annars í Layer Cake og Road to Perdition. Hvað finnst Sir Roger um Craig? „Ég þekki hann ekki en ég sá hann í Road to Perdition. Mér finnst hann áhugaverður ungur leikari. Ég var vanur að vera tortrygginn út í unga leikara á uppleið því þeir gátu stolið frá mér hlutverkum. Ég er það ekki lengur.“

Ég þakkaði Sir Roger og Lady Kristinu fyrir samtalið. Sir Roger er enn sá leikari sem hefur leikið í flestum James Bond myndum - alls sjö. Sean Connery lék í sex, Pierce Brosnan fjórum, Timothy Dalton tveimur og George Lazenby einni. ■





JÓLATILBOÐ
5.995
SCOTT SWM7
MP-3 ferðatæki með geislaspilara útvarpi og segulbandi
4.495
SCOTT SX22DB
Ferðatæki með geislaspilara útvarpi og segulbandi
3.995
ROADSTAR HRA1005
Útvarp í viðarkassa
3.995
SCOTT RX20
Útvarp með FM/MB/LB og SB
34.995
Verð áður 59.995
SCOTT CRXi908
Ferða DVD spilari með tveim 7" skjám. Spilar: MP4/Divx Pro/Xvid/DVD+RW DVD+R/DVD-RW/DVD-R/JPEG/S-VCD/MP-3. Festingar fyrir hnakkapúða í bíl. Taska og fjarstýring fylgja
KARAOKE PAKKI
8.995
2 HLJÓÐNEMAR OG KARAOKE DISKUR FYLGJA
MR ENTERTAINER G065CL
KARAOKE DVD spilar sem spilar: DVD/VCD/CDG
Tengi fyrir 2. hljóðnema
15" LCD
ROADTAR LCD1520
15" LCD sjónvarp
Íslenskt textavarp
Euro scart tengi
S-Video tengi
A/V tengi inn og út
Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring
PC tengi
Gengur fyrir 12 og 220 voltum
39.995
19.995
SCOTT DVX100HC
Heimabíókerfi með DVD og útvarpi. Spilar: DVD/VCD/S-VCD/MP-3/CD/CD-R/CD-RW JPEG. Magnari 5X15 + 25 wött RMS. Stafrænt RDS útvarp með 40 stöðva minni Dolby Digital/DTS. A/V tengi að framan. Scart tengi. S-Video tengi. Fullkomin fjarstýring
995
ROADSTAR PT7520C
Brauðrist
ROADSTAR SB5220
Stálblandari
500 Wött
1,5 l. glerkanna
3.995
3.995
ROADSTAR BBQ1900
Heilsugrill. 1800 wött
3.995
ROADSTAR CLR2491
Útvarpsklukka
4.995
ROADSTAR DVD3620
DVD spilari sem spilar öll svæði
ROADSTAR CD942DVD
Bíltæki með DVD spilara
19.995
ROADSTAR MWO2389
23 lítra örbylgjuofn með grilli
7.995
ROADSTAR EC9015
Espresso kaffivél
15 bar þrýstingur
7.995
34.995
SCOTT DPXi102
Ferða DVD spilari með 10" skjá
Spilar: MP4/Divx Pro/Xvid/MP-3/JPEG
Taska og fjarstýring fylgja
19.995
SCOTT DPXi77
Ferða DVD spilari með 7" skjá
Spilar: MP4/Divx Pro/Xvid/MP-3/JPEG
Taska og fjarstýring fylgja
21"
16.995
ROADSTAR CTV2134
21" sjónvarp með textavarpi
www.radio.is
RADÍÓBÆR
ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133



**2.490**

Vnr. 88010570

## Trukkur

Tonka Mighty truk vinnuvél. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi á Akureyri og Selfossi.



**2.490**

Vnr. 88010562

## Dúkka

BRATZ dúkka á mótorhjóli. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi á Akureyri og Selfossi.



**6.990**

Vnr. 88010130/3

## Leikfangabíll

Stór fjarstýrður flutningabíll, 120x332x21 cm. Hleðslutæki fylgir. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi á Akureyri og Selfossi.



Verð frá **790**

Vnr. 88901108-9/0954-5

## Gluggaskraut

Snjókarl, 35 ljósa eða 50 ljósa með glærum perum eða mislitum perum.



Verð frá **790**

Vnr. 88901104-5/0950-1

## Gluggaskraut

Halastjarna, 35 ljósa eða 50 ljósa með glærum eða mislitum perum.



Verð frá **790**

Vnr. 88901110-11/0956-7

## Gluggaskraut

Gluggaskraut margar gerðir, 35 ljósa eða 50 ljósa með glærum eða mislitum perum.



# BETRI JÓL Í BYKO

*Ótrúlegt verð!*

**25% afsláttur**

*af öllum seríum**

** afsláttur reiknast á kassa*

# SKEMMTILEG JÓLASTEMNING Í BYKO ALLA HELGINA!

### ÁLAFOSSKÓRINN SYNGUR Í DAG KL. 13:30




Bjóðum upp á gómsætar vöfflur á laugardag og sunnudag frá kl. 14:00-16:00.

Vinsælu vöfflurnar frá Kötlu fyrir alla!

### KYNNING Á GEORGE FOREMAN GRILLUM!



Kynning verður á George Foreman gillunum laugardag og sunnudag kl. 12:00 - 16:00.

### TRÍÓ BJÖSSA THORODDSEN

Tríó Bjössa Thorodds spilar létta jólatónlist í dag milli 14:00 og 16:00.








2.990

Vnr. 88010172/5

## Leikfangabíll

Fjarstýrður BMW jeppi, silfur eða rauður, 36x15x13 cm, 27HZ/40HZ. Hleðslurafhlaða fylgir.




3.490

Vnr.88010575

## Dúkkur

BRATZ TWIINS. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi á Akureyri og Selfossi.

Vnr. 88902999-3006

## Úti jólatré

Úti jólatré, grænt tré, glærar perur, marglitar perur og einnig til hvítt úti jólatré, 90,120,150,180 og 210 cm, 220V.



Verð frá

6.990



FRÁBÆRT VERÐ!

Vnr. 49800208

## Jólasveinn

Jólasveinn á strompi með ljósi, 78 cm.

1.990

~~2.490~~



Verð frá

3.990

Vnr. 88902800

## Úti jólatré

Cristal Cone úti jólatre, 90, 120 og 150 cm.

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR

Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug 10-16 Sun. 12-16: - Sími: 480 4600



www.skifan.is




**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**
**ALÞINGISMAÐUR**

Mér finnast innflutningshöft mjög ofmetið fyrirbæri. Innflutningshöft koma mjög fáum til góða og síst þeim sem þau eru ætluð. Þau viðhalda fáætækt í mörgum ríkjum heims því þau koma í veg fyrir eðlileg viðskipti og samskipti milli þjóða. Að auki eru þau afar kostnaðarsöm fyrir neytendur og skattgreiðendur.



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**
**BORGARFULLTRÚI**

Svarið sem kemur alveg í hvelli án umhugsunar er: 1) sjónvarpið, 2) fólkið í Hér og nú og Séð og heyrt, 3) stjórnmálamenn. En hið heimspekilega svar er auðvitað það sem kemur fram í þeirri furðulega lélegu skáldsögu, en ágætu handbók: Munkurinn sem seldi mótorhjólið sitt. Nokkurn veginn það, að allt sem ekki snýst um að rækta garðinn sinn, sé stórlega ofmetið. Hryggilegt að vita að það á við um næstum allt sem við gerum.



**GUÐRÚN HELGADÓTTIR**
**RITHÖFUNDUR**

GÁFUR án frjórrar hugsunar og kærleika, öðru nafni HEIMSKA,
MÆLSKA án leitar að því sem réttast er, öðru nafni VAÐALL,
ÁST án ábyrgðar og umhyggju, öðru nafni SJÁLFSELSKA,
og svo eftirlæti íslenskra fjölmiðla:
FRÆGÐ, sem ekkert var unnið til, öðru nafni HÉGÓMI.

# HVAÐ ER OFMETIÐ Í LÍFINU?



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR**
**RITHÖFUNDUR**

Að eiga meira en eitt þak yfir höfuðið, því vandi fylgir fasteign hverri. Er ekki nær fyrir önnum kafið fólk að eyða frístundunum í eitthvað annað en að lappa upp á þak númer tvö og þrjú, þegar leigumöguleikar eru nægir, heima og heiman. Og það er sama hvað fólk er ríkt, það getur ekki sofið nema á einum stað í einu. Þó er ég ekki sama naumhyggjumanneskja og Quentin Crisp, Englendingurinn dásamlegi sem fluttist sjötugur og vel farðaður til New York. Hann átti alltaf heima í einu herbergi, og sagði: Ég hef aldrei skilið hvað fólk gerir við herbergið sem það er ekki í.



**HERMANN GUNNARSSON**
**FJÖLMIÐLAMAÐUR**

Það sem langmest er ofmetið í okkar jarðneska lífi er veraldlegt ríkidæmi, sem oftar en ekki leiðir af sér hroka og sýndarmennsku, sem reynist flestum illa og slæmt að hafa í farteskinu! Já, blessaður og elskulegur kærleikurinn er ekki falur fyrir peninga, frekar en ástin! Sagt er að margur verði af aurum api.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**
**ALÞINGISMAÐUR**

Langflestir þrá efnisleg gæði sem ytri tákn um velgengni í lífinu. Þess vegna vinna þeir myrkranna á milli til að eignast mikið af steypu í stórum húsum, og mikið af stáli í stórum bílum. Þetta kostar þá raunverulegt ríkidæmi í formi innri hamingju sem þeir ná ekki að þroska, tengsla við fjölskyldu sína og vini sem þeir ná ekki að rækta, heilsu sem þeir tapa of fljótt. Í hnotskurn má segja að mikil efnisleg gæði séu mest ofmetin í lífinu. Næst þeim ganga vegtyllur og metorð. Í staðinn eiga menn að rækta garðinn sinn, lúta að litlu og föndra við sálina í sjálfum sér.



**SNORRI MÁR SKÚLASON**
**UMSJÓNARMAÐUR ENSKA BOLTANS**

Það fyrsta sem kom upp í hugann er peningar. Ég er ekki sá hræsnari að segja að peningar skipti ekki máli því að öll þurfum við að komast af og sjá okkar nánustu farborða. Til þess þurfum við peninga. Ég er meira að vísa til þeirra sem dags daglega ganga á gróðahyggju og raka saman tugum ef ekki hundruðum milljóna á ári í eigin vasa. Og venjulegur launþegi eins og ég klórar sér í hausnum og spyr sig hvenær er nóg nóg. Það eru illu heilli sífellt fleiri í okkar þjóðfélagi sem krjúpa við altari Mammons. Margt af því besta í þessum heimi er ókeypis. Þú kaupir t.d. ekki hamingju, góða heilsu, yndislega eiginkonu og frábæra fjölskyldu. Þetta eru þættir sem skipta mig miklu meira máli en allir heimsins peningar.



**EYÞÓR GUÐJÓNSSON KVIKMYNDALEIKARI OG ATHAFNAMAÐUR**

Völd, vinsældir og efnahagsleg umsvif eru sennilega eitt af því ofmetnasta í lífinu. Ég þekki fjölmörg dæmi þar sem að þessi hlutir fara því miður ekki saman við lífsgleði, innri ró og hamingju. Að eiga góða konu, fjölskyldu og börn ásamt traustum vinum er það dýrmætasta sem ég á. Góður kokteill af þessu öllu er auðvitað það besta en allt of fáir rata á þá lausn. Ég rembist auðvitað eins og rjúpan við staurinn við að reyna að ná hinu fullkomna jafnvægi og held svei mér þá að mér hafi bara tekist það nokkuð vel þó ég segi sjálfur frá. Neðangreind speki er aldrei of oft lesin:

Lífsklukkan er trekkt aðeins einu sinni.
Enginn veit hvenær vísarnir stoppa, snemma eða seint.
Núna er eini tíminn, sem við eigum.
Lifðu, elskaðu og starfaðu og á lífið reyndu.
Settu ekkert traust á morgundaginn sem vísarnir ef til vill gleymdu.


Íslensk tónlistarjól
ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 14:00
2.199kr verð áður 2.499-
BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld
ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 15:00 ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 17:00
1.699kr verð áður 1.999-
BERGSVEINN - September
ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 14:00 ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 15:00
1.699kr verð áður 1.999-
MATTI - Ólýsanleg
1.699kr verð áður 1.999-
ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein
ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 14:00
1.699kr verð áður 1.999-
SVALA BJÖRGVINS - Bird of Freedom
ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 16:00
1.699kr verð áður 1.999-
NYLON - Góðir hlutir
1.699kr verð áður 1.999-
GARÐAR THOR CORTES - Cortes
ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 14:00
1.699kr verð áður 1.999-
RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the rain
ÁRITA Í SKEIFUNNI KL. 16:00
1.699kr verð áður 1.999-
GUÐRÚN & FRIÐRIK - Ég skemmti mér
ÁRITAR OG SPILAR Í SMÁRALIND KL. 16:00
1.699kr verð áður 1.999-
MAGNÚS ÞÓR - Hljóð er nótt
ÁRITAR OG SPILAR Í SMÁRALIND KL. 15:00
1.699kr verð áður 1.999-
JÓNSI
ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 17:00
1.699kr verð áður 1.999-
REGÍNA ÓSK
ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 13:00 ÁRITAR Í SPÖNGINNI KL. 15:00
1.699kr verð áður 1.999-
HANSA - Mannsöngvar
ÁRITAR Í SPÖNGINNI KL. 14:00
1.699kr verð áður 1.999-
LEONE TINGANELLI - Volo libero
SPILA Í KRINGLUNNI KL. 13:00
1.699kr verð áður 1.999-
KUNG FÚ - Í sannleika sagt
ÁRITA OG SPILA Í SMÁRALIND KL. 13:00
1.699kr verð áður 1.999-
SPARK - Lífið er leikur
ÁRITA OG SPILA Í SMÁRALIND KL. 17:00
1.699kr verð áður 1.999-
HEITAR LUMMUR
1.699kr verð áður 1.999-
HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna
1.699kr verð áður 1.999-
SÁLIN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum áhrifum
2.199kr verð áður 2.499-
ÍSLENSKU DÍVURNAR - Frostrósir III
Gildir til 5. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Krúnan endurheimt

**Tæplega fimmtug sendir Madonna frá sér plötu sem inniheldur ungæðislegri ferskleika en hjá flestum poppdúkkum sem hafa reynt að feta í spor hennar síðustu 20 ár. *Birgir Örn Steinarsson* hyllir hér þessa ókrýndu drottningu poppsins.**



MADONNA Madonna á tónleikum í The Astoria í London á dögunum þar sem hún kynnti nýjustu plötu sína.

Síðustu tvær vikur hefur Madonna trónað á toppi sölulista beggja megin við Atlantshafið. Ekki bara með smáskífu sína Hung Up, heldur líka nýjustu breiðskífu sína, Confessions on a Dancefloor. Eftir 22 ára útgáfuferil sem hefur fært okkur tíu breiðskífur (ef ekki eru taldar með þrjár sem hún gerði sérstaklega fyrir kvikmyndir) er Madonna óumdeilanlega drottning poppsins. Miðað við gæði og móttökur nýju plötunnar, virðist hún ekkert vera á leiðinni að missa kórónuna af höfðinu.

**Metnaður og uppreisnarandi**

Hvernig fer hún að þessu? Margir hafa haldið því fram að hinir raunverulegu hæfileikar Madonnu felist í smekk hennar og hversu leitandi hún er. Aðrir segja að henni hafi sjaldan mistekist illa hvað tónlist varðar og hún virðist búa yfir sjötta skilningarvitinu þegar kemur að því að bera á borð girnilegan pakka fyrir fjöldann.

Ég held að það sé ekki bara smekkur hennar eða heldur hversu límdur putti hennar er á púlsi dægurmenningar sem gerir hana að drottningu poppsins. Öllu heldur er það gífurlegur metnaður hennar og uppreisnarandi. Frá því að Madonna kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1983 með samnefndri breiðskífu hefur hún aldrei horfið af sviðsljósinu í langan tíma. Hún virðist vera haldin óþrjótandi hvöt til þess að skapa, og þegar hún hefur ekki verið að búa til tónlist eða leika í kvikmyndum hefur hún verið að búa til börn, eða skrifa barnabækur.

Hvað viðkemur málfrelsi, þá aðallega frelsi til þess að tjá sig kynferðislega, eigum við uppreisnaranda Madonnu mikið að þakka. Hún lék sér stöðugt að fjölmiðlum og notaði þá sem verkfæri til þess að reyna á siðferðismörk þjóða heimsins. Þetta gerði hún með myndböndum sínum en tvö þeirra To Justify My Love og What it Feels Like for a Girl voru bönnuð á MTV og VH1. Í bæði skiptin var það viljandi gert hjá söngkonunni að fara yfir strikið og myndböndin voru gefin út sérstaklega fyrir sölu í plötubúðunum á hátindi fjölmiðlafársins sem myndaðist í kringum það. Árið 1990 náði söngkonan svo aftur að valda fjaðrafoki þegar henni var hótað handtöku á Blonde Ambition túrnum í Texas fyrir að herma eftir sjálfsfróun á sviði í laginu Like a Virgin. Tveimur árum eftir það fór hún alla leið og gaf út bókina Sex, sem innihélt nektarmyndir af henni og vangaveltur hennar um kynlíf, og ástarleiki. Aðeins mátti selja bókina innsiglaða, en í rauninni innihélt hún ekkert grófara en aðrar erótískar ljósmyndabækur höfðu boðið upp á í áraraðir fyrir það. Eftir að hún eignaðist börn virðist sem uppreisnarseggurinn hafi sofnað og Madonna hefur meira að segja talað opinskátt um eftirsjá eftir fyrra líferni.

Að lokum verðum við að viðurkenna að eina raunverulega ástæðan fyrir því að Madonna nýtur enn svona mikilla vinsælda eru hæfileikar hennar. Hún hefur ótrúlegt eyra fyrir poppmelódíum, tekur áhættu og velur samstarfsfólk sitt vandlega.

**Blætt af hjartanu í svefnherbergi**

Nýjasta breiðskífa Madonnu er tilraun hennar til þess að finna aftur rætur sínar. Platan er unnin í svefnherbergi Bretans StuartsPrice, tónlistargrúskrara sem hingað til hefur ekki gefið út undir eigin nafni. Hann er líklegast þekktastur sem Les Rhythm Digitales eða fyrir störf sín með Íslandsvinunum í Zoot Woman.

Madonna Lousie Veronica Ciccone fluttist frá heimabæ sínum í Michigan til New York árið 1977 þegar hún var þá 19 ára. Tveimur árum seinna var hún byrjuð að dansa fyrir afskaplega smeðjulegan diskóbolta að nafni Patrick Hernandez. Upp úr því fékk hún áhuga á tónlistarsköpun og hóf að búa til tónlist með fyrrverandi kærasta sínum, trommara og plötusnúð, Stephen Bray. Þau einbeittu sér að því að búa til danstónlist, undir sterkum diskóáhrifum, sem þau dreifðu svo til plötusnúða.

Madonna minnist þess að hafa mætt snemma kvölds á klúbba New York með bók, bíðandi eftir því að sjá hvort plötusnúðurinn gæti komið gestunum í dansæði eða ekki. Ef þeim gekk vel, þá fór hún til þeirra og fékk númerið hjá þeim. Nokkrir af þekktustu slögurum hennar frá upphafi ferilsins eru einmitt búnir til í heimsóknum eftir slík skyndikynni á dansgólfinu. Besta dæmið er Into the Groove, sem lífgar enn upp á hvaða dansgólf sem er.

Samstarf Madonnu og Stuarts Price er ekki alveg nýtt af nálinni. Hann hefur starfað í tónleikasveit hennar í um fimm ár, og gerði með henni lagið X-Static Process. Með betri lögum þeirrar plötu en hefur ekki verið gefið út sem smáskífa.

Nýja platan var unnin á hálfu ári og hófst ferlið á heimsókn Madonnu í svefnherbergi Stuarts. Þar líkaði þeim andrúmsloftið vel, og nánast öll platan er samin, hljóðrituð og sungin þar. Innan um safn analog hljóðgerfla og trommuheila.

Upptökurnar hófust iðulega seint á daginn, eftir að Madonna var búin að koma börnum sínum í skóla, funda með markaðsfólki sínu og uppfylla þau skilyrði sem stjarna þarf til þess að komast í gegnum daginn. Að enskum sið, var Stuart tilbúinn með tebolla þegar hún mætti en svo var unnið hörðum höndum í þessu nána umhverfi þar til að báðir aðilar skildu sáttir.

**Sambandið við almættið**

Það er líklega þess vegna sem það er svona mikill galdur yfir plötunni. Madonna sneri baki við stóru hljóðverunum og gaf sig á vald pilts sem ekki var tilneyddur til að segja já við öllum hugmyndum hennar. Hún nálgaðist tónlistina á svipaðan hátt og hún gerði þegar hún hóf feril sinn. Þefaði uppi ungan og metnaðarfullan tónlistargrúskrara með dálæti á tækjum og tólum. Stuart skildi dansmenninguna og komið sér áfram með áhuganum.

Það hjálpar líka til að Madonna er mjög heiðarleg í textasmíðum sínum. Á plötunni veltir hún því fyrir sér hvers vegna hún haldi stöðugt áfram og hvort það sé í rauninni þess virði.

Kynlíf virðist heldur ekki vera hennar æðri máttur lengur, og í laginu Isaac fjallar hún um sambandið almættið. Madonna er á stuttum tíma orðin einn helsti trúboði Kaballah, trúarbragða af sömu rótum og gyðingdómur.

Sagt er að eftir þessa plötu ætli Madonna að segja skilið við danstónlist. Kannski vegna þess að hún sér sig ekki dansandi á sviði fram á sextugsaldur, hver veit? Sé svo, þá hefði hún ekki getað haldið betra kveðjupartí.

**biggi@frettabladid.is**




## 5 BESTU PLÖTUR MADONNU

**1 Madonna (1983)** Frumraun Madonnu var hlaðin slögurum. Holiday komst inn á topp 40 í Bandaríkjunum, en lögin Borderline og Lucky Star gerðu betur og náðu á Topp 10. Vinsældir plötunnar tryggðu söngkonunni fyrsta aðalhlutverk hennar í kvikmynd. Myndin var Desperatly Seeking Susan, og er enn eina myndin með henni sem er þess virði að horfa á.



**2 Like a Virgin (1984)** Titillag þessarar plötu gerði Madonnu að stjörnu um allan heim. Það mótaði líka upphaf söngkonunnar á því að reyna á siðferðiskennd fjölmiðla með notkun kynlífstilvitnanna. Aðrir slagarar af þessari plötu voru Material Girl og Into the Groove.



**3 True Blue (1986)** Fyrsta plata Madonnu sem ljóska. Hér má finna tilraunir hennar við að blanda saman glysgjörnu poppi níunda áratugarins við saklaus popplög kvennasveita sjöunda áratugarins. Titillagið True Blue er gott dæmi um það. Margir túlkuðu lagið Papa Don´t Preach sem afstöðu gegn fóstureyðingum, þar sem Madonna var alin upp af kaþólskum sið, en það er líklegast misskilningur. Aðrir slagarar á plötunni voru Open Your Heart, dramatíska ballaðan Live to Tell úr myndinni At Close Range og miðjarðarhafspopparinn La Isla Bonita.



**4 Ray of Light (1998)** Madonna var nokkuð lengi að finna sig á tíunda áratugnum. Hún gat auðvitað ekki hneykslað jafn mikið og hún hafði gert, og tónlist var lengi vel aðeins skuggi þess sem komið hafði á undan. Það var ekki fyrr en hún gerði plötu með upptökustjóranum William Orbit, sem hafði þá m.a. átt þátt í mótun Bjarkar Guðmundsdóttur, sem allt gekk upp aftur. Ray of Light var fyrsta plata hennar sem móðir, en hún eignaðist dóttir sína Lourdes árinu áður. Platan er dramatísk á köflum en fangar greinilega nýja lífshamingju hennar á þessum tíma. Slagarnir hér voru Ray of Light, Frozen og The Power of Goodbye.



**5 Confessions on a Dance Floor (2005)** Það er eins og Madonna nái á þessari nýju plötu að tengja sig aftur við frumkraft sinn, og þetta er líklegast fyrsta plata hennar frá upphafi þar sem ekki er veikan blett að finna. Platan á án efa eftir að gera súperstjörnu úr upptökustjóranum Stuart Price og færa okkur handfylli af nýjum slögurum.




JÓLABÆKURNAR
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLABÓKUM
Alltaf ódýrari!
ALEX ROVIRA - FERNANDO TRÍAS DE BES
ÞÚ ERT ÞINNAR GÆFU SMIÐUR!
35% afsláttur
Bókatíðindaverð: 3.990,-
Okkar verð: 2.595,-
Kristján Hreinsson áritar Pétur Poppara í Smáralind í dag kl. 15:30 - 17:00.
HÖFUÐLAUSN
ÓLAFUR GUNNARSSON
36% afsláttur
Bókatíðindaverð: 4.680,-
Okkar verð: 2.995,-
ELDHUGINN
36% afsláttur
Eiríkur segir að myndirnar sem teknar hafi verið undanfarin ár séu misgóðar eins og gengur og gerist en að nokkrar hafi vakið sérstaklega mikla athygli. „Og enn sem komið er toppar ekkert einstaka mynd sem tekin var af Ómari Sævarssyni, sama ár og hann tók þátt í keppninni um Herra Ísland, þar sem hann stendur nakinn með jólasveinahúfu og körfubolta fyrir djásnunum. Hún birtist að sjálfsögðu á aðfangadag.“



### > Pattstaða



Deila Páls Einarssonar og Atla Eðvaldssonar er enn í hnút en reynt var að höggva á hnútinn í gær með litlum árangri. Kristinn Einarsson, formaður Þróttur, var fámáll í meira lagi þegar leitað var eftir viðbrögðum í gær og sagðist ekki ræða málið að neinu leyti fyrr en það væri leyst. Hann fékkst þó til þess að segja að málið yrði til lykta leitt um helgina.

Ole Gunnar Solskjær er allur að hressast:

## Mun spila um helgina

**FÓTBOLTI** Norski framherjinn Ole Gunnar Solskjær verður líklega í byrjunarliðinu hjá varaliði Manchester United gegn Liverpool um helgina. Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., sagði að Solskjær myndi nær örugglega koma við sögu í leiknum en ekki fyrir svo löngu síðan sagði hann að ólíklegt væri að norski framherjinn myndi nokkurn tíma snúa aftur á völlinn.

„Hann æfði með aðalliðinu í fyrsta sinn á miðvikudag og leit hreint frábærlega út,“ sagði Ferguson í gær en meiðslamartröð Solskjær hófst í september árið 2003 þegar hann sleit krossbönd í hné. Hann sneri aftur í lok síðustu leiktíðar og náði að spila nokkrar mínútur en varð aftur fyrir meiðslum sem flestir töldu að myndu binda enda á feril hans.










# Birkir kominn í aðallið Viking aðeins sautján ára gamall

**Birkir Bjarnason unglingalandsliðsmaður lék sinn fyrsta leik fyrir aðallið Viking í Evrópukeppninni í fyrrakvöld.**

**FÓTBOLTI** Birkir Bjarnason, sautján ára unglingalandsliðsmaður Íslands í knattspyrnu og leikmaður Viking Stavanger í norsku knattspyrnunni, spilaði í fyrrakvöld sinn fyrsta leik með aðalliði Viking þegar liðið mætti CSKA Sofia í Evrópukeppni félagsliða í Búlgaríu, en Viking tapaði leiknum, 2-0. „Ég fékk að spila tólf mínútur í leiknum og mér gekk bara vel. Ég lék sem miðjumaður og var nokkuð mikið inni í leiknum þessar mínútur sem ég var inni á,“ sagði Birkir við Fréttablaðið í gær.

Birkir hefur leikið með unglingaliði Viking undanfarna mánuði en hann gerði atvinnumannasamning við Viking í haust sem gildir til ársins 2007.

Foreldrar Birkis, Halla Halldórsdóttir og Bjarni Sveinbjörnsson, voru bæði landsliðsfólk í íþróttum, Bjarni í fótbolta en Halla í blaki.

Halla segir það ánægjulegt hversu vel þeim systkinum hafi gengið vel í knattspyrnunni, en Björg systir Birkis er einnig í unglingalandsliði Íslands í knattspyrnu.



**BIRKIR BJARNASON** Birkir á framtíðina fyrir sér í fótboltanum en hann skrifaði undir tveggja ára samning við Viking í haust.

„Það er auðvitað ánægjulegt að Birkir sé búinn að spila sinn fyrsta leik fyrir aðalliðið. Hann hefur verið á samningi hjá Viking síðan í haust. Heima á Íslandi var hann mest í KA. Hann spilaði líka með Þór, aðallega vegna þrjósku í föður síns, en hann var mikill Þórsari. Við bjuggum við hliðina á KA-svæðinu þannig að hann skipti nú fljótlega yfir í KA. Við vorum svo eitt ár í Vestmannaeyjum þegar Bjarni var að leika með ÍBV. Svo er systir hans líka á fullu í knattspyrnunni þannig að það má með sanni segja að það sé mikill fótbolti á heimilinu.“

Bjarni Sveinbjörnsson, faðir Birkis, lék einn A-landsleik fyrir Íslands hönd en hann var um margra ára skeið leikmaður Þórs auk þess sem han lék með ÍBV og Dalvík. Fjölskylda Birkis hefur búið í Noregi í sex ár en Halla starfar sem hjúkrunarfræðingur og Bjarni sem rafvirki. Birkir er atvinnumaður í knattspyrnu en hann stundar einnig nám í framhaldsskóla.

magnush@frettabladid.is

Sir Alex Ferguson búinn að útnefna nýjan fyrirliða:

## Neville tekur við fyrirliðabandinu

**FÓTBOLTI** Gary Neville hefur verið gerður að fyrirliða hjá Manchester United í stað Roys Keane sem yfirgaf félagið á dögunum. Þessi þrítugi bakvörður var tekinn fram yfir þá Ryan Giggs og Ruud van Nistelrooy sem einnig hafa borið fyrirliðabandið í fjarveru Keanes.

Giggs hefur verið lengst allra núverandi leikmanna hjá félaginu en Neville er með næstmestu reynsluna.



**GARY NEVILLE** Nýr fyrirliði hjá Man. Utd. Tekinn fram yfir Ryan Giggs.

„Þetta er rétt ákvörðun enda hefur Gary þjónað fyrirliða vel. Ryan kom vissulega til greina en það er ekki hægt að ætlast til þess að maður á hans aldri sé á sífelldri ferð upp og niður hliðarlínuna. Hann mun spila eitthvað af leikjum en til að halda löppunum ferskum verður hann að fá fína hvíld á milli,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United.

- hbg



**JOEY BARTON** Þarf að horfa upp á bróður sinn fara í fangelsi fyrir morð.

Joey Barton sér ekki bróður sinn á næstunni:

## Dæmdur í 18 ára fangelsi

**FÓTBOLTI** Michael Barton, bróðir knattspyrnumannsins Joey Barton hjá Manchester City, hefur verið fundinn sekur um morð og var í gær dæmdur í átján ára fangelsi. Barton myrti ungan blökkumann í Liverpool í sumar og var á flótta undan lögreglunni í nokkurn tíma. Málið vakti mikla athygli í Bretlandi og var Joey einn af þeim sem fram komu í sjónvarpi og báðu Michael um að gefa sig fram, en Joey er sjálfur þekktur ólátabelgur og er með nokkrar kærur vegna líkamsárása á bakinu.

„Ég mun gera allt sem ég get til að styðja Joey á þessum erfiðu tímum í lífi hans. Hann hefur verið ótrúlega sterkur ef tekið er mið af þeirri aðstöðu sem hann er í,“ sagði Stuart Pearce, stjóri Manchester City, en ólíklegt þykir að Barton muni koma við sögu í leik liðsins um helgina.

- vig



**EKKI FARA** Adriano hjá Inter sést hér sannfæra Marc Zoro hjá Messina um að ganga ekki af velli þrátt fyrir yfirgengilega kynþáttafordóma í hans garð í leik liðanna um síðustu helgi.

### UEFA ætlar að taka hart á kynþáttafordómum:

# Félög eiga á hættu að verða vikið úr keppni

**FÓTBOLTI** Félög og landslið eiga á hættu að verða vikið úr þeim keppnum sem þau taka þátt í, verði yfirvöld vör við endurtekna kynþáttafordóma hjá stuðningsmönnum þeirra. Þessi aðvörun kom frá yfirstjórn Evrópska knattspyrnusambandsins í fyrradag eftir að hún hafði fundað um hið vaxandi vandamál sem kynþáttafordómar eru í evrópskri knattspyrnu.

Vandamálin tengd kynþáttafordómum náðu síðan hámarki í ítölsku knattspyrnunni um síðustu helgi þegar Marc Zoro hjá Messina brast í grát þegar hann sótti boltann að hliðarlínunni í leik gegn Inter. Öskur áhorfenda í hans garð og apaleikur þeirra urðu til þess að Zoro ætlaði að ganga af leikvelli en Adriano, leikmaður Inter, náði þó að fá hann ofan af því að lokum og Zoro kláraði leikinn.

„Þeim sem verða fundnir sekir um kynþáttafordóma verður refsað harðlega. Ef nauðsyn krefur verður þeim vísað úr keppnum,“ sagði Per Rafn Omdal, varaformaður UEFA, eftir áðurnefndan fund og átti þar við félögin sjálf en ekki einstaka áhorfendur. UEFA hefur leitað eftir stuðningi Evrópuþingsins í baráttunni við fordóma og ætlar að leggja allt kapp á að útrýma þeim úr fótboltanum.

Omdal greindi einnig frá því að dómurum hefði verið skipað að grípa til aðgerða verði þeir varir við fordóma. „Þeir munu þurfa að greina frá þeim atvikum í skýrslu sinni og ef þeir telja þess þörf hafa þeir fullt leyfi til að flauta leik af ef áreitnin er of mikil.“

- vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

30 1 2 **3** 4 5 6

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 15.00 **ÍBV** og **Selfoss** mætast í DHL-deild karla í Vestmannaeyjum.
- 15.30 **Breiðablik** og **ÍS** mætast í Iceland Express-deild kvenna í Smáranum.
- 15.30 **KA** og **Steaua Búkarest** mætast í Áskorendakeppni Evrópu í handbolta karla.
- 16.15 **Fram** og **HK** mætast í DHL-deild karla í Safamýri.
- 16.15 **Afturelding** og **Haukar** mætast í DHL-deild karla í Mosfellsbæ.

### SJÓNVARP

- 12.35 **Enska úrvalsdeildin** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Liverpool** og **Wigan**.
- 13.10 **Enskú mörkin** á Sýn. Mörkin úr ensku 1. deildinni.
- 13.20 **Fimleikar** á RÚV. Upptaka frá móti þar sem bestu fimleikamenn landsins voru samankomnir.
- 13.35 **Spænsku mörkin** á Sýn. Öll mörkin og tilþrifin úr spænsku úrvalsdeildinni.
- 14.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Enska boltanum.
- 15.00 **Enska úrvalsdeildin** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Chelsea** og **Middlesbrough**. Allir aðrir leikir dagsins verða sýndir á öðrum rásum Skjásins.
- 15.00 **Race of Champions** á Sýn.
- 16.05 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV.
- 17.00 **A1 Grand Prix** á Sýn. Fréttaþáttur um heimsbikarinn í kappakstri.
- 17.15 **Enska úrvalsdeildin** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Man.Utd.** og **Portsmouth**.
- 20.00 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Real Madrid** og **Getafe**.


Stórsýning Yamaha



Nú mega skaflarnir fara að vara sig!

Í dag, laugardag og á morgun er þér boðið að koma og sjá helstu tryllitæki fjallanna.
Frá kl. 12:00 til 16:00 báða dagana verður fjöldinn allur af Yamaha vélsleðum til sýnis.
Ferðasleðar, vinnusleðar og fjallasleðar. Komdu á Nýbýlaveg 2 og sjáðu alvöru vetrarfarartæki.

www.yamaha.is

YAMAHA
Touching Your Heart

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



VERTU Í SIGURLIÐINU!

Árið 2005 hefur verið stórkostlegt fyrir **Ski-doo** og **Gísla Jónsson ehf. Ski-doo** er ekki aðeins söluhæsti sleðinn á Íslandi, heldur einnig á heimsvísu. Þá gerðist sá einstaki viðburður að allir Íslandsmeistarar í Snowcross 2005 óku á Ski-doo sleðum. Nú gefst þér kostur að líta við um helgina og sjá 2006 árgerðina af Ski-doo vélsleðum í nýjum og rúmgóðum sýningarsal okkar að Klettháls 13.

**Sýningin er opin laugardag frá kl. 10-17 og 13-17 á sunnudag.**

Við bjóðum frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum frá Ski-doo og ScottUSA (Reima).

Brot af því sem er í boði



**Scott Ultimate hlífðargleraugu**
Aukin hliðarsýn - frábær vörn.
**12.644 kr.**



**Jakki með flíspeysu**
Styrkingar og púðar (hægt að losa).
Allir saumar límdir.
**34.900 kr.**



**Ski-doo flíspeysa**
**7.900 kr.**



**Ski-doo BV2S hjálmur**
Einfaldlega sá besti.
**49.700 kr.**



**Warrior Gore-Tex hanskar**
**9.950 kr.**



**Taska með hólf fyrir 5 hlífðargleraugu**
og margs konar smáhlutir.
**3.884 kr.**



**Snowcross hjálmur**
**22.900 kr.**

GÍSLI JÓNSSON
Klettháls 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is







**FLUGFERÐ** Þessi tilþrif Þórsarans Sindra Viðarssonar dugðu hans mönnum ekki í Laugardalshöllinni í gær. Sindri átti ágætan leik og skoraði fjögur mörk.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Valur sigraði Þór án mikilla átaka

**Valsmenn eru enn á toppi DHL-deildar karla eftir þægilegan sigur á Þór í Laugardalshöll í gærkvöld, 37-32. Þeir höfðu lítið fyrir sigrinum.**

**HANDBOLTI** Það sýndi sig enn eina ferðina í gær að það er glórulaust að leika handboltaleiki á föstudagskvöldum því það voru undir 50 manns í stúkunni þegar flautað var til leiks. Áhorfendum fór ekkert sérstaklega fjölgandi eftir því sem leið á leikinn.

Leikmenn virkuðu hálfdaufir í rólegheitunum í Höllinni og tóku létt hvorir á öðrum. Liðin héldust í hendur framan af en Valsmenn byggðu upp forskot síðari hluta hálfleiksins þökk sé Pálmari Péturssyni sem varði líkt og óður væri. Í kjölfarið fengu Valsmenn hraðaupphlaup sem þeir nýttu vel en þeir skoruðu úr níu slíkum í fyrri hálfleik og Valur leiddi með fjórum mörkum í leikhléi, 19-15.

Valsmenn höfu síðari hálfleikinn með miklum látum og voru líklegir til að ganga frá Þórsurum en þeir hreinlega keyrðu yfir þá og fjögur af fyrstu fimm mörkum þeirra komu úr hraðaupphlaupum.

Heimamenn gerðust síðan værukærir og í kjölfarið hvarf markvarslan. Það nýttu gestirnir sér og minnkuðu jafnt og þétt forskot heimamanna. Þegar aðeins munaði einu marki á liðunum, 29-28, tók Óskar Bjarni Þjálfari Vals leikhlé enda allur vindur úr hans mönnum og mikil sigling á gestunum.

Einbeiting Valsmanna kom aftur eftir leikhléið og fljótlega fór að skilja í sundur með liðunum á ný. Þórsarar tóku smá dauðakipp en það var of lítið og of seint. Valur fagnaði því mikilvægum sigri og er enn á toppi deildarinnar.

henry@frettabladid.is



**DAVID COULTHARD** Keppir á mótinu í París í dag.

Áhugaverð aksturskeppni:

## Hver er besti ökumaðurinn?

**AKSTURSÍÞRÓTTIR** Í dag fer fram í annað sinn hin stórskemmtilega aksturskeppni "Race of champions" eða keppni meistaranna. Í þessari keppni mætast ökuþórar úr hinum ýmsu akstursgreinum. Allir keppa þeir á eins bílum svo að hægt sé að komast að því hver þeirra sé besti ökumaðurinn.

Michael Schumacher var meðal þátttakenda í fyrra en í ár taka meðal annars þátt David Coulthard, úr Formúlu 1, rallíkappinn Sebastian Loeb og Jeff Gordon sem er margfaldur meistari í Nascar.

Keppt er innanhúss með útsláttarfyrirkomulagi sem gerir keppnina enn skemmtilegri en ella fyrir áhorfendur. Keppnin hefst klukkan 15 og er í beinni á Sýn. ■

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| | |
|---|---|
| VALUR-ÞÓR AK. | 37-32 (19-15) |

**Mörk Vals:** Elvar Frðriksson 7, Mohamadi Loutoufi 7, Baldvin Þorsteinsson 7/1, Hjalti Pálmason 5, Atli Rúnar Steinþórsson 5, Kristján Karlsson 3, Ingvar Árnason 1, Ægir Hrafn Jónsson 1.

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 22.

**Mörk Þórs:** Aigars Lazdins 9/3, Sindri Haraldsson 8, Arnór Þór Gunnarsson 4, Rúnar Sigtryggsson 4, Sindri Viðarsson 4, Bjarni Gunnar Bjarnason 1.

**Varin skot:** Shota Tezadse 15.

| | |
|---|---|
| FYLKIR-ÍR | 28-27 |
| FH-VÍKINGUR/FJÖLNIR | 39-30 |

John Terry hefur ekki náð sér af spilafíkninni:

# Terry og Eiður Smári sáust í veðbanka

**FÓTBOLTI** Félagarnir hjá Chelsea, John Terry og Eiður Smári Guðjohnsen, sáust nýlega saman hjá veðbanka í Lundúnum þar sem þeir handfjötluðu stærðarinnar seðlabúnt. Myndir af þeim félögum birtust í enska götublaðinu The Sun í gær þar sem þeir eru að horfa saman á veðreiðar í sjónvarpinu hjá veðbankanum.

Sun greinir frá því að Terry og Eiður hafi eytt tveimur og hálfum tíma í húsnæði veðmangarans en að það hafi aðeins verið Terry sem hafi lagt undir. Hann veðjaði með beinhörðum peningum eingöngu og í eitt skiptið sást hann rétta Eiði Smára stærðarinnar seðlabúnt af 20 punda seðlum. Eiður Smári viðurkenndi fyrir nokkrum árum að hann hefði átt við spilafíkn að stríða og fyrr í vikunni sagði Jimmy Floyd Hasselbaink, fyrrum samherji hans hjá Chelsea, frá því hvernig þeir hefðu tapað stórum upphæðum í spilavítum Lundúnaborgar. En The Sun fullyrðir að Eiður Smári hafi ekki veðjað á þeim tíma sem hann og Terry eyddu hjá veðmangaranum.

Spilafíkn Terrys er engin nýjung og hefur hann oft verið staðinn að verki við að veðja á hunda- og hestahlaup, sem eru mjög vinsæl í Bretlandi. Sun heldur því fram að hann leggi um 60 þúsund krónur undir í hverri viku og stundum meira. Og þeir sem hafa séð til hans hjá veðmangaranum segja að Terry njóti mikillar velgengni í veðmálunum. „Þó að hann tapi stundum stórum upphæðum hefur hann líka unnið mjög mikinn pening. Hann er klárlega í gróða og veit augljóslega hvað hann er að veðja á," sagði einn sem stundar sama veðbanka og Terry. **- vig**




**TERRY EYÐIR 5.000 PUNDUM Á VIKU** Forsíðan á The Sun í gær.



**SIGURSÆLIR FÉLAGAR** Þeir sem til þekkja segja að John Terry njóti jafn mikillar velgengni hjá veðmangaranum eins og hann gerir hjá Chelsea.

# ERTU AÐ LEITA?

## Yfir 20.000 titlar af tónlist, DVD og tölvuleikjum

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN...

- CD+DVD 1.999 kr. / 1.599 kr. — Írafár - Írafár
- 3CD 2.499 kr. — Björgvin Halldórsson - Ár og öld
- 1.799 kr. — KK og Ellen - Jólin eru að koma
- 1.799 kr. — Leone Tinganelli - Ég flýg frjáls/Volo Libero
- 1.799 kr. — Skítamórall - Má ég sjá
- 1.799 kr. — Sign - Thank God For Silence
- 1.799 kr. — Bjarni Ara - Svíng
- 1.799 kr. — Páll Rósinkranz - Christmas Songs
- 1.799 kr. — Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar - Ég skemmti mér
- 1.799 kr. — Bergsveinn - September

## GÓÐAR OG ÓDÝRAR DVD MYNDIR...

- 999 kr. — Boys N The Hood
- 999 kr. — Anger Management
- 999 kr. — The Cable Guy
- 999 kr. — 13 Going On 30
- 999 kr. — The Fisher King

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

BaseCamp

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Thus far I find you rather repulsive, may I say that without hurting your feelings?“**

**Svar:** Christian Szell úr kvikmyndinni Marathon Man frá árinu 1976

# dagskrá

## Í TÆKINU SISSY SPACEK LEIKUR Í TUCK EVERLASTING Í SJÓNVARPINU KL.20.40

# *Lífið of stutt fyrir menntaskólagöngu*

Mary Elizabeth Spacek fæddist á jóladag árið 1949 í Texas. Bræður hennar kölluðu hana alltaf „Sissy“ og gælunafnið hefur haldist við hana síðan.
Sissy var vinsæl í gagnfræðiskóla og mjög framtakssöm í félagslífinu. Eftir að bróðir hennar lést átján ára gamall úr hvítblæði ákvað Sissy að fara ekki í menntaskóla. Hún sagði að lífið væri of stutt til að eyða fjórum árum í menntaskóla.
Sissy lét í staðinn reyna á leiklistarhæfileika sína en hún fékk áhuga á starfinu í gegnum frænda sinn, leikarann Rip Torn. Hún fluttist til New York og frændinn kom henni inn í Actors Studio. Sissy nam leiklist við leikhússkóla Lee Strasberg og reyndi einnig fyrir sér í fyrirsætustörfum og söng.
Sissy litla (hún er 1,57 metrar á hæð) komst loks inn í kvikmyndabransann um 1970. Ein fyrsta mynd hennar var Badlands en listrænn stjórnandi myndarinnar var Jack Fisk, sem hún átti eftir að giftast árið 1974 og gera sjö aðrar myndir með.
Það var árið 1976 þegar leikkonan lék í einni af myndum Fisk, Carrie, sem hún vakti verulega athygli. Þar lék hún lúðalega stúlku í miðskóla sem ákveður að hefna sín á samnemendum og notar til þess yfirnáttúrulega hæfileika sína.
Sissy hefur gengið vel bæði í kvikmyndum og sjónvarpi og hlaut meðal annars Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í Coal Miner's Daughter árið 1980.
Sissy býr ásamt eiginmanninum Fisk og dætrunum Schuyler og Madison á risastóru hestabýli í Norður-Virginíu. Síðastliðin ár hefur Sissy lagt mesta áherslu á fjölskyldulífið þó hún sé sannarlega ennþá að leika.



Þrjár bestu myndir Sissy: **In the Bedroom** – 2001 **The Straight Story** – 1999 **Coal Miner's Daughter** – 1980



**20.10** *Gaman*
SPAUGSTOFAN



**19.40** *Gaman*
STELPURNAR



**21.50** *Raunveruleiki*
ÁSTARFLEYIÐ



**22.40** *Spenna*
NEW TRICKS



**20.00** *Fótbolti*
SPÆNSKI BOLTINN

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.08** Kóalabræður **8.19** Fæturnir á Fanney **8.32** Franklín **8.58** Konráð og Baldur **9.15** Gormur **9.38** Gló magnaða **10.00** Kóalabirnirnir (13:26) **10.25** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (2:24) **10.30** Stundin okkar **11.15** Kastljós **11.45** Veira í paradís (1:2)

**13.20** Sjónvarpsmót í fimleikum **15.45** Handboltakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (35:51) **18.25** Frasier

**18.50** **Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (3:24)**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Hljómsveit kvöldsins**
▶ **20.10 Spaugstofan**
**20.40** **Ófeigur** (Tuck Everlasting) Bandarísk bíómynd frá 2002. Ung stúlka verður ástfangin af pilti sem er úr fjölskyldu ódauðlegs fólks. Leikstjóri er Jay Russell og meðal leikenda eru Alexis Bledel, William Hurt, Sissy Spacek, Jonathan Jackson, Scott Bairstow og Ben Kingsley.
**22.10** **Öll nótt úti** (Hard Eight) Bandarísk bíómynd frá 1997. Gamall fjárhættuspilari tekur blásnauðan mann upp á arma sína, fer með hann í spilavíti í Reno og kemur honum í samband við þjónustustúlku þar.

**23.50** Frelsishæðir (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Jellies, Ljósvakar, Ljósvakar, Músti, Kærleiksbirnirnir, Með afa, Galdrabókin, Kalli á þakinu, The Muppet Christmas Carol, Jesús og Jósefína, Home Improvement 3 Leyfð öllum aldurshópum.)

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Bold and the Beautiful **14.00** Idol – Stjörnuleit 3 **14.55** Idol – Stjörnuleit 3 **15.35** Eldsnöggt með Jóa Fel (6:8) **16.10** Amazing Race 7 (13:15) **17.00** Sjálfstætt fólk **17.35** Oprah (13:145) **18.20** Galdrabókin (3:24)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.15** **George Lopez (11:24)**
▶ **19.40 Stelpurnar (14:20)**
**20.05** **Bestu Strákarnir**
**20.35** **Það var lagið**
**21.35** **Hope Springs** (Með vor í hjarta) Rómantísk gamanmynd með Colin Firth úr Bridget Jones Diaries, Minnie Driver og Heather Graham. Firth leikur listamann í ástarsorg sem leitar skjóls í smábæ nokkrum. Þar kynnist hann ungri og lífsglaðri heimamær en einmitt þegar ástin er að kvikna milli þeirra birtist hans fyrrverandi. Aðalhlutverk: Heather Graham, Colin Firth, Minnie Driver. Leikstjóri: Mark Herman. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.05** The Passion of Christ **1.10** Town & Country **2.50** The Substance of Fire (Bönnuð börnum) **4.30** Hysterical Blindness (Bönnuð börnum) **6.05** Fréttir Stöðvar 2 **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**15.30** Ford fyrirsætukeppnin 2005 **16.00** David Letterman **16.45** David Letterman **17.35** Party at the Palms (2:12) **18.00** Friends 5 (2:23) (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Game TV**
**19.30** **Fabulous Life of (3:20)**
**20.00** **Friends 5 (3:23) (e)**
**20.25** **Friends 5 (4:23) (e)**
**20.50** **Ford fyrsætukeppnin 2005**
**21.20** **Sirkus RVK (5:30)**
▶ **21.50 Ástarfleyið (7:11)** Sirkus er farinn af stað með stærsta verkefnið sitt í haust, veruleikaþáttinn Ástarfleyið. Þátturinn er gerður að erlendri fyrirmynd, Loveboat, sem hefur verið einn vinsælasti veruleikaþátturinn um heim allan undanfarin ár og nú er komið að Íslandi!
**22.30** **HEX (9:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.

**23.15** Idol extra 2005/2006 **23.45** Girls Next Door (5:15) **0.10** Joan Of Arcadia (22:23) **0.55** Paradise Hotel (22:28) **1.40** David Letterman **2.25** David Letterman

## SKJÁREINN

**11.00** Spurningaþátturinn Spark (e) **11.30** Popppunktur (e)

**12.25** Rock Star: INXS (e) **14.05** Charmed (e) **15.00** Íslenski bachelorinn (e) **16.00** America's Next Top Model IV (e) **17.00** Survivor Guatemala (e) **18.00** Þak yfir höfuðið

**19.00** **Will & Grace (e)**
**19.30** **The O.C. (e)**
**20.25** **House (e)** Splunkunýr vinkill á spennusögu þar sem hrappurinn er sjúkdómur og hetjan er óvenjulegur læknir sem engum treystir, og síst af öllu sjúklingum sínum.
**21.15** **Police Academy 4: Citizens on Patrol** Á laugardagskvöldum í nóvember og desember mun Skjár einn taka til sýninga hinar stórskemmtilegu Police Academy myndir.
▶ **22.40 New Tricks** Lane er ákveðinn í að ráða gamalt mannshvarf en þegar hann fer að rannsaka málið betur koma tvö önnur dularfull mannshvörf í ljós. Rannsóknaliðið er farið að gruna að það sé að fást við raðmorðingja.

**23.35** C.S.I. (e) **0.30** Boston Legal (e) **1.25** Law & Order: SVU (e) **2.10** Ripley's Believe it or not! (e) **2.55** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.40** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**9.00** Enski deildabikarinn **10.40** NBA TV Daily 2005/2006

**12.40** Ítölsku mörkin **13.10** Ensku mörkin **13.35** Spænsku mörkin **14.05** Motorworld **14.35** Fifth Gear **15.00** Race of Champions **17.00** A1 Grand Prix **18.00** Race of Champions

▶ **20.00 Spænski boltinn** (Real Madrid – Getafe) Bein útsending frá 14. umferðinni í spænska boltanum. Meðal liða sem mætast í þessari umferð eru Villareal – Barcelona, Real Madrid – Getafe, Sevilla – Deportivo, Espanyol – Valencia og fleiri lið.
**21.40** **Best** (Knattspyrnustjarnan George Best) George Best var einn besti knattspyrnumaður allra tíma. Hann var lykilmaður í hinu fræga liði Manchester United sem varð Evrópumeistari 1968. Í þessari mögnuðu mynd er ævi hans rakin en þrátt fyrir frægðarljómann var lífið George Best afar erfitt. Í einkalífinu gekk allt á afturfótunum og áfengisdrykkja hafði næstum gengið af honum dauðum. Aðalhlutverk: Ian Bannen, John Lynch, Ian Hart og Patsy Kensit. Leikstjóri: Mary McGuckian. 2000.

**23.25** Hnefaleikar **0.25** Hnefaleikar **2.00** Hnefaleikar

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.10** Concpiracy (Bönnuð börnum) **8.00** Little Secrets **10.00** The Long Run **12.00** The Elf Who Didn't Believe **14.00** Little Secrets **16.00** The Long Run **18.00** The Elf Who Didn't Believe **20.00** **Concpiracy** (Banaráð) Bönnuð börnum. **22.00** **The Rats** (Rottufaraldur) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** **High Crimes** (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** **Route 666** (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Rats (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Hottest Celebrity Bodies **13.00** 101 Hottest Celebrity Bodies **14.00** It's Good To Be **14.30** The Soup UK **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** High Price of Fame **22.00** Kill Reality **23.00** The Soup UK **23.30** The Anna Nicole Show **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Dr. 90210

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.00** Upphitun (e) **12.35** Liverpool – Wigan (b) **14.40** Á vellinum með Snorra Má (b) **15.00** Chelsea – Middlesbrough (b) **17.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **17.15** Man. Utd. – Portsmouth (b)

**19.30** **Spurningaþátturinn Spark (e)**
**20.00** **Bolton – Arsenal** Leikur frá því fyrr í dag.
**22.00** **Newcastle – Aston Villa** Leikur sem fór fram fyrr í dag.
**0.00** Spurningaþátturinn Spark (e) **0.30** Dagskrárlok


EIN ALLRA STÆRSTA BJÖRGUN ÍSLANDSSÖGUNNAR

LEYNDARMÁL AFHJÚPAÐ!

Lítil hersveit undir stjórn Einars Sigurðssonar bjargaði hátt í 200 sjóliðum eftir að kanadíski tundurspillirinn Skeena, strandaði við Viðey 25. október 1944.

Hér varpa einstakar frásagnir Kanadamanna og Íslendinga nýju ljósi á björgunar- og hermálasögu Íslands með lýsingu á einum örlagaríkasta atburði stríðsins hér á landi.

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið metsölubækur í áraraðir.




METSÖLU-LÍFSSTÍLSBÓK SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM KVENNA

KONU BÓKIN

Dr. Pamela Peeke lagaði aðferðirnar í Líkami fyrir lífið algjörlega að konum.

Fjallað er um aðferðir sem gera konum kleift að grennast og gjörbreyta líkamlegu ásigkomulagi sínu. Pamela útskýrir hvernig jafnvægið milli æfinga og næringar skiptir mestu. Á öllum aldri.

ÚTKALL
Sími 562 2600

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Það var lagið** Stöð 2 **kl. 20.35**

### *Söngkonurnar takast á*



***Sigga Beinteins syngur hjá Hemma í kvöld.***

Keppendur í þáttnum Það var lagið með Hemma Gunn í dag eru Evróvisjónsöngkonurnar Sigríður Beinteinsdóttir og Sigrún Eva Ármannsdóttir á móti systrunum Þórunni og Ingibjörgu Lárusdætrum. Það var lagið er einn vinsælasti þátturinn í íslensku sjónvarpi nú um mundur. Þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem söngurinn er í aðalhlutverki. Kynnir þáttarins, Hermann Gunnarsson, fær til sín þjóðþekkta einstaklinga sem fá að spreyta sig í söngkeppni. Í hverjum þætti keppa tvö lið að viðstöddum gestum í sal. Í báðum liðum eru píanóleikarar sem jafnframt gegna hlutverkið liðsstjóra; Pálmi Sigurhjartarson og Karl Olgeirsson. Fá þeir til liðs við sig í hverjum þætti tvo keppendur hvor. Hljómsveit hússins er Buff og höfundur spurninga Jón Ólafsson.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn

**12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmennaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e **16.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e. **22.00** Hádegisútvarpið e. **23.00** Bókmenntaþátturinn e.

**0.00** Úr skríni e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.55** Bæn **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Bókaþing **11.00** Í vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Púsl **14.40** Vítt og breitt **15.30** Með laugardagskaffinu **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.28** Í kvöld um kaffileytið **19.00** Ópera mánaðarins: The Midsummer Marriage **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturvörðurinn

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **13.00**

*Fréttir*

FRONTLINE

## NFS

**10.05** Sögur af fólki – með Helgu Völu Helgadóttur. **11.00** Helgin – með Eiríki Jónssyni.

**12.00** Hádegisfréttir/Fréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna/Skaftahlíð-Maður vikunnar ▶ **13.00** Frontline **13.45** Síðdegisdagskrá **18.00** Kvöldfréttir

**22.45** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.45** Nordic Combined Skiing: World Cup Trondheim **13.30** Field Hockey: Champions Trophy Canberra **14.30** Ski Jumping: World Cup Kuusamo **15.00** Ski Jumping: World Cup Trondheim **16.45** All sports: WATTS **17.00** Car Racing: the Race of Champions **18.00** Car Racing: the Race of Champions **20.00** Snowboard: Air & Style Munich **21.15** Alpine Skiing: World Cup Beaver Creek United States **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews report **22.45** Fight Sport: Fight Club.

**BBC PRIME**

**12.30** Passport to the Sun **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** Doctors **14.30** Doctors **15.00** My Hero **15.30** Yes Prime Minister **16.00** Top of the Pops **16.35** Top of the Pops 2 Specials **16.55** The Weakest Link **17.40** Strictly Come Dancing **18.40** Casualty **19.30** Strictly Come Dancing **20.00** What I Wish I'd Known When I Was 20 **20.30** Diana: The People's Princess **21.20** Complete Obsession – Body Dysmorphia **22.10** Top of the Pops **22.45** Top of the Pops 2 Specials **23.30** The League of Gentlemen **0.00** Meet the Ancestors

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Perfect Swarm **13.00** Megacities **14.00** Megastructures **15.00** When Expeditions Go Wrong **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Air Crash Investigation **19.00** The Day James Dean Died **20.00** The Young Lions **23.30** Battlefront **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Most Amazing Moments.

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Miami Animal Police **13.00** Natural World **14.00** The Natural World **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Big Cat Diary **16.30** Predator's Prey **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Britain's Worst Pet **18.30** Animal Planet at the Movies **19.00** Killer Ants **20.00** Wildlife Filmakers **21.00** The Death Zone **22.00** Seven Deadly Strikes **23.00** Natural World **0.00** Britain's Worst Pet

**DISCOVERY**

**12.05** The Greatest Ever **13.00** Journey to the Centre of the Earth **14.00** Ultimate Freedive **15.00** Bull Shark **16.00** Reel Race **17.00** Ray Mears' World of Survival **17.30** Ray Mears' World of Survival **18.00** Super Structures **19.00** Super Structures **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** 5th Gear **22.30** 5th Gear **23.00** Trauma **0.00** Body Spectacular

**MTV**

**12.00** Making the Video **12.30** Destiny's Child Weekend Music Mix **13.00** Making the Video **13.30** Diary of **14.00** Destiny's Child Weekend Music Mix **14.30** MTV Cribs **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** The Trip **18.00** European Top 20 **19.00** The Fabulous Life of **19.30** Cribs **20.00** Viva La Bam **20.30** Pimp My Ride **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** So '90s **0.00** Just See MTV **2.00** Chill Out Zone





## HRÓSIÐ

*...fær Thelma Ásdísardóttir, ljósberi ársins.*

## NÚNA + BÚIÐ ÷



**Fiskur og franskar** - Mesta furða hvað það er lítið framboð af þessu eðalfæði í landi fisksins. Kebab húsið á Lækjargötu er þó með fínastu útgáfu af þessum rétti.



**Kitsch-fatasmekkur** - Glingur, skærir litir, flegin föt og drasl. Hver sagði að Footballer's Wives lúkkið væri smart.

**„Trendy" veitingastaðir.** Almáttugur, reynið að virkja hugmyndaflugið og koma með eitthvað nýtt.





**Útreyktir barir** - Takið forskot á reykingabannið 2007 og upplifið hvað það er gott að sitja á reyklausum



**Klassískir tónleikar** - nú eru að koma jól. Setjið pönkið á hilluna og látið tónana færa ykkur á guðlegt plan.



**Stjörnulúkk fyrri áratuga** - nú eru jólaboðin í algleymingi og takið fram klassísku sparifötin. Klassi klikkar aldrei.



**LÁRÉTT** **2** listastefna **6** í röð **8** starfsgrein **9** að **11** ónefndur **12** yfirstéttar **14** hneisa **16** bardagi **17** stúlka **18** pípa **20** þys **21** innyfla.

**LÓÐRÉTT** **1** þraut **3** frá **4** ballerína **5** beita **7** stoppistöð **10** draup **13** hjör **15** drykkur **16** örn **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** dada, **6** áb, **8** fag, **9** til, **11** nn, **12** aðals, **14** skömm, **16** at, **17** mey, **18** rör, **20** ys, **21** iðra. **LÓÐRÉTT: 1** gáta, **3** af, **4** dansmey, **5** agn, **7** biðstöð, **10** lak, **13** löm, **15** mysa, **16** ari, **19** rr.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. Fyrir að reyna að smygla 400 grömmum af heróíni.
2. Lady Kristina.
3. Steaua Búkarest.

allt hús
Alla mánudaga

**JÓN SÆMUNDUR AUÐARSON:** ER EKKI SMEYKUR UM HAUSKÚPUNA SÍNA

# Málar portrett af Tarantino og leitar að nýju húsnæði

„Ég heyri alltaf öðru hvoru af þessu en þetta er bara heiður ef satt reynist," segir Jón Sæmundur Auðarson hjá Dead f um orðróm þess efnis að hugmyndum hans hafi verið stolið á erlendri grundu. Jón segir sögur um meintan þjófnað alltaf spretta upp öðru hvoru. Hann segir að ef einhver fótur er fyrir þessu sé það yfirleitt í litlu mæli að ekkert þýði að vera eltast við slíkt því málareksturinn svari ekki tilkostnaði. „Stundum sér fólk eitthvað með hauskúpu eitt augnablik og heldur að það sé stuldur á höfundarrétti," útskýrir hann en Jón Sæmundur er með einkaleyfi á sinni kúpu og er því greinilega ekkert stressaður. „Ég hef bara gaman af þessu," bætir hann við. „Ég er annars með Dauða - lögfræðing í New York þar sem þessar sögusagnir skjóta yfirleitt upp kollinum og ef þetta fer að verða í einhverju magni hef ég samband við hann," segir Jón og hlær enda er víst ekkert grín að lenda í klónum á þeim ágæta manni.

Jón Sæmundur hefur í nógu að snúast þessa dagana. Myndlistarsýning stendur yfir í Gallerí Box á Akureyri og hann er á fullu við að undirbúa portrett sýningu sem ráðgert er að opni árið 2007. „Ég hef verið að bjóða fólki inn af götunni í kaffi, taka af því myndir og mála það svo," segir Jón Sæmundur en meðal þekktra andlita má nefna bandaríska leikstjórann Quentin Tarantino en honum fannst alveg sjálfsagt að sitja fyrir.

Verslunin hefur verið vinsæl meðal fræga og fína fólksins sem sækja landið heim en Jón er sjálfur ekkert of upptekin af tíðum gestagangi þeirra. „Það er kannski létt hallærislegt að allir skuli koma hingað en ég get á hinn boginn nýtt mér myndir af þeim þegar ég er að reyna koma framleiðslunni á framfæri erlendis," segir hann en Jón er í útrásarhugleiðingum og er meðal annars með umboðsmann í Kaupmannahöfn sem og í Los Angeles og New York. Þá er hann að leggja lokahönd á nýja afurð sem er hans eigin útgáfa af sígildri heimilislist en Jón hyggst endurvekja gömlu útsaumuðu plattanna með orðunum „Drottinn Blessi Heimilið". „Þetta er gert með silkiprent á mdf - plötur með lakki og olíulit," útskýrir hann og telur þetta geta fært aukna hlýju inná heimili unga fólksins. „Annars er ég að leita að hentugra húsnæði þar sem ég get tengst myndlistinni enn frekar."

freygigja@frettabladid.is




**JÓN SÆMUNDUR** Með sína eigin útfærslu af gömlu útsaumuðu plöttunum sem orðin Drottinn Blessi Heimilið prýða. Þetta getur fært aukna hlýju inná heimili unga fólksins.

STÓR HUMAR
RISARÆKJUR
HÖRPUSKEL
TUNFISKUR
SALTSÍLD
KRYDDSÍLD
OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Góðu dagsverki komið til skila

Í kvöld klukkan átta lýkur tónleikaferð Írafárs um landið en þá verða lokatónleikar sveitarinnar í Austurbæ. Sveitin hóf hringferðina á Selfossi og eru tónleikarnir í kvöld þeir tíundu á tæpum mánuði. Þetta er ekki hefðbundin tónleikaferð því Írafár hefur verið í nánu samstarfi við Íslandsbanka en allur ágóði af aðgangseyrinum rennur til styrktar Einstakra Barna og í kvöld verður ávísun með upphæðinni afhent. „ Við vonumst til að hún nái að hljóða uppá meira en tvær milljónir," segir Vignir Snær Vigfússon, gítarleikari og aðallagasmiður Írafárs en miðað við gang mála í forsölu stefndi allt í það.

Vignir var mjög ánægður með hvernig til hafði tekist og sagði tónleikaferðina í raun hafa gengið vonum framar. „Það var ánægjulegt að sjá hversu duglegt fólk var að mæta til styrkja gott málefni og sjá tónleika," sagði hann. Það tekur töluvert mikið á fyrir hljómsveit að ferðast svona mikið um landið en Írafár hefur að mestu leyti farið ferða sinna í rútu sem gengur undir nafninu „Línerinn". „Þær eru vel útbúnar með kojum og öllum græjum þannig að maður getur sofið á leiðinni," segir Vignir sem gat þó ekki leynt ánægju sinni yfir að vera kominn heim í heiðarbólið.

Hljómsveitin er ekkert að fara leggjast í leti nú þegar hringferðinni er lokið því nú hefst sölusamkeppni jólanna fyrir alvöru. „Það þarf að árita plöturnar og spila á tónleikum þannig að helgarnar fara meira eða minna allar í þetta."

-fgg



**ÍRAFÁR** Hefur spilað á tíu tónleikum um land allt og afhendir Einstökum börnum afraksturinn af þeim.

REGATTA
GREAT OUTDOORS ™

# Nýtt kortatímabil



**Útivistarfatnaður**

**Sportfatnaður/skór**

**Skíða/Brettafatnaður**

**Gönguskór**

**Bakpokar ofl. ofl.**




**Opið**
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 18
sunnud. 13 - 17

**ÚTIVIST&SPORT**
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550
Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450
Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

Aðrir sölustaðir:
Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245.
Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400.
Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Ísland*

Í það heila finnst mér ágætt að búa á Íslandi. Það er fínn hiti í húsunum og náttúran er spennandi. Margt fólk er líka skemmtilegt þegar sá gállinn er á því. Kæruleysislegur kaldhæðnishúmor, sem er útbreiddur á meðal landans, heldur í manni lífinu í skammdeginu. Bíóhúsin eru orðin fín og sjónvarpið sæmilegt. Hægt að fara sómasamlega út að borða ef maður er í stuði og í leikhús. Sundlaugarnar koma líka alltaf sterkar inn. Misbrestirnir í efnahagslífinu eru eins og gerist og gengur. Við erum alla vega ekki að fara til andskotans á morgun. Á góðum degi bið ég ekki um meira.

**EN** svo gerist það stundum að einstaka atburðir verða í þjóðfélaginu sem fylla mig eins konar hryllingi yfir því hvurs lags endemis subbuþjóðfélag Ísland getur verið. Stundum finnst mér eins og dyr opnist og maður sjái eina örskotsstund inn á baksviðið þar sem ófrýnilegir púkar hlaupa um urrandi og slefandi og lögmál valdníðslu og hroka ráða ríkjum.

**MÉR** hefur alltaf fundist þetta bagalegt, því eins og ég segi, þá er Ísland í það heila ágætis land og því óþarfi að valdamiklir menn klúðri hlutunum baksviðs með ákvörðunum og fyrirskipunum sem oft virðast sprottnar af pirringi þeirra sjálfra og einkennast af litlum skilningi á grundvallarréttindum annarra.

**NÚ** ætla ég að nefna dæmi. Mér fannst til að mynda óþægilegt að vera Íslendingur þegar allir ferðamenn af asískum uppruna voru lokaðir inni í skóla á Suðurnesjum með lögregluvaldi á meðan forseti Kína heimsótti landið hér fyrir nokkrum árum. Mér fannst líka óþægilegt að vera Íslendingur þegar fregnir bárust af því síðasta sumar að mótmælendur gegn Kárahnjúkavirkjun væru hundeltir um landið af sérsveitum. Og núna fer um mig svipuð ónotatilfinning þegar viðbrögð við grunsemdum um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar um íslenska landhelgi eru annars vegar. Ráðamönnum virðist vera nokkurn veginn skítsama. Yppta bara öxlum.

**ÞETTA** er nefnilega mergurinn málsins. Þegar öllu er á botninn hvolft er virðingu fyrir mannréttindum og svona almennum grundvallarréttindum einstaklinga verulega ábótavant á Íslandi.

**ENN** eitt dæmið, frá því í þessari viku, sýnir mér svo ekki verður um villst að það er alveg sama hvað það er talað mikið um málfrelsi og þess háttar á tyllidögum hér á landi. Það er einfaldasta mál í heimi að brjóta gegn slíkum réttindum í subbuþjóðfélaginu. Var ekki ritstjóri Læknablaðsins rekinn í vikunni eftir áralangt óeigingjart og snurðulaust starf vegna þess að hann hafði leyft birtingu á grein annars manns um valdamikinn lækni og athafnamann hér í bæ? Sjálfstæði ritstjórna, málfrelsi og það allt fauk auðveldlega út um gluggann. Sá valdamikli skrifaði bara bréf og lét reka manninn. Einfalt mál. Þarna opnuðust dyr og maður sá púkana urra.


